




ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

**Guðmundur Pálason
Gunnar V. Johnsen
Helgi Torfason
Kristján Sæmundsson
Karl Ragnars
Guðmundur Ingi Haraldsson
Gísli Karel Halldórsson**

MAT Á JARÐVARMA ÍSLANDS

OS-85076/JHD-10

Reykjavík, september 1985



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknúmer : 590-020

**Guðmundur Pálason
Gunnar V. Johnsen
Helgi Torfason
Kristján Sæmundsson
Karl Ragnars
Guðmundur Ingi Haraldsson
Gísli Karel Halldórsson**

MAT Á JARÐVARMA ÍSLANDS

**OS-85076/JHD-10
Reykjavík, september 1985**

ÁGRIP

Nú um nokkurt skeið hefur verið unnið að mati á jarðvarma á Íslandi. Þetta mat er heildarmat, landsmat, á jarðvarma, sem þýðir að gengið hefur verið út frá afar einföldum forsendum og alhæfingum við alla útreikninga, sem matið byggir á.

I þessu mati er landinu skipt í tvö aðalsvæði, landssvæði innan gosbeltis og landssvæði utan þess, og þessum svæðum er síðan skipt í undirsvæði. Á hverju þessara svæða er varminn metinn með rúmmálsáðferð, þ.e.a.s. gengið er út frá einföldum forsendum um eðlisvarma og hita bergs og margfaldað með rúmmáli svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir neinni endurnýjun orkuforðans í svæðin við vinnslu.

Heildarmagn jarðvarma, jarðvarmaforði berggrunnsins, frá yfirborði og niður á 10 km dýpi er $1,2 \cdot 10^{24}$ J. Sá hluti þessa jarðvarma sem er ofan við 3 ja km dýpi, aðgengilegur jarðvarmaforði berggrunnsins, er um $0,1 \cdot 10^{24}$ J. Af öllum þessum jarðvarma er talið að ná megi um $3,5 \cdot 10^{21}$ J upp um borholur. Þessi jarðvarmi er nefndur teknilega vinnanlegur jarðvarmi.

Nokkrir viðaukar eru með skýrslunni og eru þeir að uppbyggingu tvenns konar. Annars vegar er fjallað nánar um forsendur, svo sem hitaástand undir landinu, mat á afköstum jarðhitasvæða og sýnt nánar hvernig reiknað er út afl svæða til raforkuvinnslu, og hins vegar er allftarleg tafla um alla þekkta lághitastaði á landinu og fjallað er í stuttu máli um öll þekkt og hugsanleg háhitasvæði.

EFNISYFIRLIT

bls.

ÁGRIP	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDASKRÁ	4
TÖFLUSKRÁ	5
1 INNGANGUR	7
2 AÐFERÐIR VIÐ JARÐVARMAMAT	9
3 FORSENDUR JARÐVARMATSINS	13
3.1 Varmaútreikningar	13
3.2 Svæðaskipting landsins	14
3.3 Eðlisvarmi bergs	16
3.4 Hiti berggrunnsins	17
3.5 Storknunarvarmi	20
3.6 Aðgengileiki	21
3.7 Varmahemptustuðull	21
3.8 Nýtni jarðvarma	22
3.8.1 Nýtni jarðvarma til almennra nota	22
3.8.2 Nýtni jarðvarma til raforkuvinnslu	22
4 NIÐURSTÓÐUR OG UMRÆÐA	24
4.1 Jarðvarmafordi berggrunnsins	24
4.2 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi	25
4.3 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi - Nýting í virkjun	25
4.4 Stöðugt náttúrlegt varmaflæði	27
ENGLISH SUMMARY	35
VIÐAUKI 1 Hitaástand berggrunnsins	37
VIÐAUKI 2 Mat á afköstum jarðhitasvæða	43
VIÐAUKI 3 Nýtni jarðvarma til raforkuvinnslu	53
VIÐAUKI 4 Lághitasvæði	59
VIÐAUKI 5 Háhitasvæði	97

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Uppbygging jarðvarmamatsins	10
2 McKelvey línurit	11
3 Svæðaskipting landsins	14
4 Háhitasvæði á Íslandi	15
5 Áætlaðir hitaferlar undir Íslandi	17
6 Suðumarksferill	19
7 Líkan af hitaástandi undir gosbelti	19
8 Samandregnar niðurstöður jarðvarmamatsins	27
V.1-1 Samantekt gagna um hitaástand undir Norð-Austurlandi.....	40
V.2-1 Rennsli um sprungu í jarðhitakerfi	45
V.2-2 Varmavinnsla úr bergi á 50 árum.....	47
V.2-3 Rennsli gegnum gropið berg	48
V.2-4 Gufuvinnsla úr holum í bergi.....	49
V.3-1 Ferill orkunnar í raforkuvinnslu	56
V.3-2 Fræðileg nýtni jarðvarma til raforkuvinnslu	56
V.4-1 Náttúrlegt rennsli lághitasvæða eftir hita	61
V.4-2 Varmaafl lághitasvæða, yfir 15°C	63
V.4-3 Varmaafl lághitasvæða, yfir 40°C	63
V.5-1 Háhitasvæði á Íslandi.....	100
V.5-2 Staða rannsókna á háhitasvæðum á Íslandi í maí 1985...	101

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Heildarnýtni, η_w , varmaforða til raforkuvinnslu við ákveðna varmaheimtu, R, og nýtni varmans úr borholu til raforkuvinnslu	23
2 Varmaflæði með leiðni	28
3 Jarðvarmaforði berggrunnsins	29
4 Aðgengilegur jarðvarmaforði berggrunnsins, 0-3 km, sundurliðaður eftir hita	30
5 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi við holutopp	31
6 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi, nýting í virkjun	32
V.2-1 Afköst jarðhitasvæðis við vatnsvinnslu úr sprungnu bergi	47
V.2-2 Afköst jarðhitasvæðis við vatnsvinnslu úr gropnu bergi	49
V.2-3 Afköst jarðhitasvæðis við gufuvinnslu úr holum í bergi	51
V.3-1 Heildarnýtni varmaforða háhitasvæða til raforkuvinnslu miðað við kosti A og B	57
V.4-1 Rennsli og varmaafl hitalinda á lághitasvæðum	64
V.4-2 Skrá yfir lághita á Íslandi	65
V.5-1 Skrá yfir borholur á Reykjanesi	103
V.5-2 Skrá yfir borholur í Svartsengi og Eldvörpum	104
V.5-3 Skrá yfir borholur í Krísuvík	106
V.5-4 Skrá yfir borholur á Henglssvæðinu	109
V.5-5 Skrá yfir borholur í Námafjalli	118
V.5-6 Skrá yfir borholur í Kröflu	120

1 INNGANGUR

Jarðhitinn er önnur meginorkulind okkar Íslendinga, og leggur nú til um 1/3 af þeirri orku, sem þjóðin notar. Þrátt fyrir augljóst mikilvægi jarðhitans í orkubúskap þjóðarinnar verður að játa að þekking okkar á stærð þessarar orkulindar er enn harla ófullkominn. Veldur þar mestu um sú staðreynd, að orkulindin er nedanjarðar og því ekki eins aðgengileg til mælinga og t.d. fallvötnin. Síthvað hefur þó áunnist í þekkingaröflun á liðnum árum í tengslum við vaxandi nýtingu jarðhitans, og er því tímabært orðið að reyna að bæta fyrri áætlanir á þessu svíði.

Fyrstu tilraun til að meta orkugetu jarðhitasvæðanna hér á landi gerði Gunnar Böðvarsson fyrir tæpum 30 árum (Gunnar Böðvarsson, 1956). Á þeim tíma voru dýpstu borholur landsins aðeins 7-800 m og til muna grynnri á háhitasvæðunum. Mælst hafði 230°C hiti á 220 m dýpi á háhitasvæði, en lítið var vitað um rennsliseiginleika bergsins eða hversu djúpt vatnshringrás náði. Gunnar gerði sér ljósa grein fyrir mikilvægi varmaforðans í heitu bergi undir háhitasvæðunum. Hann áætlaði, að á níu af tólf háhitasvæðum landsins, eins og fjöldi þeirra var þá áætlaður, væri vinnanleg raforka um 17000 MWár og hið stöðuga náttúrlega varmaafl svaraði til um 300 MW rafafls. Ekki liggja ljósar fyrir allar forsendur þessa mats, en svo virðist sem reiknað sé með nýtingu á varmainnihaldi bergsins niður á um 2 km dýpi. Í síðari greinum (Gunnar Böðvarsson, 1962, 1970) áætlar Gunnar að á háhitasvæði megi vinna raforku sem svarar til um 100 MW/km², eða 1 MW/km² í 100 ár, og er þá gert ráð fyrir að nýta megi varma bergsins niður á um 2 km dýpi.

A síðari árum hefur talsvert verið gert af því að reyna að meta (áætla) orku jarðhitasvæða einkum í löndum þar sem jarðhitanyting á sér orðið alllanga sögu eins og á Ítalíu og í Bandaríkjum. Hefur þá gjarnan verið stuðst við aðferðir og hugtök sem um langan aldur hafa verið notuð í námaíðnaðinum og olíuíðnaðinum til að meta magn verðmætra jarðefna í berggrunnum á ýmsum svæðum. Nauðsynlegt er þó að taka tillit til þess að jarðhitinn hefur sín sérkenni og aðlaga þarf aðferðir námaíðnaðarins þeim.

I því mati, sem hér er sett fram, er gerð tilraun til að meta varma, ekki einungis háhitasvæða, heldur undir öllu landinu, frá yfirborði og niður á 10 km dýpi. Sú aðferð, sem notuð er, byggist í fyrsta lagi á því að áætla þann varma sem fyrir hendi er í jarðhitasvæði út frá rúmmáli og hita. Í öðru lagi er þessum varma skipt í tvennt, með því að gera ráð fyrir að hægt sé að ná upp á yfirborð varma úr öðrum hlutanum, en ekki hinum. I þriðja lagi er áætlað hversu stórum hluta varmans megi ná upp á yfirborð með vatni gegnum borholur. Aðferðin er afar einföld miðað við þar forsendur sem gefnar eru. Sá galli fylgir þó aðferð þessari að hún segir ekkert til um afl svæðanna, þ.e. hversu hratt megi vinna varma úr svæðunum, þar sem fyrst og fremst er litid á jarðhitasvæðin sem varmageyma (námu) sem endurnýjast ekki.

Vert er að hafa í huga, þegar mat á jarðvarma er skoðað, að jarðhitafreði er fremur ný grein. Það er fyrst á síðustu árum sem verulegur skriður fer að komast á jarðhitarannsóknir. Þessi stóraukni áhugi stafar einkum af því, að olíuforði heimsins er ekki ótakmarkaður og

auk þess fer fjarri að þeim olíuforða sem fyrir hendi er sé jafnt dreift. Verð á olíuvörum hefur margfaldast á síðustu árum og á það verulegan þátt í því að rannsóknir á öðrum orkugjöfum, sem áður voru taldir óhagkvæmir, verða hugsanlega hagkvæmir fljótlega.

2 AÐFERÐIR VIÐ JARÐVARMAMAT

þrátt fyrir augljóst mikilvægi jarðvarma í orkubúskáð þjóðarinnar er mat á stærð hans ýmsum erfiðleikum undirorpíð. Veldur hér mestu um, að orkulindin er neðanjarðar og því ekki eins auðvelt að koma við beinum mælingum, eins og t.d. í tengslum við fallvötnin.

Margir þættir hafa áhrif á mat á magni jarðvarma og hugsanlegum nýtingarmöguleikum hans. Má þar nefna:

- 1) Jarð-, eðlis-, efna- og jarðeðlisfræðilegir þættir: Til þessa flokks teljast meðal annars gerð bergs, lagskipting, sprungur og gangar, dreifing hita og eðlisvarmi bergs, varmaleiðni, groppa (poruhlut, holurými), lekt, streymi og fasi (gufa eða vatn) í jarðhitageymi, dýpi niður á jarðhitakerfið og afmörkun þess o.fl.
- 2) Tæknilegir þættir: T.d. bortækni, vinnsla varma úr jarðhitavökva, varmaheimta úr varmageymi, nýtni í virkjunum, tegund virkjunar, niðurdæling í jarðhitakerfi.
- 3) Almennir þættir: T.d. lagaákvæði um notkun, vinnslu og eignarrétt, möguleikar á þróun annarrar tækni, orkustefna stjórnvalda, umhverfisleg takmörkun o.fl.

Margir þessara þátta eru þess eðlis að erfitt eða ógjörlegt er að meta þá nema með mjög viðtækum rannsóknum, borunum og jafnvel margra ára prófunum. Það er því nokkuð ljóst að flokka má mat á jarðvarma í mismunandi gerðir eftir eðli þeirra athugana eða rannsókna sem það byggir á.

Bannig má gera greinarmun á svæðisbundnu eða staðbundnu mati annars vegar (Hengill, Svartsengi) og landsmati hins vegar (mati á stóru landsvæði). Svæðis- eða staðbundið mat þarf að þjóna sem undirstaða ákvörðunar um fjárfestingu og skipulagningu. Slikt mat þarf að gefa nákvæmar upplýsingar um viðkomandi svæði og aðstæður í viðkomandi jarðhitakerfi.

I landsmati hins vegar er verið að meta jarðvarma á stóru landssvæði. Vegna mjög takmarkaðra upplýsinga um stóra hluta landssvæðisins er gripið til þess ráðs að alhæfa og einfalda mjög allar forsendur. Það mat sem hér er sett fram er dæmi um landsmat.

Þar til fyrir fáeinum árum byggðist mat á afli jarðhitasvæða sem voru á rannsóknastigi yfirleitt á samanburði við önnur nýtt svæði sem þóttu svipuð. Slikt mat gat passað sæmilega ef svæðin voru jarðfræðilega svipuð að uppbyggingu en gat jafnframt gefið alranga mynd ef svo var ekki. Á síðustu 10 árum hafa þróast aðferðir til að meta jarðvarma á áreiðanlegri hátt en hægt var með samanburði við önnur svæði. Helstu aðferðir sem notaðar eru við mat á jarðvarma eru:


1. Athugunanir á varmaflæði til yfirborðs jarðar
2. Rúmmálsáðferðir
3. Athugun á streymi milli sprunguflata
4. Athugun á kóljunum kvíkuinniskota.

Af þessum aðferðum eru rúmmálsaðferðirnar yfirleitt taldar einfaldastar og auðveldastar í framkvæmd. Um varmaflædi til yfirborðs og kólnun kvíkuinniskota er lítillega fjallað í grein 4.4 og um streymi milli sprunguflata í viðauka 2.

I júní 1975 tók til starfa samstarfsnefnd Itala og Bandaríkjumanna (ENEL/ERDA) um jarðhitamál. Eitt af markmiðum nefndarinnar var að reyna að samræma þær aðferðir og þá framsetningu sem hafa mætti við mat á jarðvarma. Þetta var meðal annars gert til þess að mat á jarðvarma í ýmsum löndum verði sambærilegt. Arangur þessa samstarfs hefur verið birtur í grein eftir Muffler og Cataldi (P. Muffler og R. Cataldi, 1977, 1978). Við gerð þess mats á jarðvarma, sem hér er sett fram hefur verið höfð hliðsjón af árangri þeirra.

Aðferðin, sem notuð er í þessu jarðvarmamati, er ein af rúmmáls-aðferðunum. Hún byggist á því að áætla, út frá rúmmáli og hita, það varmamagn sem fyrir hendi er undir ákveðnu landssvæði (jarðhitasvæði) og síðan hversu miklum hluta þess mætti ná upp til notkunar.

Megindrættir þessarar framsetningar eru sýndir í mynd 1. Heildarmagn þess varmaforða sem í bergenú er niður á dýpi, sem valið hefur verið 10 km, er nefndur jarðvarmaforði berggrunnsins. Hugtakið jarðvarmaforði (geothermal resource base) höfðar til hinnar almennu skilgreiningar, sem þekkt er úr námaíðnaðinum, þ.e. allt magn ákveðins efnis í jörðu, hvort sem dreifing þess er þekkt eður ei og án tillits til kostnaðar við vinnslu þess. Jarðvarmaforði berggrunnsins telst þannig öll varmaorka yfir meðalárshita yfirborðs undir tilteknu svæði og niður á 10 km dýpi.




MYND 1 Uppbygging jarðvarmamatsins

Adeins hluti jarðvarmafordans er talinn aðgengilegur til vinnslu, t.d. vegna dýpis og vatnsgengni berglaga. Jarðvarmaforðanum er því skipt í aðgengilegan hluta og óaðgengilegan hluta. Mörkin milli þessara hluta eru sett við 3 km dýpi.

Aðgengilegum jardvarma er skipt í tæknilega vinnanlegan hluta og leifð. Tæknilega vinnanlegur jardvarmi er sá hluti jarðvarmans sem talið er að hægt sé að nýta við aðstæður sem kunna að verða fyrir hendi á einhverjum tilteknum tíma í framtíðinni. Tæknilega vinnanlegur jardvarmi er fenginn með því að margfalda aðgengilegan jarðvarma með tveimur stuðlum, varmaheimtu (sjá 3.7) og aðgengileika (sjá 3.6).

Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi skiptist síðan í hagkvæman og óhagkvæman hluta. Hagkvæmur jarðvarmi er samkeppnisfær við aðrar orkulindir á hverjum tíma. Ekki er fjallað nánar um hagkvæmni jarðvarma, þótt í sumum forsendum séu hagkvæmnissjónarmið óbeint innifalinn.

Auk þessarar skiptingar er aðgengilegum jarðvarma oft skipt í þekktan hluta og óþekktan. Með þekktum hluta er þá átt við að búið sé að sanna tilvist jarðhita með borunum eða eftir öðrum leiðum. Slika skiptingu jarðhitans má þá sýna með McKelvey mynd (McKelvey, 1972; U.S. Geol. Survey, 1976), mynd 2. A henni sýnir lóðrétti ásinn eins konar hagkvænni en lárétti ásinn stöðu þekkingar.



MYND 2 McKelvey línurit

Astæða er til að leggja ríka áherslu á það að þetta er landsmat á jarðvarma, sem eins og fram hefur komið þýðir, að gerðar eru alhæfingar og einfaldanir um forsendur matsins. Aðferðin sjálf er þess edlis, að jarðvarminn er metinn sem endanlegur orkufordi (náma), sem eyðist þegar af er tekið. Ekki er gert ráð fyrir neinni endurnýjun orkufordans. Þessi aðferð segir því ekkert til um afl svæða, en það verður í raun fyrst fundið með borunum og rennslisprófunum á hverju svæði.

3 FORSENDUR JARÐVARMAMATSINS

3.1 Varmaútreikningar

Þeir útreikningar sem hér eru settir fram byggjast á einu af mörgum afbrigðum áðurnefndrar "rúmmálsadferðar", en þar er rúmmál bergsins, eðlisvarmi og hitaástand þess lagt til grundvallar. Við útreikninga á jarðvarmaforda berggrunnsins er notuð líkining:

$$Q = \sum A_j \int_0^{z_0} c (T - T_0) dz$$

þar sem:

A_j: flatarmál svæðis "j"
c : eðlisvarmi á rúmmálseiningu
T : hiti
T₀: meðalhiti við yfirborð
z : dýpi
z₀: neðri dýptarmörk varmageymis

Líkiningin gefur varmaforda berggrunnsins niður á dýpi z. Auk þessa varma er gert ráð fyrir því að í dýpstu jarðlögum á heitustu svæðunum sé berg bráðið eða hlutbráðið og kemur því storknunarvarmi, Q_s, til viðbótar, þ.e.a.s.

$$Q_{\text{alls}} = Q + Q_s$$

Við mat á varmaforda berggrunnsins er landinu skipt niður í tvö aðalsvæði og þeim aftur í minni svæði (sjá 3.2). Á hverju þessara svæða er gert ráð fyrir að eðlisvarmi og hiti breytist með dýpi þ.e.a.s. c = c(z) og T = T(z).

Niðurstæða þessa jarðvarmamats er magn tæknilega vinnanlegs jarðvarma Q_{TV}, sem er fengin með því að margfalda varmaforda berggrunnsins innan 3 ja km dýpis með tveimur stuðlum. Þessir stuðlar eru aðgengileiki, A, sem er hlutfallið milli aðgengilegs flatarmáls og heildarflatarmáls svæðis og varmaheimtustuðull, V, hlutfallið milli þess varma sem hægt er að ná upp um borholur og heildarvarma jarðhitageymisins, þ.e.a.s.

$$Q_{TV} = A \cdot V \cdot Q_{\text{alls}}$$


Að lokum er gerð tilraun til að meta hvernig nota megi þennan varma með því að skipta honum í flokka eftir hita og innleiða nýtnistuðla, η, sem margfaldast við varma við holutopp. Eiginlegur nýttur varmi, Q_N, í hverjum hitaflokki, er þannig:

$$Q_N = \eta \cdot Q_{TV}$$

Þær breytistærðir, sem hér er notast við eru ekki eða illa þekktar víðast hvar á landinu, þannig að grípa verður til mjög viðtækra alhæfinga um þær. Til að gera sér grein fyrir takmörkunum þessara breytistærða er rétt að líta á hverja fyrir sig.

3.2 Svæðaskipting landsins

Við mat á jarðvarma undir Íslandi hefur landinu verið skipt í tvö aðalsvæði, landsvæði innan gosbeltisins annars vegar og utan gosbeltis hins vegar. Svæðinu utan gosbeltisins er aftur skipt í nokkur svæði, sjá mynd 3.



MYND 3 Svæðaskipting landsins

GOSBELTIÐ


Gosbelti er það landsvæði, þar sem einhver eldvirkni og skorpuhreyfingar hafa verið á nútíma, þ.e. eftir síðustu ísöld eða u.p.b. síðustu 10.000 árin. Þegar rætt er um gosbelti í þessari skýrslu er einungis átt við gos- og gliðnunarbelti landsins, þ.e.a.s. eystra og vestra gosbeltið en ekki Snæfellsnesgosbeltið. Eldvirknin og skorpuhreyfingar á Snæfellsnesi eru með örðu sniði en í gliðnunarbeltunum, enda eru þar engin háhitasvæði. Heildarflatarmál gosbeltisins er áætlað um 32.000 km² og er því skipt í virk svæði og óvirk svæði.

Virk svæði: Gosbeltið einkennist af virkum sprungusveimum og verða eldgos og jarðhræringar tíðum innan þeirra. Talið er að gliðnun landsins sé nálgæt 1 cm á ári til hvorrar áttar út frá gosbeltinu. Sumir þessara sprungusveima eru virkari en aðrir í þeim skilningi að hiti á tiltölulega litlu dýpi er hærri en á landssvæðum umhverfis. Að vissum svæðum innan virku svæðanna á vatn greiðan aðgang niður um bergið og nær að komast í samband við hraunkviku. Við það hitnar

vatnið og leitar upp. A slíkum svæðum, háhitasvæðum, kemur jarðhiti yfirleitt fram á yfirborði jardar. Annars staðar á gosbeltunum (utan háhitasvæðanna) er gert ráð fyrir því að hiti sé fremur lágur í efsta km jarðskorpunnar.

Sú skoðun á vaxandi fylgi að fagna að sum háhitasvæðanna geti á einn eða annan hátt verið samtengd. Slík samtenging gæti átt sér stað gegnum sprungu- og gliðnunarsveimana en háhitasvæðin eru nær öll í sprungusveimum. Samtenging háhitasvæða virðist einna líklegust á Reykjanesi en þar er þekkt jarðskjálftabelti sem nær frá Reykjanes-háhitasvæðinu (Talvani o.fl., 1971; Klein o.fl., 1973, 1977) og austur í Krísuvík. Virku svæðin má því líta á sem samtengingu milli háhitasvæðanna, þ.e. raunverulega aukningu flatarmáls þeirra á 2-4 km dýpi. Starð virka hluta gosbeltisins er áætluð hér sem 5 km breitt belti eftir endilöngum gosbeltunum (heildarlengd um 550 km) og er flatarmál þess því um 2750 km².

Háhitasvæði: Með háhitasvæði er átt við jarðhitasvæði þar sem 200°C hiti finnst ofan 1000 m dýpis. A sex svæðum hefur slíkur hiti verið mældur í borholum. Auk þess eru hátt á 3 ja tug svæða, sem ætla má að séu háhitasvæði, en úr því verður ekki endanlega skorið nema með borunum, þótt efnafraði gufu og vatns á mörgum þessara staða bendi sterkelega til háhita. Mynd 4 sýnir legu þessara svæða. Í töflu 3 eru nafngreind 28 svæði sem af ýmsum ástæðum, jarðfræðilegum og/eða jarðeðlisfræðilegum, eru talin geta verið háhitasvæði. Fremur lítið er þó vitað um síðustu 9 svæðin (óviss háhitasvæði). Áætluð starð háhitasvæðanna er einnig sýnd í töflu 3, heildarflatarmál þeirra er um 600 km².



MYND 4 Háhitasvæði á Íslandi

Övirk svæði: Meginhluti gosbeltisins er utan hinna virku svæða eins og þau eru skilgreind hér að framan. Þessi jáðarsvæði eru hér nefnd óvirk svæði og er flatarmál þeirra um 29250 km^2 ($32000-2750 \text{ km}^2$).

LANDSVÆÐI UTAN GOSBELTIS

Landinu utan gosbeltisins er skipt í 6 svæði, sjá mynd 3. Þessi svæðaskipting byggir á mældum hitastigli í borholum víða um land. A þessum svæðum eru öll þekkt lághitasvæði, en þau eru öll jarðhitasvæði, sem ekki falla undir háhitasvæði. Heildarflatarmál landssvæða utan gosbeltisins er um 71000 km^2 , sem sundurliðast þannig:

Vesturland: Svæðið nær að mestu yfir miðhluta Vesturlands og afmarkast að austan og sunnan af vestara gosbeltinu. Til norðurs nær svæðið yfir innsveitir Borgarfjarðar. Áætluð stærð svæðisins er um 5300 km^2 . Áætlaður meðalhitastigull svæðisins er $140^{\circ}\text{C}/\text{km}$.

Suðurland: Suðurland nær yfir landsvæðið milli vestra og eystra gosbeltisins. Áætlaður meðalhitastigull svæðisins er $110^{\circ}\text{C}/\text{km}$, og flatarmál þessa svæðis er einnig um 5300 km^2 .

Breiðafjörður: Við Breiðafjörð er hitastigull hærri en á nærliggjandi landsvæðum. Talið er að meginhluti svæðisins sé undir sjó, en á landi er flatarmál þess áætlað 1400 km^2 . Meðalhitastigull svæðisins er $100^{\circ}\text{C}/\text{km}$.

Norðurland: Þetta svæði nær yfir miðhluta og vesturhluta Norðurlands, vestan og norðan gosbeltisins. Áætluð stærð svæðisins er um 22000 km^2 og meðalhitastigull er áætlaður $70^{\circ}\text{C}/\text{km}$.

Austurland og Vestfirðir: Stærð þessara svæða er áætlað samtals 37000 km^2 og meðalhitastigull $60^{\circ}\text{C}/\text{km}$. Lítil jarðhiti er á yfirborði á Austfjardasvæðinu en nokkru meiri á Vestfjörðum.

3.3 Eðlisvarmi bergs

Eðlisvarma á rúmmálseiningu má skrifa sem:

$$c = \sum_j s_j \alpha_j \rho_j$$

Hér er

- s_j : eðlisvarmi efnis j
 α_j : rúmmálshlutfall efnis j
 ρ_j : eðlismassi efnis j

og við gerum ráð fyrir:

- að engin eiginleg lagskipting eigi sér stað. Þar sem meta á annars vegar varma á $0-3 \text{ km}$ dýpi og hins vegar á $3-10 \text{ km}$ dýpi þykir eðlilegt að gera greinarmun á þessum dýptarbilum. Það er m.a. gert með því að gera ráð fyrir vökv í bergi allt niður í $3 \text{ ja } 4 \text{ km}$ dýpi en burru bergi þar fyrir neðan.
- að basalt sé meginuppistaða í bergi undir landinu og að eðlisvarmi (s) og eðlismassi (ρ) þess sé:

$$s = 0,88 \text{ kJ/kg}^{\circ}\text{C}$$
$$\rho = 3,0 \cdot 10^3 \text{ kg/m}^3$$

3. að meðalgroppa bergs á 0-3 km dýpi sé 10% en 0% þar fyrir neðan og að vatn hafi eðlisvarma s = $4,19 \text{ kJ/kg}^{\circ}\text{C}$ og eðlismassa = $1,0 \cdot 10^3 \text{ kg/m}^3$.

Með þessum nálgunum er eðlisvarmi á rúmmálseiningu, c, orðinn að fasta á hvoru dýptarbílinu fyrir sig. Þessi fasti verður:

$$c_{0-3\text{km}} = (0,88 \cdot 0,9 \cdot 3,0 \cdot 10^3 + 4,19 \cdot 0,1 \cdot 10^3) \text{ kJ/m}^3 \text{ }^{\circ}\text{C} = 2,8 \cdot 10^{15} \text{ J/km}^3 \text{ }^{\circ}\text{C}$$


og

$$c_{3-10\text{km}} = (0,88 \cdot 1 \cdot 3,0 \cdot 10^3) \text{ kJ/m}^3 \text{ }^{\circ}\text{C} = 2,6 \cdot 10^{15} \text{ J/km}^3 \text{ }^{\circ}\text{C}$$

Bekking okkar á þeim breytistærðum sem notaðar eru við útreikninga á eðlisvarma á rúmmálseiningu er ekki það góð að hún gefi tilefni til að nota annað í varmaútreikningum en fyrrgreind meðalgildi fyrir allt landið.

3.4 Hiti berggrunnsins

Þegar meta á hitaástand undir landinu, þ.e. hita sem fall dýpis, frá yfirborði og niður á 10 km dýpi er vert að hafa í huga að dýpstu borholur á landinu eru einungis um 3 km djúpar. Á víðáttumíklum landsvæðum, t.d. á Austurlandi, miðhálendinu og Suðausturlandi, hefur lítið sem ekkert verið borað annað en fáeinhar tiltölulega grunnar holur. Það er því augljóst að einnig hér verður að grípa til nokkurra alhæfinga um hitaástand undir landinu. Aðtlaðir hitaferlar, sem stuðst er við í þessu jarðvarmamati, eru sýndir á mynd 5.



MYND 5 Aðtlaðir hitaferlar undir Íslandi

Eins og áður er getið hefur landinu verið skipt í tvö meginsvæði, landsvæði innan gosbeltisins og landsvæði utan gosbeltisins. Á landsvæðum innan gosbeltisins er gert ráð fyrir því að heitast sé á háhitasvæðum. Lögun hitaferla frá hitamælingum í borholum á nokkrum háhitasvæðum gefur tilefni til að ætla að hitaferlar háhitasvæða hafi svipaða lögum og suðumarksferill niður á 3 km dýpi, en suðumarksferill er hitaferill er sýnir breytingu á suðumarki með þrýstingi (dýpi). Gert er ráð fyrir því að hiti háhitasvæða sé ákveðið hlutfall af suðumarksferli, $T_s(z)$.

Eins og áður segir hefur einungis verið borað á nokkrum háhitasvæðum, nánar tilgreint 6 af þeim 28, sem talid er líklegt að séu í gosbeltinu. Að premur þessara svæða, Kröflu, Námafjalli og Reykjanesi, sýna mældir hitaferlar í borholum að hiti þessara svæða fellur nærri suðumarksferli. Hér verður gert ráð fyrir að hiti þessara svæða fylgi ferli sem er 90% af suðumarksferli í $^{\circ}\text{C}$, þ.e. hitinn er 90% af þeim hita sem hann ætti að vera samkvæmt suðumarksferli. Í Svartsengi er þetta hlutfall 80% og eins á Hengilssvæðinu, en innan þess svæðis hefur verið borað á tveimur aðskildum vinnslusvæðum: á Nesjavöllum (90%) og Hveragerði (70%). Í Krísuvík er gert ráð fyrir að þetta hlutfall sé 70%. Gert er ráð fyrir að á meðalháhitasvæði sé hiti 80% af suðumarksferli og er sú tala einnig notuð við öll önnur þekkt og hugsanleg háhitasvæði er talin voru upp hér á undan. Við útreikninga á varmaforda háhitasvæða er stuðst við líkinguna:

$$T = X T_s(z) = X 69,56 z^{0,2085}$$

hér er:

X: hlutfall af suðumarksferli
z: dýpi í m

og


$T_s(z)$ verður þá hiti í $^{\circ}\text{C}$.

Líkingin fyrir $T_s(z)$ er nálgun kennið við Russel James (1970), sjá mynd 6, sem gildir fyrir dýpi frá 30 m og niður í 3050 m.


Að öðrum svæðum innan gosbeltisins (þ.e. utan háhitasvæðanna) er gert ráð fyrir því að efsti km jarðskorunnar sé fremur kaldur. Þetta stafar einkum af því að þessi svæði eru jarðfræðilega ung, tiltölulega mikil sprungin og yfirleitt lítið holufyllt. Þessi svæði eru því gropin og gera má ráð fyrir að grunnvatn eigi greiðan aðgang um þau öll. Við gerum ráð fyrir því að hitastigull þessara svæða sé $60^{\circ}\text{C}/\text{km}$. Neðan 1 km dýpis eru virk og óvirk svæði gosbeltisins með höndluð sérstaklega.

Að virkum svæðum (utan háhitasvæðanna) er gert ráð fyrir að þegar verulegra áhrifa grunnvatns hætti að gæta á dýpi sem hér er sett 1 km, vaxi hiti mjög örт og verði svipaður og á háhitasvæðum á 2 km dýpi og þar fyrir neðan. Hitastigull verður þannig $200^{\circ}\text{C}/\text{km}$ milli 1 og 2 km dýpis en $30^{\circ}\text{C}/\text{km}$ milli 2 og 3 km dýpis (sjá mynd 5).

Að óvirkum svæðum gosbeltisins er á svipaðan hátt gert ráð fyrir því að hiti vaxi örт er áhrifa grunnvatns hættir að gæta. Við gerum ráð fyrir því að hiti vaxi línulega milli 1 og 3 km dýpis, þannig að hiti á 3 km dýpi sé heldur minni en á háhitasvæðum. Hitastigull á þessu dýptarbili er áætlaður $110^{\circ}\text{C}/\text{km}$.



MYND 6 Suðumarksferill



MYND 7 Líkan af hitaástandi undir gosbelti

Pekking á hitaástandi frá 3 km og niður á 10 km dýpi er fremur óljós. Með hliðsjón af gosbeltislíkani Guðmundar Pálasonar (Guðmundur Pálason, 1981) og rafleiðnimælingum (Beblo og Axel Björnsson, 1978, 1980), sjá mynd 7, er þó gert ráð fyrir því að hiti vaxi mjög örт á virkum svæðum og nái um 1200°C á 7 km dýpi (hitastigull $230^{\circ}\text{C}/\text{km}$) og hækki ekki úr því, en á óvirkum svæðum er gert ráð fyrir að um það bil sami hiti sé á 10 km dýpi (hitastigull $130^{\circ}\text{C}/\text{km}$).

Vissulega lenda þessar alhæfingar um hitaástand í gosbeltinu í andstöðu við betri pekkingu á mjög takmörkuðum svæðum; t.d. er kvíkuhólf talið vera á 3-7 km dýpi undir Kröfluöskju (Páll Einarsson 1978). Slíkt staðbundið ástand verður hinsvegar ekki heimfært á gosbeltið í heild.

A landsvæðum utan gosbeltisins er hitaástandi efsta kilómetra jarðskorunnar lýst með meðalhitastigli fyrir hvert svæði fyrir sig. Þessi meðalhitastigull er meðaltal af mældum hitastigli í borholum viða um land. Fáar borholur eru dýpri en 1 km bannig að í dýpri jarðlöögum og allt niður á 10 km dýpi er raunveruleg pekking á hitaástandinu næsta lítil. Við mat á efri mörkum hita á þessum landsvæðum og á þessu dýptarbili er stuðst við fyrrgreint gosbeltisíkán og rafleiðnimælingar. Aætlaðir hitaferlar á hinum ýmsu svæðum verða þá:

Austurland og Vestfirðir: Aætlaður meðalhitastigull þessara svæða er $60^{\circ}\text{C}/\text{km}$. Þessi hitastigull er láttinn haldast óbreyttur niður á 10 km dýpi.

Nordurland: Aætlaður meðalhitastigull á Nordurlandi er $70^{\circ}\text{C}/\text{km}$ og er hann einnig láttinn haldast óbreyttur niður á 10 km dýpi.

Við Breiðafjörð er þessi áætlaði meðalhitastigull $100^{\circ}\text{C}/\text{km}$, $110^{\circ}\text{C}/\text{km}$ á Suðurlandi og $140^{\circ}\text{C}/\text{km}$ á Vesturlandi allt frá yfirborði og niður á 1 km dýpi. Pekking á hitaástandi í dýpri jarðlöögum er tæpast það mikil að hægt sé að sundurgreina þessi svæði hvað hita varðar. Milli 1-3 km dýpis er hitastigull þessara svæða valinn bannig að öll hafi þau náð sama hita á 3 km dýpi (u.p.b. 265°C). Þessi hiti er heldur minni en á hinum óvirka hluta gosbeltisins (285°C). Gert er ráð fyrir því að á 10 km dýpi hafi öll þessi svæði náð um 900°C hita. Hitastigull er því um $90^{\circ}\text{C}/\text{km}$ frá 3 km og niður á 10 km dýpi. Aætlaðir hitaferlar á hinum ýmsu svæðum landsins eru sýndir á mynd 5.

Varmaútreikningar eru miðaðir við meðalhita umhverfisins. Samkvæmt skýrslum Veðurstofu Íslands (Hagstofa Íslands 1974) er meðalhiti 1930-60 breytilegur eftir landshlutum, t.d. er hann $5,0^{\circ}\text{C}$ í Reykjavík og $3,9^{\circ}\text{C}$ á Akureyri. Breytileiki meðalhitans er lítill og skiptir ekki máli í því sambandi sem hér um ræðir. Sú einföldun er því gerð að meðalhiti á landinu öllu sé $+5,0^{\circ}\text{C}$.

3.5 Storknunarvarmi

I dýpstu jarðlöögum á heitstu landsvæðunum er hiti slíkur að gera verður ráð fyrir að berg sé bráðið að hluta til eða að fullu. Varma-taka úr sliku bergi myndi leiða til storknunar og við það losnar varmi, storknunarvarminn. I útreikningum er til einföldunar gert ráð fyrir að storknunarvarmi vegna bráðins bergs reiknist einungis þar sem

hiti er hærri en 800°C . Sé eins og áður gert ráð fyrir því að basalt sé meginuppistaðan í berggrunni landsins má ætla að storknunarvarmi sé $0,3 \text{ MJ/kg}$. Sé eins og áður gert ráð fyrir því að eðlismassi basalts sé $3 \cdot 10^3 \text{ kg/m}^3$ má umreikna þetta í $0,9 \cdot 10^{18} \text{ J/km}^3$ og er sú tala notuð í varmaútreikningum.

3.6 Aðgengileiki

Aðgengileiki (accessibility) er margföldunarstuðull er lýsir tæknilegi takmörkun á nýtingu jarðvarma vegna landfræðilegra aðstæðna (jöklar, vötn, ár, háir fjallgarðar, brattar hlíðar o.p.h.). Studullinn er hlutfall þess flatarmáls sem er aðgengilegt af heildarflatarmáli svæðisins.

Samkvæmt tölum úr Tölfraðihandbók (Hagstofa Íslands, 1974) þekja jöklar um 11,6% landsins en vötn um 2,7%. Samkvæmt sömu heimild eru um 58,2% landsins yfir 400 m hæð. Í því mati á aðgengileika sem hér er stuðst við var miðað við 200-400 m hæðarlínu utan gosbeltisins, þannig að yfirleitt voru landsvæði er liggja hærra en 400 m talin óaðgengileg. Gosbeltið var metið sér því aðrar aðstæður eru við vinnslu varmans á háhitasvæðum. Meðalaðgengileiki á landinu í heild var metinn um 55% eftir framansögðum leidum. Innan gosbeltisins er meðalaðgengileiki talinn vera um 70% utan háhitasvæða, en um 60% innan þeirra. Utan gosbeltisins er aðgengileiki hæstur á Suðurlandi, 80%, en 70% á Vesturlandi og Breiðafirði. Á Norðurlandi er aðgengileiki um 50% og einungis 40% á Austurlandi og Vestfjörðum.

3.7 Varmaheimtustuðull

Við alla jarðefnavinnslu er atíð gerður greinarmunur á heildarmagni þeirrar auðlindar sem nýta skal og þeim hluta hennar sem hægt er að vinna úr jörðu á hagkvæman hátt með þeiri tækni sem er fyrir hendi og fyrirsjáanleg er í náinni framtíð. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um jarðvarma. Varmaheimtustuðullinn (geothermal recovery factor) er skilgreindur sem hlutfallið milli þess varma sem hægt er að ná upp um borholur og heildarvarma jarðhitageymisins.

Varmaheimta er í flestum tilfellum mjög illa þekkt, en sé reiknað með algengum gildum á groppu og lekt, er hún álitin geta orðið allt að 25% við bestu aðstæður. Í flestum venjulegum jarðhitakerfum er varmaheimtan mun minni og nálgast 0% í heilu og ógegndræpu bergi.

Innan gosbeltisins er gert ráð fyrir að varmaheimta sé 20% á virkum svæðum en 10% á óvirkum svæðum. Utan gosbeltisins er varmaheimtan áætluð 5% á Vesturlandi, Suðurlandi og við Breiðafjörð en 2% á Norðurlandi og 1% á Austurlandi og Vestfjörðum. Erfitt er að fára haldgóð rök fyrir þessum tölum, en þó er vert að hafa í huga að virki hluti gosbeltisins er yngstur og lekt þar mest, en utan gosbeltisins er bergið þéttara.

3.8 Nýtni jarðvarma

Flokka má notkun jarðvarma í tvennt, þ.e. annarsvegar til almennra nota s.s. til hitunar, burrkunar og eimingar og hinsvegar til raforkuvinnslu og er þá einvörðungu miðað við varma með hita yfir 130°C . Hér á eftir verður fjallað um þessa two aðalkosti hvað vardar nýtingu og nýtnistuðla.

3.8.1 Nýtni jarðvarma til almennra nota

Sá jarðvarmi sem ná má úr borholu, þ.e. tæknilega vinnanlegur jarðvarmi, er í þessu mati sundurliðaður í 3 hitaflokka, $5-40^{\circ}\text{C}$, $40-130^{\circ}\text{C}$ og yfir 130°C . Þessi sundurliðun byggir á mismunandi nýtingarmöguleikum jarðvarmans eftir hita.

$5-40^{\circ}\text{C}$: Jarðvarma í þessum flokki má nýta á margvíslegan hátt t.d. í sundlaugar, fiskeldi, upphitun gangstéttu og gatna, jarðvegshitun og ræktun.

$40-130^{\circ}\text{C}$: Langalgengasta notkun varma í þessum flokki er til húshitunar og almennra þarfa (t.d. kranavatn). Ylrækt er önnur algengasta notkunin. Margir aðrir notkunarmöguleikar eru á nýtingu varma í þessum flokki. Má þar nefna t.d. heilsuböð, notkun í kælitækni, burrkun og eimingu.

yfir 130°C : Notkun varma í þessum flokki er einkum bundin við iðnað, t.d. efnavinnslu, burrkun, eimingu, kælingu með ígleypnisáðferð (absorption) o.fl. eða þá óbein notkun í hitaveitu (Hitaveita Suðurnesja, Hveragerðis og Reykjavíðar).

Varmi til almennra nota nýtist mismunandi vel eftir eðli notkunar. Til einföldunar er gert ráð fyrir að 75% af varmanum við holutopp nýtist í lægri flokkunum, þ.e. $5-40^{\circ}\text{C}$ og $40-130^{\circ}\text{C}$. Vegna annarra eiginleika jarðhitavökvars (gufu) í heitasta floknum, yfir 130°C , er gert ráð fyrir því að nýtnistuðullinn sé 50%. Þetta stafar meðal annars af því, að magn uppleystra efna vex með hita, þannig að oft þarf að nýta varmann óbeint, þ.e. nota varmaskipta til að koma í veg fyrir útfellingavandamál.

Rétt er að hafa í huga að sú skipting jarðvarmans í flokka, sem hér er sett fram á sér ekki síður sögulegar rætur en tæknilegar. Nýtnistuðlarnir eru mjög breytilegir eftir eðli notkunar, en í flestum tilfellum má bæta nýtnina verulega með keðjunotkun. Ofangreind gildi eru hér talin likleg meðaltöl fyrir hvern flokk.

3.8.2 Nýtni jarðvarma til raforkuvinnslu

Varmaorkan, sem fólgir er í jarðhitageymínum og unnin er úr borholum, er einungis að hluta breytanleg í raforku. Til einföldunar er hér aðeins fundin frædileg nýtni og gert ráð fyrir að ástandsbreytingar séu "ísentalpiskar" í farvegi djúpvatnsins úr jarðhitageymínum að túrbínu en "ísentropiskar" í túrbínunni. Þessi nálgun á vel við fyrir hin svokölluðu blautu jarðhitasvæði en á þurrgufusvæðum eða þar sem blanda af gufu og vatni er til staðar í jarðhitageymínum yrði nýtnin betri heldur en ofangreindar forsendur gefa fyrir blaut svæði.

Ef reiknað er með að "mekanisk" nýtni túrbínu sé 75% verður heildarnýtni, η_w , til raforkuvinnslu úr djúpvatni við hita T:

$$\eta_w = 0,183 \cdot (1 - h'_{130} / h'_T)$$

h_T : entalpia djúpvatns við $T^{\circ}\text{C}$

Við útreikninga á heildarnýtni er notast við hitaferla úr grein 3.4.

Við vinnslu á raforku með jarðhita er eins og áður segir reiknað með varma úr svæðinu, sem er með hærri hita en 130°C , og enn fremur er reiknað með að einungis hluti varmaforðans ofan við 130°C náist upp úr borholum til vinnslunnar. Eru hér notaðir varmaheimtustuðlarnir frá R = 1% og upp í R = 20%.

EKKI er ljóst, hvernig svæði kólna við vinnsluna en gera má ráð fyrir, að hitaferillinn lækki óreglulega bæði með dýpi og tíma. Er reiknað með því að hitaferillinn hliðrist við vinnsluna þannig að í beltinu milli upphafs- og lokahitaferils séu fólgin R% af varmaforðanum og náist þau upp úr borholum til raforkuvinnslu.

I viðauka 3 eru sýndir útreikningar fyrir nýtni háhitasvæða til raforkuvinnslu og hafa samskonar útreikningar verið gerðir fyrir jarðhita bæði innan og utan gosbeltisins.

Niðurstöður þessara útreikninga eru í eftirfarandi töflu:

TAFLA 1 Heildarnýtni, η_w , varmaforda til raforkuvinnslu við ákveðna varmaheimtu R og nýtni varmans úr borholu til raforkuvinnslu.

	η_w %	Varmaheimtu- stuðull R%	Nýtni í virkjun %
<hr/>			
Innan gosbeltis			
medalháhitasvæði	1,6	20	8
önnur virk svæði	1,6	20	8
óvirk svæði	0,6	10	6
Utan gosbeltis			
Vesturland	0,3	5	6
Sudurland	0,3	5	6
Breiðafjörður	0,3	5	6
Norðurland	0,08	5	4
Austurland og Vestf.	0,08	1	2
<hr/>			

4 NIÐURSTÖÐUR OG UMREÐA

Í síðasta kafla var gerð grein fyrir því hvernig helstu breytistærðir í jarðvarmamatinu eru fengnar. Í þessum kafla verður gerð grein fyrir útreiknuðu magni jarðvarma, lið fyrir lið, samkvæmt þeirri svæðaskiptingu sem sett var fram í 2. kafla og sýnd er á mynd 3.

Meginniðurstöður jarðvarmamatsins eru settar fram í 4 töflum, sem hver um sig er tvískipt. Í efri hluta taflanna eru háhitasvæðin sundurliðuð og getið er um stærð hvers svæðis, auk annarra upplýsinga. Í neðri hluta taflanna er allt landið tekið fyrir. Þar er landinu skipt í tvö meginsvæði, innan gosbeltis og utan gosbeltis. Hverju meginsvæði er skipt í undirsvæði og getið er um stærð þess auk annarra upplýsinga. Öll háhitasvæðin (efri hlutinn) eru dregin saman í eitt bessara undirsvæða, í neðri hluta taflanna.

4.1 Jarðvarmafordi berggrunnsins

Heildarmagn jarðvarma undir landinu, frá yfirborði og niður á 10 km dýpi er nefnt jarðvarmafordi berggrunnsins. Sá hluti jarðvarmans sem er yfir 3 km dýpi er talinn aðgengilegur. Í töflu 3 eru niðurstöður útreikninga á jarðvarmaforda berggrunnsins sýndar. Í töflunni er sýnt hvernig jarðvarmafordi berggrunnsins sundurliðast í varma frá yfirborði jarðar og niður á 3 km, frá 3 km og niður á 10 km og í varmaauka vegna stroknunar bergs.

Jarðvarmafordi berggrunnsins undir landinu öllu frá yfirborði og niður á 10 km dýpi er um $1,2 \cdot 10^{24}$ J, en aðgengilegur jarðvarmafordi berggrunnsins, þ.e. frá yfirborði jarðar og niður á 3 km dýpi er um $0,1 \cdot 10^{24}$ J, eða um 8% af heildinni.

Begar tafla 3 er skoðuð nánar kemur í ljós að jarðvarmafordi 5 stærstu háhitasvæðanna, Torfajökuls, Hengils, Grímsvatna, Krísuvíkur og Kröflu (í röð eftir stærð) er um 70% forða háhitasvæðanna.

Begar litið er á þann hluta töflu 3 sem fjallar um allt landið sést að varmapéttleiki í efstu 10 km jarðskorpunnar er mestur innan gosbeltisins og þá sérstaklega virka hluta hans. Ef einungis er litið á efstu 3 km eru það aðallega háhitasvæðin sem skera sig úr. Varmapéttleiki annarra hluta gosbeltisins er mjög sambærilegur við Vesturland, Suðurland og Breiðafjörð. Nordurland, Austurland og Vestfirðir reka síðan lestina með varmapéttleika sem er einungis um þriðjungur af því sem er á háhitasvæðum.

Í töflu 4 er aðgengilegur jarðvarmafordi berggrunnsins sundurliðaður í 3 flokka eftir hita. Þessi skipting byggir einkum á því að nýta má jarðvarma á mismunandi hátt eftir hita. Þannig er kaldasti flokkurinn, $5-40^{\circ}\text{C}$, of kaldur til að nota beint til húshitunar, miðflokkurinn, $40-130^{\circ}\text{C}$, er mest nýttur til húshitunar og begar varminn er kominn yfir 130°C má fara að framleiða raforku.

Sé litið á þann hluta töflunnar sem fjallar um allt landið kemur í ljós að varmapéttleiki á hitabilinu $5-40^{\circ}\text{C}$ er mjög svipaður um allt land. Á hitabilinu $40-130^{\circ}\text{C}$ er varmapéttleikinn áberandi mestur á há-

hitasvæðum en svipadur annarsstaðar. Þegar komið er í heitasta flokkinn er greinilegt að varmapéttleikinn er mestur á virka hluta gosbeltisins og þá einkum á háhitasvæðum, þar sem varmi yfir 130°C er um helmingur af öllum aðgengilegum jarðvarma svæðisins. Minnstur er varmapéttleikinn svo á Austurlandi og Vestfjörðum þar sem einungis um tiundi hluti aðgengilegs jarðvarma á þeim svæðum er í þessum flokki.

Sé litið á lokatölur um varmainnihald á öllu landinu kemur í ljós að um 30% varmans er á hitabilinu $5-40^{\circ}\text{C}$, um helmingur varmans er á hitabilinu $40-130^{\circ}\text{C}$ en einungis um 20% varmans er yfir 130°C .

4.2 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi

Næsta þrep í jarðvarmamatinu er nefnt tæknilega vinnanlegur jarðvarmi, sjá töflu 5, en það er sá hluti jarðvarmaforða berggrunnsins, 0-3 km, sem talið er að hægt sé að vinna með þeirri tækni sem fyrirsjáanleg er, en án tillits til hagkvæmni og miðast við að varminn sé kominn á holutopp.

Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi er fenginn með því að margfalda jarðvarmaforða á 0-3 km dýpi með tveimur margföldunarstuðlum, aðgengileika og varmaheimtu. Aðgengileiki er stuðull er lýsir landfræðilegri takmörkun á vinnslu jarðvarma á yfirborði vegna t.d. jöklar, vatna og fjallgarða, en varmaheimtan er hlutfallið milli þess varma sem hægt er að ná upp um borholur og heildarvarma jarðhitageymisins. Þessir stuðlar eru sýndir í töflu 5 ásamt niðurstöðunni, þ.e.a.s. tæknilega vinnanlegum jarðvarma við holutopp.

Aðgengileiki er mjög breytilegur á hinum ýmsu svæðum allt frá 1,0 (100%) á Reykjanesi og í Svartsengi og niður í 0 (0%, óaðgengilegt með öllu) t.d. í Grímsvötnum. Vatnafræðilegir eiginleikar hinna ýmsu háhitasvæða, þ.e. lekt, gróppa o.fl. eru illa þekktar stærðir á flestum svæðanna. Varmaheimta virkra svæða er áætlud 0,2 (20%). Gert er ráð fyrir, að varmaheimtan sé minni annarsstaðar og allt niður í 0,01 (1%) á Austurlandi og Vestfjörðum.

Sé litið á þann hluta töflu 5 sem fjallar um allt landið kemur strax í ljós að mikinn hluta eða um 75% hins tæknilega vinnanlega jarðvarma er að finna á landsvæðum innan gosbeltisins. Þar af er 1/4 á virkum svæðum en 3/4 á óvirkum svæðum. Þá má og sjá að hlutfallslegt mikilvægi hinna stóru "köldu" landsvæða Norðurlands, Austurlands og Vestfjarða hefur minnkad allverulega frá töflu 4, einkum vegna áætlaðrar mun minni varmaheimtu en á öðrum landsvæðum, en einnig er aðgengileiki þessara landsvæða heldur minni en annarra.

Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi á landinu öllu er um $3,5 \cdot 10^{21} \text{ J}$.

4.3 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi - Nýting í virkjun

I töflu 6 er nýting jarðvarma sundurliðuð eftir hitaflokkum. I töflunni eru gefnir tveir möguleikar á nýtingu varma yfir 130°C annars vegar til almennra nota varmans og hinsvegar til raforkuframleiðslu. Við nýtingu jarðvarma til almennra nota er gert ráð fyrir því að nýta megi 75% hins tæknilega vinnanlega jarðvarma á hitabilinu $5-130^{\circ}\text{C}$ en

einungis 50% varmans þegar hitinn er kominn yfir 130°C . Nýtni til raforkuframleiðslu er enn minni og auk þess breytileg eftir hita-ástandi hvers svæðis, allt frá 9% á heitstu háhitasvæðum og niður í 2% á Austurlandi og Vestfjörðum.

Þegar meta á afl svæða er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hversu hratt megi nýta varmann. Í framsetningu okkar gerum við ráð fyrir því að nýtingin standi yfir í 50 ár og að engin endurnýjun jarðvarma eigi sér stað. Miðað við þessar forsendur er í töflu 6 gefið upp afl svæða, að vísu einungis fyrir raforkuvinnslu í MW_{50 ár}, þ.e. mega-wött í 50 ár. Aðstæða er til að leggja áherslu á að hér er verið að meta orku svæða en ekki afl.

Sé litið á þann hluta töflunnar sem fjallar um háhitasvæði sést að Torfajökulssvæðið er stærst og talið standa undir tæplega 1000 MW_{50 ár} virkjun til raforku og Hengilssvæðið um 700 MW_{50 ár}, en önnur svæði mun minna. Röð stærstu svæða hefur nú, þegar að nýtingu er komið, breyst nokkuð frá því sem var þegar einungis var litið á flatarmál svæðanna. Torfajökuls- og Hengilssvæðin eru langstærst en síðan koma Krafla, K्रísuvík og Þeistareykir.

Sé litið á þann hluta töflu 6 sem fjallar um allt landið kemur í ljós að milli 70 og 80% af varma frá virkjun er af landsvæðum innan gosbeltisins, þar af eru milli 15 og 25% frá virkum svæðum. Utan gosbeltisins er magn jarðvarma frá virkjun hlutfallslega álíka mikil á Vesturlandi, Suðurlandi og Breiðafirði en mun minna á Norðurlandi og enn minna á Austurlandi og Vestfjörðum.

Í töflu 6 er gert ráð fyrir því að varma yfir 130°C megi nýta annað hvort til almennra nota (nýtni 0,5) eða þá til raforkuframleiðslu (breytileg nýtni eftir hita). Heildarmagn raforku sem vinna má á landinu er áætlað um $68,2 \cdot 10^{18} \text{ J}$ og er um 83% þess af landsvæðum innan gosbeltisins. Sé eins og áður reiknað með að fullnýta megi allan tæknilega vinnanlegan jarðvarma á 50 árum mætti vinna um 43200 MW_{50 ár}. Sé litið á afþéttleikann, þ.e.a.s. MW_{50 ár}/km² (aðgengileiki innifalinn), sést að vinna má um 10 MW_{50 ár}/km² á háhitasvæðum, tæplega 6 MW_{50 ár}/km² á öðrum virkum svæðum en mun minna á öllum öðrum landsvæðum. Þessar tölur sýna að raforkuframleiðsla kemur fyrst og fremst til álita á háhitasvæðum en gæti hugsanlega einnig verið möguleg á öðrum virkum svæðum (með dýpri borunum). Af háhitasvæðum einum ætti því að vera mögulegt að framleiða um 3500 MW af raforku og 8400 MW af öðrum virkum svæðum, en vegna lítils afþéttleika verður tæplega reiknað með raforkuframleiðslu á öðrum landsvæðum. Með þessum forsendum má því búast við að framleiða megi 3000-12000 MW af raforku í 50 ár á landinu öllu. Heildartölur um skiptingu jarðvarma Islands eru sýndar á mynd 8.


Leggja ber á það ríka áherslu að þessar tölur um nýtingu jarðvarma með framangreindum takmörkunum, gera ekki ráð fyrir neinni endurnýjun inn á það svæði sem nýtt er. Slik endurnýjun á sér hins vegar stað með ýmsu móti, t.d. varmaleiðni, vatnsrennsli og einnig með innskotamyndun á virkum svæðum.

Að auki er rétt að minna aftur á og leggja á það ríka áherslu, að þetta jarðvarmamat er einskonar heildarmat eða landsmat á jarðvarma en ekki afmarkad jarðvarmamat á ákveðnu svæði eða jarðhitakerfi.

Munurinn á þessu tvennu er í aðalatriðum fólginn í því, að í landsmati er stuðst við einfaldara líkan af hverju svæði en gert er í staðbundnu mati. Auk þess eru gerðar viðtökur alhæfingar um flestar þær breytistærðir sem notaðar eru, en í staðbundnu mati er reynt að nýta alla þá þekkingu sem til er um viðkomandi svæði.

JARÐVARMI ÍSLANDS

ALLAR TÖLUR Í 10^{21} J



MYND 8 Samandregnar niðurstöður jarðvarmamatsins

4.4 Stöðugt náttúrlegt varmaflæði

Við nýtingu jarðvarma hefur afli svæða verið reiknað út miðað við 50 ára nýtingartíma og jafnframt var gert ráð fyrir, að engin endurnýjun ætti sér stað. Til samanburðar við þá nýtingu sem rakin er hér á undan er rétt að reyna að gera sér grein fyrir því, hve mikil stöðugt náttúrlegt varmaflæði er til yfirborðs. Með stöðugu náttúrlegu varmaflæði er hér átt við meðal-varmaflæði til yfirborðs í langan tíma.

Gert er ráð fyrir, að stöðugt náttúrlegt varmaflæði til yfirborðs eigi sér stað með prennu móti, með varmaleiðni, með vatns- og gufustreymi til yfirborðs og með rennsli hraunkviku til yfirborðs.

Varmaflæði vegna varmaleiðni til yfirborðs fæst úr margfeldi varmaleiðnistuðuls, hitastiguls og flatarmáls. Sé gert ráð fyrir að varmaleiðnistuðull sé $1,7 \text{ W/m}^0\text{C}$ (Guðmundur Pálsson og Kristján Sæmundsson, 1979) og hitastigull og flatarmál samkvæmt 3. kafla (sjá 3.2 og 3.4) verður varmaflæði með leiðni um 12000 MW á öllu landinu, en þar af eru um 9000 MW á landssvæðum utan gosbeltisins. Þetta er sundurliðad í eftirfarandi töflu.

TAFLA 2 Varmaflæði með leiðni

	Flatajörðmál km ²	Hitastigull °C/km	Varmaflæði MW
Gosbeltið	32000	60	3264
Vesturland	5300	140	1261
Súðurland	5300	110	991
Breiðafjörður	1400	100	238
Norðurland	22000	70	2618
Austurl. og Vestfirðir	37000	60	3774
Alls	103000		12146

Náttúrlegt varmaflæði með vatns- og gufustreymi á sér stað á bæði lághita- og háhitasvæðum. Í viðauka 4 er fjallað um varmaflutning á lághitasvæðum. Þar er að finna ítarlega töflu um náttúrlegt vatnstreymi í hverri sýslu landsins. Meginniðurstaðan er sú að sjálfrennsli úr hverum og laugum sé um 1800 l/s áður en nokkuð var borað. Þetta rennsli jafngildir um 500 MW afli (yfir 15°C). Með borunum hefur vatnstaka verið aukin verulega, og er nú um 4700 l/s, sem jafngildir um 1400 MW afli (Jón Steinar Guðmundsson o.fl. 1980).

Ekki eru til nákvæmar tölur um náttúrlegt varmatap háhitasvæða á Íslandi, en áætlað hefur verið að það sé á bilinu 3-80 W/m² (Ward, P.L. og Sveinbjörn Björnsson, 1971). Í Grímsvötnum, þar sem aðstæður eru mjög góðar til athugana (þ.e. afrennsli í hlaupum), hefur varminn sem streymir frá jarðhitasvæðinu verið áætlaður 5000 MW. Stærð svæðisins er talin um 65 km² og varmaflæðid er því um 80 W/m² (Helgi Björnsson, 1974; Helgi Björnsson o.fl., 1980). Ýmislegt bendir til, að virkni Grímsvatna sé minnkandi (Sigurjón Rist, 1982). Náttúrlegt varmatap frá jarðhitasvæðinu í Kverkfjöllum hefur verið áætlað 1200-2100 MW eda meira (Friedman, J.D. o.fl., 1972). Þar sem stærð svæðisins er áætluð 25 km², er varmaflæðið 48-84 W/m² eða meira. Varmaflæði allra annarra háhitasvæða er áætlað 20 W/m² og heildarflatarmál um 510 km². Varmaflæði af öllum háhitasvæðum er þá um 17000 MW.

Varmaflæði með vatns- og gufustreymi á landinu öllu er þá um 17500 MW með þessum forsendum. Telja má fullvist að innskotamyndun vegna gliðnunar landsins sé afgjafi þessa varmaflutnings. Sé svo má áætla efri mörk þessa varmaflæðis út frá gliðnuninni, en hún er talin nema um 1 cm/ári í hvora átt. Sé auk þess gert ráð fyrir 500 km löngu gliðnunarbelti sem nái niður á 10 km dýpi verður þetta varmaflæði um 13000 MW.

Auk innskotamyndunar í jarðskorpunni verður einnig nýmyndun á yfirborði jarðar (hraunrennsli). Varmaflæði vegna nýmyndunar hefur verið áætlað um 6000 MW (Guðmundur Pálason, 1973). Forsenda þess er að um 4,5 km² af gosefnum berist upp á yfirborð í eldgosum á öld að meðaltali (Sveinn P. Jakobsson, 1972).

TAFLA 3 Jarðvarmaforði berggrunnsins

HÁHITASVÉÐI	km ²	Sundurliðun í 10 ¹⁸ J/km ² í				Jarðvarmaforði berggrunns, 10 ¹⁸ J	
		0-3 km	3-10 km	q _{st} *	ALLS	0-10 km	0-3 km
1 Reykjanes	2	2,27	17,65	4,43	24,35	48,7	4,5
2 Svartsengi**	11	2,01	17,24	4,30	23,55	259,1	22,1
3 Krísvík***	60	1,75	16,82	4,22	22,79	1367,4	105,0
4 Brennisteinsfjöll	2	2,01	17,24	4,30	23,55	47,1	4,0
5 Hengill****	100	"	"	"	"	2355,0	201,0
6 Geysir	3	"	"	"	"	70,7	6,0
7 Kerlingarfjöll	11	"	"	"	"	259,1	22,1
8 Hveravellir	1	"	"	"	"	23,6	2,0
9 Mýrdalsjökull	?	?	?	?	?	?	?
10 Torfajökull	140	2,01	17,24	4,30	23,55	3297,0	281,4
11 Grímsvötn	65	"	"	"	"	1530,8	130,7
12 Kóldukvíslarbotnar	8	"	"	"	"	188,4	16,1
13 Vonarskarð	11	"	"	"	"	259,1	22,1
14 Kverkfjöll	25	"	"	"	"	588,8	50,3
15 Askja	25	"	"	"	"	588,8	50,3
16 Fremrinámar	4	"	"	"	"	94,2	8,0
17 Námafjall	7	2,27	17,65	4,43	24,35	170,5	15,9
18 Krafla	30	2,27	17,65	4,43	24,35	730,5	68,1
19 Þeistareykir	19	2,01	17,24	4,30	23,55	447,5	38,2
20 Prestahnúkur	1	"	"	"	"	23,6	2,0
21 Hofsjökull	?	?	?	?	?	?	?
22 Tindfjallajökull	1	2,01	17,24	4,30	23,55	23,6	2,0
23 Blautakvísl	7	"	"	"	"	164,9	14,1
24 Dóðarárhryna	?	?	?	?	?	?	?
25 Hrúthálsar	7	2,01	17,24	4,30	23,55	164,9	14,1
26 Gjástykki	7	"	"	"	"	164,9	14,1
27 Axarfjörður	30	"	"	"	"	706,5	60,3
28 Kolbeinsey	?	?	?	?	?	?	?
ALLT LANDÍÐ	km ²	Sundurliðun í 10 ¹⁸ J/km ² í				Jarðvarmaforði berggrunns, 10 ²¹ J	
		0-3 km	3-10 km	q _{st} *	ALLS	0-10 km	0-3 km
<u>Innan gosbeltis:</u> 32000 km ²							
Háhitasvæði	600	2,01	17,24	4,30	23,55	14,1	1,2
Önnur virk svæði	2150	1,30	17,24	4,32	22,86	49,1	2,8
Övirk svæði	29250	1,04	13,38	2,74	17,16	501,9	30,4
<u>Utan gosbeltis:</u> 71000 km ²							
Vesturland	5300	1,32	10,47	0,95	12,74	67,5	7,0
Suðurland	5300	1,19	10,47	0,95	12,61	66,8	6,3
Breiðafjörður	1400	1,15	10,47	0,95	12,57	17,6	1,6
Norðurland	22000	0,88	8,28	0	9,16	201,5	19,4
Austurland og Vestfirðir	37000	0,76	7,10	0	7,86	290,8	28,1
Allt landíð	103000					1209,3	96,8

* q_{st} er varmaauki vegna storknunar bergs

** Nær yfir Svartsengi og Eldvörp

*** Nær yfir Krísvík, Trölladyngju og Sandfell

**** Nær yfir Hengil, Nesjavelli og Hveragerði.

TAFLA 4 Aðgengilegur jarðvarmafordi berggrunnsins,
0-3 km, sundurliðaður eftir hita

HÁHITASVÆÐI	km ²	5-40°C		40-130°C		>130°C	
		10 ¹⁸ J/km ²	10 ¹⁸ J	10 ¹⁸ J/km ²	10 ¹⁸ J	10 ¹⁸ J/km ²	10 ¹⁸ J
1 Reykjanes	2	0,30	0,6	0,75	1,5	1,22	2,4
2 Svartsengi*	11	0,29	3,2	"	,8,3	0,97	10,7
3 Krísuvík**	60	"	17,4	"	45,0	0,71	42,6
4 Brennisteinsfjöll	2	"	0,6	"	1,5	0,97	1,9
5 Hengill***	100	"	29,0	"	75,0	"	97,0
6 Geysir	3	"	0,9	"	2,3	"	2,9
7 Kerlingarfjöll	11	"	3,2	"	8,3	"	10,7
8 Hveravellir	1	"	0,3	"	0,8	"	1,0
9 Mýrdalsjökull	?	?	?	?	?	?	?
10 Torfajökull	140	0,29	40,6	0,75	105,0	0,97	135,8
11 Grímsvötn	65	"	18,9	"	48,8	"	63,1
12 Kóldukvíslarbotnar	8	"	2,3	"	6,0	"	7,8
13 Vónaskarð	11	"	3,2	"	8,3	"	10,7
14 Kverkfjöll	25	"	7,3	"	18,8	"	24,3
15 Askja	25	"	7,3	"	18,8	"	24,3
16 Fremrinámar	4	"	1,2	"	3,0	"	3,9
17 Námafjall	7	0,30	2,1	"	5,3	1,22	8,5
18 Krafla	30	0,30	9,0	"	22,5	1,22	36,6
19 Þeistareykir	19	0,29	5,5	"	14,3	0,97	18,4
20 Prestahnúkur	1	0,29	0,3	0,75	0,8	0,97	1,0
21 Hofsjökull	?	?	?	?	?	?	?
22 Tindfjallajökull	1	0,29	0,3	0,75	0,8	0,97	1,0
23 Blautakvísl	7	"	2,0	"	5,3	"	6,8
24 Þórðarhryrna	?	?	?	?	?	?	?
25 Hrúthálsar	7	0,29	2,0	0,75	5,3	0,97	6,8
26 Gjástykki	7	"	2,0	"	5,3	"	6,8
27 Axarfjörður	30	"	8,7	"	22,5	"	29,1
28 Kolbeinsey	?	?	?	?	?	?	?
ALLT LANDIÐ		5-40°C		40-130°C		>130°C	
	km ²	10 ¹⁸ J/km ²	10 ²¹ J	10 ¹⁸ J/km ²	10 ¹⁸ J	10 ¹⁸ J/km ²	10 ²¹ J
<u>Innan gosbeltis:</u> 32000 km ²							
Háhitasvæði	600	0,29	0,2	0,75	0,5	0,97	0,6
Önnur virk svæði	2150	0,26	0,6	0,49	1,1	0,55	1,2
Óvirk svæði	29250	0,27	7,9	0,46	13,5	0,31	9,1
<u>Utan gosbeltis:</u> 71000 km ²							
Vesturland	5300	0,29	1,5	0,61	3,2	0,42	2,2
Suðurland	5300	0,28	1,5	0,57	3,0	0,34	1,8
Breiðafjörður	1400	0,28	0,4	0,55	0,8	0,32	0,4
Norðurland	22000	0,27	5,9	0,47	10,3	0,14	3,1
Austurland og Vestfirðir	37000	0,27	10,0	0,42	15,5	0,07	2,6
Allt landið	103000		28,0		47,9		21,0

* Nær yfir Svartsengi og Eldvörp

** Nær yfir Krísuvík, Trölladyngju og Sandfell

*** Nær yfir Hengil, Nesjavelli og Hveragerði.

TAFLA 5 Tæknilega vinnanlegur jarðvarmi við holutopp

HÁHITASVÉÐI	km ²	aðgengi-leiki	varma-heimta	5-40°C	40-130°C	>130°C	ALLS
				Varmi í 10 ¹⁸ J			
1 Reykjanes	2	1,0	0,2	0,1	0,3	0,5	0,9
2 Svartsengi*	11	1,0	"	0,6	1,7	2,1	4,4
3 Krísuvík**	60	0,8	"	2,8	7,2	6,8	16,8
4 Brennisteinsfjöll	2	0,6	"	0,1	0,2	0,2	0,5
5 Hengill***	100	0,7	"	4,1	10,5	13,6	28,2
6 Geysir	3	0,9	"	0,2	0,4	0,5	1,1
7 Kerlingarfjöll	11	0,7	"	0,4	1,2	1,5	3,1
8 Hveravellir	1	0,9	"	0,1	0,1	0,2	0,4
9 Mýrdalsjökull	?	0	"	0	0	0	0
10 Torfajökull	140	0,7	"	5,7	14,7	19,0	39,4
11 Grímsvötn	65	0	"	0	0	0	0
12 Kóldukvíslarbotnar	8	0,8	"	0,4	1,0	1,2	2,6
13 Vonarskarð	11	0,6	"	0,4	1,0	1,3	2,7
14 Kverkfjöll	25	0,2	"	0,3	0,8	1,0	2,1
15 Askja	25	0,3	"	0,4	1,1	1,5	3,0
16 Fremrinámar	4	0,9	"	0,2	0,5	0,7	1,4
17 Námafjall	7	0,9	"	0,4	0,9	1,5	2,8
18 Krafla	30	0,9	"	1,6	4,1	6,6	12,3
19 Deistareykir	19	0,8	"	0,9	2,3	2,9	6,1

20 Prestahnúkur	1	0,5	"	<0,1	0,1	0,1	0,2
21 Hofsjökull	?	0	"	0	0	0	0
22 Tindfjallajökull	1	0,1	"	<0,1	<0,1	<0,1	<0,1
23 Blautakvísl	7	0,7	"	0,3	0,7	1,0	2,0
24 Dóróarhyrna	?	0	"	0	0	0	0
25 Hrúthálsar	7	0,9	"	0,4	0,9	1,2	2,5
26 Gjástykki	7	1,0	"	0,4	1,1	1,4	2,9
27 Axarfjörður	30	0,9	"	1,6	4,1	5,2	10,9
28 Kolbeinsey	?	0	"	0	0	0	0

ALLT LANDÍÐ	km ²	aðgengi-leiki	varma-heimta	5-40°C	40-130°C	>130°C	ALLS
				Varmi í 10 ¹⁸ J	10 ²¹ J		

Innan gosbeltis: 32000 km²

Háhitasvæði	600	0,6	0,2	20,9	54,0	69,8	0,1
Önnur virk svæði	2150	0,7	0,2	78,3	147,5	165,6	0,4
Óvirk svæði	29250	0,7	0,1	552,8	941,9	634,7	2,1

Utan gosbeltis: 71000 km²

Vesturland	5300	0,7	0,05	53,8	113,2	77,9	0,2
Sudurland	5300	0,8	0,05	59,4	120,8	72,1	0,3
Breiðafjörður	1400	0,7	0,05	13,7	27,0	15,7	0,1
Norðurland	22000	0,5	0,02	59,4	103,4	30,8	0,2
Austurland og Vestfirðir	37000	0,4	0,01	40,0	62,2	10,4	0,1

Allt landíð 103000 878,3 1570,0 1077,0 3,5

* Nær yfir Svartsengi og Eldvörp

** Nær yfir Krísuvík, Trölladyngju og Sandfell

*** Nær yfir Hengil, Nesjavelli og Hveragerði.

TAFLA 6 Tæknilega vinnanlegur jardvarmi, nýting í virkjun

HÁHITASVÆÐI	km ²	Varmi frá virkjun, 10 ¹⁸ J			Nýtni í virkjun	eða rafmagn frá virkjun		
		5-40°C	40-130°C	>130°C		>130°C		
		áætluð nýtni	0,75	0,75	0,5	10 ¹⁵ J	MW ₅₀ ár	
1 Reykjanes	2	0,1	0,2	0,2	9%	43,9	28	
2 Svartsengi*	11	0,5	1,2	1,1	8%	170,7	108	
3 Krísvík**	60	2,1	5,4	3,4	7%	477,1	302	
4 Brennisteinsfjöll	2	0,1	0,1	0,1	8%	18,6	12	
5 Hengill***	100	3,0	7,9	6,8	"	1086,4	689	
6 Geysir	3	0,1	0,3	0,3	"	41,9	27	
7 Kerlingarfjöll	11	0,3	0,9	0,7	"	119,5	76	
8 Hveravellir	1	<0,1	0,1	0,1	"	14,0	9	
9 Mýrdalsjökull	?	0	0	0	"	0	0	
10 Torfajökull	140	4,3	11,0	9,5	"	1521,0	964	
11 Grímsvötn	65	0	0	0	"	00	0	
12 Koldukvíslarbotnar	8	0,3	0,7	0,6	"	99,3	63	
13 Vonarskarð	11	0,3	0,7	0,6	"	102,4	65	
14 Kverkfjöll	25	0,2	0,6	0,5	"	77,0	49	
15 Askja	25	0,3	0,8	0,7	"	116,6	74	
16 Fremrinámar	4	0,2	0,4	0,3	"	55,9	35	
17 Námafjall	7	0,3	0,7	0,8	9%	138,3	88	
18 Krafla	30	1,2	3,0	3,3	9%	592,9	376	
19 Deistareykir	19	0,7	1,7	1,5	8%	235,9	150	
20 Prestahnúkur	1	<0,1	0,1	<0,1	"	7,8	5	
21 Hofsjökull	?	0	0	0	"	0	0	
22 Tindfjallajökull	1	<0,1	<0,1	<0,1	"	1,6	1	
23 Blautakvísl	7	0,2	0,6	0,5	"	76,0	48	
24 Dórdarhýrna	?	0	0	0	"	0	0	
25 Hrúthálsar	7	0,3	0,7	0,6	"	97,8	62	
26 Gjástykki	7	0,3	0,8	0,7	"	108,6	69	
27 Axarfjörður	30	1,2	3,0	2,6	"	419,0	266	
28 Kolbeinsey	?	0	0	0	"	0	0	
ALLT LANDIÐ	km ²	Varmi frá virkjun, 10 ¹⁸ J			Nýtni í virkjun	eða rafmagn frá virkjun		
		5-40°C	40-130°C	>130°C		>130°C		
		áætluð nýtni	0,75	0,75	0,5	10 ¹⁸ J	MW ₅₀ ár	
<u>Innan gosbeltis:</u> 32000 km ²					****	MW _{50/km²}		
Háhitasvæði	600	15,7	40,5	34,9	8%	5,6	3500	9,8
Önnur virk svæði	2150	58,7	110,6	82,8	8%	13,2	8400	5,6
Óvirk svæði	29250	414,6	706,4	317,4	6%	38,1	24100	1,2
<u>Utan gosbeltis:</u> 71000 km ²					****			
Vesturland	5300	40,3	84,9	39,0		4,7	3000	0,8
Suðurland	5300	44,5	90,6	36,0		4,3	2700	0,6
Breiðafjörður	1400	10,3	20,2	7,8		0,9	600	0,6
Norðurland	22000	44,6	77,6	15,4		1,2	800	0,1
Austurland og Vestf.	37000	30,0	46,6	5,2		0,2	100	<0,1
Allt landið	103000	658,7	1177,4	538,5		68,2	43200	

* Nær yfir Svartsengi og Eldvörp

** Nær yfir Krísvík, Trölladyngju og Sandfell

*** Nær yfir Hengil, Nesjavelli og Hveragerði

**** Tillit er tekið til aðgengileika.

HEIMILDASKRÁ

Beblo, M. og Axel Björnsson, 1978: Magnetotelluric investigation of the lower crust and upper mantle beneath Iceland. *J. Geophys.*, 45: 1-16.

Beblo, M. og Axel Björnsson 1980: A model of electrical resistivity beneath NE-Iceland, correlation with temperature. *J. Geophys.*, 47: 184-190.

Friedman, J.D., Williams, R.S., Sigurður Þórarinsson, og Guðmundur Pálmason 1972: Infrared emission from Kverkfjöll subglacial volcanic and geothermal area, Iceland. *Jökull*, 22: 27-43.

Guðmundur Pálmason 1973: Kinematics and heat flow in a volcanic rift zone with application to Iceland. *Geophys. J.R. Astr. Soc.*, 33: 451-481.

Guðmundur Pálmason og Kristján Sæmundsson 1979: Summary of conduction heat flow in Iceland. I: Cermák, V. and Rybach, L. (ritstj.). *Terrestrial heat flow in Europe*. Springer Verlag, Berlin, Heidelberg: 218-220.

Guðmundur Pálmason 1981: Crustal rifting and related thermo-mechanical processes in the lithosphere beneath Iceland. *Geol. Rundschau*, 70, 1: 244-260.

Gunnar Böðvarsson 1956: Natural heat in Iceland. 5th World Power Conference, Paper 197 K/8, Wien.

Gunnar Böðvarsson 1962: An appraisal of the potentialities of the geothermal resources in Iceland. Sixth World Power Conference, Paper 206 III., 6/3, Melbourne. (Prentað í Tímariti Verkfræðingafélags Íslands 1963): 65-71.

Gunnar Böðvarsson 1970: An estimate of the natural heat resources in a thermal area in Iceland. *Geothermics*, Spec. Issue 2, 2, 2: 1289-1293.

Hagstofa Íslands 1974: *Tölfræðihandbók*.

Helgi Björnsson 1974: Explanation of jökulhlaup from Grímsvötn, Vatnajökull, Iceland. *Jökull*, 24: 1-26.

Helgi Björnsson, Sveinbjörn Björnsson og Þorbjörn Sigurgeirsson 1980: Geothermal effects of water penetrating into hot rock boundaries of magma bodies. *Geothermal Resources Council, Transaction*, 4.

James, R. 1970: Factors controlling borehole performance. *Geothermics*, 2, 2: 1502-1515.

Jón Steinar Guðmundsson, María J. Gunnarsdóttir, Rútur Halldórsson, Kristján Sæmundsson og Hjörleifur T. Jakobsson 1980: Low-Temperature Geothermal Energy in Iceland. *Orkustofnun, Note JSG-MJG-RH-KS-HThj-80/10*.


- Klein, F.W., Páll Einarsson og Wyss, M. 1973: Microearthquakes on the Mid-Athlantic Plate boundary on the Reykjanes Peninsula in Iceland. *J. Geophys. Res.*, 78: 5084-5099.
- Klein, F.W., Páll Einarsson og Wyss, M. 1977: The Reykjanes Peninsula, Iceland, earthquake swarm of September 1972 and its tectonic significance. *J. Geophys. Res.*, 82: 865-888.
- McKelvey, V.E. 1972: Mineral resource estimates and public policy. *American Scientist*, 60: 32-40.
- Muffler, P. og Cataldi, R. 1977: Methods for regional assessment of geothermal resources. Paper presented at the "Lardello Workshop on geothermal resource assessment and reservoir engineering" - September 12-16.
- Muffler, P. og Cataldi, R. 1978: Methods for regional assessment of geothermal resources. *Geothermics*, 7: 53-89.
- Páll Einarsson 1978: S-wave shadows in the Krafla caldera in NE-Iceland. evidence for a magma chamber in the crust. *Bull. Volcanol.*, 41:
- Sigurjón Rist 1982: Flóð og flóðahætta. f: "Eldur er í norðri". Afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Sögufélagið.
- Sveinn P. Jakobsson 1972: Chemistry and distribution pattern of recent basaltic rocks in Iceland. *Lithos*, 5: 365-386.
- Talwani, M., Windish, C.C. og Langseth, M.G. Jr. 1971: Reykjanes ridge crest: A detailed geophysical study. *J. Geophys. Res.*, 76: 473-517.
- U.S. Geological Survey 1976: Principles of the mineral resource classification system of the U.S. Bureau of Mines and U.S. Geological Survey, *Geol. Survey Bull.*, 1450-A, 5 s.
- Ward, P.L. og Sveinbjörn Björnsson 1971: Microearthquakes, swarms and the geothermal areas of Iceland. *J. Geophys.*, 76: 3953-3982.


ENGLISH SUMMARY

The economic role of geothermal energy in Iceland is quite evident when considered that over 80% of all space heating requirements are met with geothermal energy. A working group within the Geothermal Division of the National Energy Authority of Iceland has recently released an updated version of an assessment of geothermal resources in Iceland.

This assessment is in several ways similar to other recent assessments from Tuscany in Italy and USA. It is based on stored heat evaluations and does therefore not make any predictions on the rate at which the energy may be harnessed.

This assessment is national in scope thus providing a framework for longterm energy policy and strategy dicisions by government and industry, but should not be used for short-term investment or marketing decisions. The total amount of geothermal energy from the surface down to a depth of 10 km, the GEOTHERMAL RESOURCE BASE, is estimated at $1.2 \cdot 10^{24}$ J. That part of the geothermal energy which is above a depth of 3 km, the ACCESSIBLE GEOTHERMAL RESOURCE BASE, amounts to $0.1 \cdot 10^{24}$ J. Of all this geothermal energy only a small fraction may be recovered through wells. This fraction is called the TECHNICALLY HARNESSABLE GEOTHERMAL ENERGY and is derived from the above by taking into account some generalized recovery and accessibility factors. This energy amounts to some $3.5 \cdot 10^{21}$ J.





VIÐAUKI 1 Hitaástand berggrunnsins

Í þessu mati á jarðvarma Islands er hiti áætlaður og varmi reiknaður niður á 10 km dýpi. Ljóst má vera að þekking okkar á hita í dýpri jarðlögum er mjög takmörkuð. Astæða þykir því til að gera í stuttu málí nánari grein fyrir þeim forsendum sem við höfum gefið okkur um hitaástand undir landinu.

Gögn um hitastigul eða varmaflæði með leiðni eru til frá mörgum grunnum og djúpum borholum utan gosbeltisins (Guðmundur Pálason og Kristján Sæmundsson, 1979, Guðmundur Pálason o.fl. 1979). Þessi gögn sýna almenna en þó ekki reglulega lækkun hitastiguls með fjarlægð frá gosbeltinu og benda til kólnandi jarðskorpu með vaxandi fjarlægð. Innan gosbeltisins er erfidara að segja til um hitaástandið. Bergríð er mjög brotið og vel vatnsgengt, og vatnsrennslí hefur því mjög mikil áhrif á hitaástandið, a.m.k. í efsta hluta jarðskorpunnar. A háhitasvæðum, sem öll eru í gosbeltinu, á sér stað mikil upphitun bergs vegna uppstreymis vatns, en viða annars staðar á sér stað kæling vegna streymis kalds yfirborðsvatns. Lítid er vitað um, hve djúpt hringrás vatnsins nær, en boranir hafa á vissum svæðum sýnt fram á vatnsæðar á 2-3 km dýpi.

Meðalhitastigull eins og hann er mældur á einstökum landsvæðum er láttinn ráða hitaástandi utan gosbeltisins en innan þess er gert ráð fyrir að hitastigull sé lágur í efsta kílómetra jarðskorpunnar nema á háhitasvæðum þar sem stuðst er við niðurstöður hitamælinga í borholum.


Þegar dýpra er haldið er stuðst við jarðeðlisfræðilegar mælingar og líkanreikninga um gliðnun lands. Með mælingum á rafstraumum í jörðinni hefur verið hægt að fá upplýsingar um rafleiðni og þar með hita í bergi á miklu dýpi undir gosbeltunum (Hermance og Grillot, 1970, 1974; Beblo og Axel Björnsson, 1978, 1980). Þessar mælingar gefa til kynna að lag með lágu viðnámi sé að finna á minna en 10 km dýpi innan gosbeltisins og meira en 20 km dýpi utan þess á þeim svæðum sem lengst eru frá því. Tengsl viðnáms við hita benda til þess að þetta lag sé $1000-1100^{\circ}\text{C}$ heitt. Upptök jarðskjálfta gefa einnig mikilvægar upplýsingar. Innan gosbeltisins eru upptök skjálfta yfirleitt á innan við 6 km dýpi (Ward og Sveinbjörn Björnsson, 1971; Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson, 1974) en utan gosbeltisins geta upptökkin verið á 20-30 km dýpi eins og sést á skjálftum samfara gosinu á Heimaey 1973.

Einnig má styðjast við reiknilíkan af jarðskorpumyndun í gliðnunar- og gosbelti til að áætla hitaástand í jarðskorpunni á 5-10 km dýpi (Guðmundur Pálason, 1973, 1980, 1981). Hraun og kvikuinniskot neðan úr móttli bæta jarðskorpunni jafnóðum upp þá gliðnun sem verður í gosbeltinu, við landrekjð. Kvikuinniskotin eru meginvarmagjafi jarðskorpunnar í gosbeltinu. Út frá ýmsum stærðum sem mæla má eða áætla, svo sem rekhraða, hraunaframleiðslu, breidd innskotabeltis o.fl., má reikningslega áætla hitaástand jarðskorpunnar í gosbeltinu, og reyndar utan þess lika. Slíkir reikningar benda til þess að á um 6 km dýpi undir gosbeltisásnum sé hiti orðinn um 1000°C og því sé ekki langt í kviku. Ekki er í þessum reikningum gert ráð fyrir kólnun yfirborðs-laga af völdum vatnshringrásar, en slík kólnun gæti aukiað dýpi niður á 1000°C hita um 1-2 km.

Hitaástand jarðskorpunnar skv. ofangreindu reiknilíkani er sýnt á mynd 7. Þar er einnig sýndur yfirborðshitastigull miðað við að vatns- hringrás trufli ekki hitaástandið.

Mynd V.1-1 sýnir samantekt gagna er varða hitaástand jarðskorpunnar umhverfis gosbeltið á Norðausturlandi. Lágvíðnámslagið frá rafleiðni- mælingum, sem talið er að sé milli 1000 og 1100°C heitt, er dekkt á myndinni. Jafnhitalínur frá gosbeltislíkaninu (úr mynd 7) eru dregnar bannig að miðja gosbeltisins fellur saman við grynnstu lægð í raf- leiðnimælingum (í mælistöð AUS = Austari brekka). I efri hluta myndarinnar er mældur hitastigull úr borholum á Norðaustur- og Austur- landi (hringir) ásamt reiknuðum hitastigli úr gosbeltislíkaninu (heil- dregin lína).

I stórum dráttum virðist vera gott samræmi milli þessara þriggja að- ferða við mat á hitaástandi undir landinu og gefur það vissa vís- bendingu um áreiðanleika þeirra forsendna varðandi hitaástandið, sem hér er byggt á.



MYND V.1-1 Samantekt gagna um hitaástand undir Norð-Austurlandi

HEIMILDASKRÁ

Beblo, M. og Björnsson, 1978: Magnetotelluric investigation of the lower crust and upper mantle beneath Iceland. *J. Geophys.*, 45: 1-16.

Beblo, M. og Axel Björnsson, 1980: A model of electrical resistivity beneath NE-Iceland, correlation with temperature. *J. Geophys.*, 47: 184-190.

Guðmundur Pálason, Stefán Arnórsson, Ingvar B. Friðleifsson, Hrefna Kristmannsdóttir, Kristján Sæmundsson, Valgarður Stefánsson, Benedikt Steingrímsson, Jens Tómasson og Leó Kristjánsson 1979: The Iceland Crust: Evidence from drillhole data on structure and processes. 1: Talwani, M., Harrison, C.G.A., Hayes, D.E. (ritstj.). Deep drilling results in the Atlantic ocean: Ocean Crust. Maurice Ewing Series, 2: 43-65, Am. Geophys. Union.

Guðmundur Pálason 1973: Kinematics and heat flow in a volcanic rift zone with application to Iceland. *Geophys. J.R. Astr. Soc.*, 33: 451-481.

Guðmundur Pálason og Kristján Sæmundsson 1979: Summary of conduction heat flow in Iceland. I: Cermák, V. and Rybach, L. (ritstj.). *Terrestrial heat flow in Europe*. Springer-Verlag, Berlin, Heidelberg: 218-220.

Guðmundur Pálason 1980: A continuous model of crustal generation in Iceland: Kenematic aspects. *J. Geophys.* 47: 7-18.


Guðmundur Pálason, 1981: Crustal rifting and related thermo-mechanical processes in the lithosphere beneath Iceland. *Geol. Rundschau* 70, 1: 244-260.


Hermance, J.F. og Grillot, L.R. 1970: Correlation of magnetotelluric, seismic and temperature data from southwest Iceland. *J. Geophys. Res.* 75: 6582-6591.

Hermance, J.F. og Grillot, L.R. 1974: Constraint on temperatures beneath Iceland from magnetotelluric data. *Phys. Earth Planet. Int.*, 8: 1-12.

Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson 1974: Seismicity of Iceland. I: Kristjánsson, L. (ritstj.). *Geodynamics of Iceland and the North Atlantic Area*. Dordrecht Dreidel Publ. Co.: 225-239.

Ward, P.L. og Sveinbjörn Björnsson 1971: Microearthquakes, swarms and the geothermal areas of Iceland. *J. Geophys. Res.* 76, 3953-3982.





VIÐAUKI 2 Mat á afköstum jarðhitasvæða

I útreikningum á mati á jarðvarma hefur verið stuðst við "rúmmáls-
aðferð", en þar er rúmmál bergsins, eðlisvarmi og hitaástand þess lagt
til grundvallar. Við nýtingu varmans er gert ráð fyrir 50 ára
endingartíma og engri endurnýjun inn á svæðið. Með þessari aðferð er
á einfaldan hátt hægt að fá hugmynd um þá varmaorku sem fólgin er í
berginu, en nýting einstakra svæða fer fyrst og fremst eftir því
hversu vel vatnsleiðandi bergið er.


Gunnar Böðvarsson hefur gert nokkur frædileg líkön til þess að meta afköst jarðhitasvæða (Gunnar Böðvarsson, 1974). Þessi líkön eru:

- Líkan I. Rennsli eftir sprungum eða skilflötum
Líkan II. Rennsli gegnum gropið berg (porous rock)
Líkan III. Gufuvinnsla úr holum í bergi

Sé rennsli vatns á jardhitasvæðum eftir sprungum (I), þá er varminn sem upp er tekinn ekki einungis háður vatnsmagni heldur og vinnslutíma. Varma bergsins þarf að leiða eftir berginu og að sprungunni, þar sem vatnið flytur varmann upp á yfirborðið. Varmaleiðni bergsins takmarkar því vinnsluhraðann (afköstin). Sé hins vegar um að ræða rennsli gegnum gropið berg (II) eða gufuvinnslu úr holum í bergi (III) er varminn, sem upp er tekinn, eingöngu háður heildarvatnsmagni sem tekið er úr svæðinu.

Líkan I. Rennsli eftir sprungu

Betta líkan er notað þegar jardhitasvæðið er úr þéttu bergi, en vatnsrennslíð er allt um sprungur sem liggja í gegnum bergskrokkinn. Mynd V.2-1 sýnir löðréttan skurð í gegnum bergskrokkinn. Bergið hefur eðlismassann ρ_b , eðlisvarmann c , varmaleiðnina K , og "thermal diffusivity", sem skrifa má sem $a = K/(\rho_b c)$. Í upphafi ($t=0$) er samihiti um allan bergskrokkinn T_0 . Gert er ráð fyrir að eðliseiginleikar bergs og vatns séu ekki háðir hita. Í upphafi ($t=0$) byrjar vatn að streyma inn í sprunguna í punktinum $(x,y)=(0,0)$ á mynd V.2-1. Streymið inn í sprunguna er q á hverja lengdareiningu í z - stefnu, b.e. út úr mynd V.2-1.



MYND V.2-1 Rennsli um sprungu í jarðhitakerfi

I upphafi er vökvinn kaldur ($T=0$), og hann hefur eðlisvarmannσ. Vökvinn streymir eingöngu eftir sprungunni í X-stefnu. Vökvinn hitnar af berginu, og bergið kólnar. Hiti vatns og bergs er háður $T(x,y,t)$ og má vísa til Carslaw, Jaeger 1959 og Gunnar Böðvarsson 1969 sem sýna lausn á fallinu $T(x,y,t)$.

$$T(x,y,t) = T_0 \operatorname{erf} \left[\frac{\alpha x + |y|}{2\sqrt{\alpha t}} \right], \quad x \geq 0, \quad t \geq 0 \quad (1)$$

þar sem

$$\alpha = \frac{2K}{\sigma q} \quad (2)$$

og

$$\operatorname{erf}(u) = \frac{2}{\pi} \int_0^u e^{-x^2} dx \quad (3)$$

Af líkingunni má sjá hita vökvans ($y=0$)

$$T_f = T(x,0,t) = T_0 \operatorname{erf} \left(\frac{Kx}{\sigma q \sqrt{\alpha t}} \right) \quad (4)$$

Lítum nánar á stað í fjarlægðinni x frá innstreymisstað. A tíma-bilinu $t=0$ til t hefur massastreymid verið $q \cdot t$ á hverja lengdareiningu í z-stefnu. Þessi massi hefur hitnað vegna snertingar við bergið, og $\Delta = q \cdot t/x$, er heildarmassinn sem er hitaður upp á hverja flatar-málseiningu. Jöfnu 4 má skrifa þannig:

$$r(t) = \frac{T(x,0,t)}{T_0} = \operatorname{erf} \left(\frac{\beta \sqrt{t}}{\Delta} \right) \quad (5)$$

þar sem $r(t)$ er hlutfallslegur hiti vatnsins af upprunalegum hita bergsins.

$$\beta = \frac{K}{\sigma \sqrt{\alpha}} \quad (6)$$

Meðalhiti vatnsins er þá

$$T_m(t) = \frac{T_0}{t} \int_0^t r(\tau) d\tau = \frac{T_0}{t} \int_0^t \operatorname{erf} \left(\frac{\beta x}{q \sqrt{\tau}} \right) d\tau \quad (7)$$

sem má skrifa þannig

$$T_m(t) = T_0 A \left(\frac{\beta \sqrt{t}}{\Delta} \right) \quad (8)$$

þar sem fallið $A(u)$ er

$$A(u) = 2u^2 \int_u^\infty \frac{1}{x^3} \operatorname{erf}(x) dx \quad (9)$$

$A(u)$ má skrifa þannig

$$A(u) = -2u^2 + \operatorname{erf}(u) + \frac{2u}{\sqrt{\pi}} e^{-u^2} + 2u^2 \operatorname{erf}(u) \quad (10)$$


Tafla V.2-1 sýnir hvernig afköst sprungins jarðhitasvæðis og varmaheimta á 50 árum er háð því vatnsrennslí sem er tekið úr svæðinu. Forsendurnar fyrir reikningunum eru eftirfarandi:

Kalt vatn streymir inn í sprungurnar í stað þess vatns sem tekið er upp, og kalda vatnið hitnar af berginu.

Upphafshiti bergs = 250°C ,
 Flatarmál jarðhitasvæðis = 4 km^2
 Eðlismassi bergs = $\rho = 3000 \text{ kg/m}^3$.
 Eðlisvarmi bergs = $c = 900 \text{ J/kg}^{\circ}\text{C}$.
 Varmaleiðni bergs = $K = 1,7 \text{ W/m}^{\circ}\text{C}$.
 Þykkt jarðhitasvæðis = 2 km.

A hverjum 1000 m eru þrjár láréttar sprungur.

Afköst jarðhitasvæðis sem fall af vinnslu úr því eru einnig sýndar á mynd V.2-2 sem líkan I.



MYND V.2-2 Vatnsvinnsla úr bergi á 50 árum


Tafla V.2-1: Afköst jarðhitasvæðis við vatnsvinnslu úr sprungu bergi

Vatnsmagn úr hverri sprungu kg/s	Meðalhiti vatns sem dælt er upp $^{\circ}\text{C}$	Vatnsmagn alls tekið úr svæðinu kg/s	Varmi tekinn úr svæðinu 10^{17} J	Varma- heimta* 10^{17} J	Afköst jarðhita- svæðis W/m^2
5	250	30	0,5	0,01	8
10	250	60	1	0,02	16
20	250	120	2	0,04	32
40	243	240	3,9	0,07	62
80	205	480	6,6	0,12	105
160	135	960	8,4	0,16	133

* miðast við 50 ár

Líkan II. Rennsli gegnum gropið berg

Þegar vatn rennur gegnum gropið berg, hefur vatnið mjög stóran snertiflót við bergið. Vatnið fær því strax sama hita og bergið.



MYND V.2-3 Rennsli gegn um gropið berg

Mynd V.2-3 á að sýna hita bergs í þverskurði jordhitasvæðis. Jordhitasvæðið er hringlaga og hefur gropið berg. Á miðju svæðinu er borholu sem dælt er upp úr. Inn um jaðra jordhitasvæðisins rennur kalt vatn ($T=0$). Vatnið hitnar vegna snertingar við bergið og fær hitann T_0 . Jarðhitasvæðið kólnar við jaðrana, og fær þar hitann ($T=0$). Í fjarlægðinni r frá borholunni eru hitaskil, þar sem hiti bergsins vex úr $T=0$ í $T=T_0$. Þessi hitaskil færast með hraðanum w að holunni.

Stilli má upp jöfnu fyrir varmajafnvægi.

$$\text{Varmi upp úr borholu} = Q \sigma T \quad (11)$$

Q : Rennsli upp úr borholunni kg/s

σ : Eðlisvarmi vatns, $4200 \text{ J/kg}^{\circ}\text{C}$

T_0 : Upphafshiti bergs

$$\text{Varmi tekinn úr bergi} = 2 \pi r D w \rho_b c T_0 \quad (12)$$

r : Fjarlægð í hitaskil

D :þykkt jordhitasvæðisins

w : Hraði hitaskila = $-\delta r / \delta t$

ρ_b : Eðlismassi bergs, 3000 kg/m^3

c : Eðlisvarmi bergs, $900 \text{ J/kg}^{\circ}\text{C}$

Jafnan fyrir varmajafnvægi verður þannig:

$$Q\sigma T_0 = -2 \pi r D w \rho_b c T_0 \quad (13)$$

$$\int_0^t \delta t = - \frac{2\pi D \rho_b C}{Q\sigma} \int_{r_0}^r r \delta r \quad (14)$$

$$t = \frac{\pi D \rho_b C}{Q\sigma} \left(\frac{r^2 - r_0^2}{2} \right) \quad (15)$$

$$r = \sqrt{\frac{\frac{\pi D \rho_b C}{Q\sigma} \cdot r_0^2 - t}{\frac{\pi D \rho_b C}{Q\sigma}}} \quad (16)$$

I því líkani sem hér hefur verið sett upp, af vatnsrennsli gegnum heitt gropið berg, þá er gert ráð fyrir að taka megi allan varmann úr bergenú aðeins ef nægjanlegt vatn er tekið upp úr borholunni í miðju svæðinu. Eftirfarandi tafla, tafla V.2-2, sýnir hvernig varmaheimta er háð því vatnsmagni sem dælt er úr jarðhitasvæðinu á 50 árum. Forsendur fyrir útreikningunum eru:

Stærð svæðis 4 km^2

þykkt svæðis 2 km

Upphafshiti $T = 250^\circ\text{C}$

Dælt er úr svæðinu í 50 ár.


Afköst jarðhitasvæðis og varmaheimta er einnig sýnd á mynd V.2-2, sem líkan III.

Tafla V.2-2: Afköst jarðhitasvæðis við vatnsvinnslu úr gropnu bergi.

Dæling úr svæðinu	Heildar- vatnsmagn tekið úr svæðinu	Varmi tekinn úr svæðinu	Upphaf- varmi svæðisins	Varma heimta	Afköst jarðhita- svæðis
kg/s	10^{11} kg	10^{17} J	10^{18} J		W/m^2
10	0,16	0,17	5,4	0,003	2,7
20	0,32	0,33	-	0,006	5,4
60	0,95	1,0	-	0,019	16
120	1,9	2,0	-	0,037	32
240	3,8	4	-	0,074	64
480	7,6	8	-	0,148	128
960	16	16	-	0,30	256

Líkan III. Gufuvinnsla úr holum í bergi

I þessu líkani er gert ráð fyrir að jarðhitasvæðid sé umlukid þéttum veggjum, og ekkert vatn renni inn í svæðið í stað þess sem tekið er upp úr svæðinu. Allar holur í bergenú eru fullar af vatni. Varma-vinnslan fer þannig fram að gufa er tekin upp úr borholum. Gufan myndast vegna suðu vatns úr holum í bergenú. Við suðuna tekur vatnið varma úr bergenú og breytist í gufu, sjá mynd V.2-4.



Mynd V.2-4

JHD-SK-9000-GKH
85.10-1228-JSH

Hlutfallslegt rúmmál vatns
og gufa í holum

MYND V.2-4 Gufuvinnsla úr holum í bergi.

$$\text{Rúmmál gufu í holum} / \text{Rúmmál hola} = u \quad (17)$$

$$\text{Rúmmál vatns í holum} / \text{Rúmmál hola} = 1-u \quad (18)$$

Stilla má upp jöfnu fyrir varðveislu orkunnar þannig:

$$\rho_b c dT + (1-u) \psi \rho_f \sigma dT = -\psi \rho_f h \frac{\delta u}{\delta T} dT \quad (19)$$

Orkubreyting á rúmmálseiningu bergs	Orkubreyting í vatni í holum í berginu	Orka sem þarf til að vatnshlutfallið u í holunni gufi upp
---	---	--

ρ_f : Eðlismassi vatns
 h : Uppgufunarvarmi vatns
 ψ : Groppan í berginu

Uppgufunarvarminn h er háður hita.

Jöfnu (19) verður því að leysa númerískt.

Lítum nánar á jöfnu (19). Gerum þá nálgun að uppgufunarvarminn, h , sé ekki háður hita. Þá má leysa jöfnu (19) analytiskt og lausnин er:

$$u = \left(1 + \frac{\rho_b C}{\psi \rho_f \sigma}\right) \left[1 - \exp \left(\frac{\sigma (T - T_0)}{h}\right)\right] \quad (20)$$

Allt vatnið hefur gufað upp þegar $u = 1$. Jafnan fyrir lokahita bergsins T_L , er þá þannig:

$$T_L = T_0 + \frac{h}{\sigma} \ln \frac{B}{1+B} \quad (21)$$

$$B = \frac{\rho_b C}{\psi \rho_f \sigma} \quad (22)$$

Tökum sem dæmi sama jarðhitasvæði og áður:

Forsendur: Stærð 4 km^2

þykkt 2 km

Upphafshiti 250°C

Vinnsla úr jarðhitasvæðinu í 50 ár

$\rho_b = 3000 \text{ kg/m}^3$

$C = 900 \text{ J/kg}^\circ\text{C}$

$\rho_f = 830 \text{ kg/m}^3$

$\sigma = 4200 \text{ J/kg}^\circ\text{C}$

$h = 1,8 \cdot 10^6 \text{ J/kg}$, uppgufunarvarmi vatns.

Niðurstaðan er sett upp í töflu V.2-3 og sýnd á mynd V.2-2, líkan III.

TAFLA V.2-3 Afköst jarðhitasvæðis við gufuvinnslu úr holum í bergi

Blástur úr svæðinu kg/s	Gufa tekin úr svæðinu 10 ¹¹ kg	Groppa bergs T, °C	Lokahiti bergi úr bergi 10 ¹⁸ J	Varmi* tekinn úr bergi 10 ¹⁸ J	Varma-* heimta jarðhita- svæðis W/m ²	Afköst svæðis W/m ²
42	0,07	0,01	244	0,18	0,03	28
84	0,13	0,02	239	0,36	0,07	57
208	0,33	0,05	223	0,92	0,17	146
416	0,66	0,10	198	1,8	0,33	285
624	0,99	0,15	174	2,8	0,52	444
832	0,13	0,20	151	3,6	0,67	571
1068	0,17	0,25	130	4,8	0,89	761


*miðast við 50 ár


HEIMILDASKRÁ

Carslaw, H.W. Jaeger, J.C., 1959: Conduction og heat in solids. 2nd. Edition. Oxford, Clarendon Press, 496 pp.

Gunnar Böðvarsson, 1969: On the temperature of water flowing through fractures. J. Geophys. Res., 74: 1987.

Gunnar Böðvarsson, 1974: Geothermal resource energetics, Geothermics, 3:3.





VIÐAUKI 3 Nýtni jarðvarma til raforkuvinnslu

Hitaorkan, sem fólgir er í jarðhitageyminum og unnin er úr borholum er einungis að hluta breytanleg í raforku. Töp verða vegna kælingar í farvegi gufunnar og mekanisk töp í túrbínu. Til einföldunar er hér aðeins fundin fræðileg nýtni og gert er ráð fyrir að ástandsbreytingar séu "ísentalpískar" í farveginum en "ísentropískar" í túrbínunni. Enn fremur er "mekanisk" nýtni túrbínunnar áætlud 75% en öðrum töpum sleppt. Til skýringar er ferill orkunnar dreginn upp á mynd V.3-1.

Nýtni raforkuvinnslu úr djúpvatni við hita T, miðað við ferilinn á mynd V.3-2.

$$\eta_w = 0,183 \left(1 - \frac{130}{h_T'}\right)$$

Sjá skýringar á mynd V.3-1.

Nýtnin er þannig háð entalpiu djúpvatnsins og til hægðarauka er fundin þríðju gráðu líking, sem fall af djúphita(T), sem nálgast ofangreinda líkingu.

$$\eta_w(T) = -0,2797 + 3,2023 \cdot 10^{-3} T - 9,4001 \cdot 10^{-6} T^2 + 1,0112 \cdot 10^{-8} T^3$$

og gildir þessi líking fyrir hita milli 130 og 374°C með um eða innan 5% nákvæmni, sjá mynd V.3-2.

Nú er háhitasvæði með breytilegum hita og er reiknað með því hér að hitinn sem fall af dýpi fylgi suðumarksferlinum eða margfeldi af honum en nálgunarlíking hans er, sbr. gr. 3.4:

$$T_s = 69,56 z^{0,2085}$$


Við vinnslu raforku með jarðvarma er eins og ádur greinir einungis reiknað með þeim hluta varmans í svæðinu, sem er með hærri hita en 130°C. Enn fremur er reiknað með að ákvædinn hluti varmafordans ofan við 130°C náist upp úr borholum til vinnslunnar. Eru hér notaðir hundraðshlutarnir R = 10%, 20% og 30%.

Nú er ekki ljóst, hvernig svæðid kólnar við vinnsluna, en gera má ráð fyrir að hitaferillinn lækki óreglulega bæði með dýpi og tíma. Hér er valið að reikna two kosti, A og B, sem gætu verið rammi um kólnunina í svæðinu, þ.e.a.s. að raunveruleg kólnun svæðanna sé innan marka þessara tveggja kosta.


A: Reiknað er með að svæðid kólni niður í 130°C. Við þessa kólnun náist R % af varmafordanum upp úr borholum til raforkuvinnslu.

B: Reiknað er með að svæðid kólni á þann hátt að hitaferillinn hliðrist við vinnsluna um k °C þannig að í beltinu milli upphafs- og lokahitaferils séu fólgir R % af varmafordanum og náist þau upp úr borholum til raforkuvinnslu.

Sú raforka sem vinna má úr hitaorku með hita T er



MYND V.3-1 Ferill orkunnar í raforkuvinnslu



MYND V.3-2 Fræðileg nýtni jardvarma til raforkuvinnslu

$$dw = \eta_w(T) c dT$$

Meðalnýtnin til raforkuvinnslu yfir kólnunina eins og hún er gefin í kostum A og B fæst úr eftirfarandi líkingum:

Nýtnin miðað við kost A er:

$$\eta_A = \frac{R \int_{z_{130}}^{3000} \int_{130}^T \eta_w(T) c dT dz}{\int_{z_{130}}^{3000} c(T-130) dz}$$

Nýtnin miðað við kost B er:

$$\eta_B = \frac{\int_{z_{130}}^{3000} \int_{130}^T \eta_w(T) c dT dz - \int_{z_{130+k}}^{3000} \int_{130+k}^{T+k} \eta_w(T) c dT dz}{\int_{z_{130}}^{3000} c(T-130) dz}$$

þar sem k fæst úr:


$$(1-R) \int_{z_{130}}^{3000} c(T-130) dz = \int_{z_{130+k}}^{3000} c(T-130+k) dz$$


TAFLA V.3-1. Heildarnýtni varmaforda háhitasvæða til raforkuvinnslu miðað við kosti A og B.

X	R=10%	R=20%	R=30%
0,9	0,65 - 0,96%	1,29 - 1,84%	1,94 - 2,67%
0,8	0,57 - 0,84%	1,13 - 1,62%	1,70 - 2,35%
0,7	0,47 - 0,71	0,94 - 1,36%	1,41 - 1,96%

Af töflu V.3-1 sést að nýtni varmafordans (yfir 130°C) í háhitasvæði til raforkuvinnslu er frá 0,47% (X = 0,7, R = 10%, kostur A) til 2,67% (X = 0,9, R = 30%, kostur B).


Eins og áður greinir er kólnun svæðanna í vinnslu samkvæmt kostum A og B ætlað að vera rammi um kólnunina eins og hún verður raunverulega og má þá álykta að raunveruleg nýtni heildarvarmafordans í háhitasvæði til raforkuvinnslu sé innan markanna 0,47% til 2,67%. Hér er valið að nota meðalnýtnina = 1,6%, sem miðast við 20% varmaheimtu og kost B. Miðad við 20% varmaheimtu verður nýtni varmans úr borholu til raforkuvinnslu 8%.





VIÐAUKI 4 Lághitasvæði

Fyrsta ágiskun um heildarrennsli úr hitalindum á lághitasvæðum er 1200 l/s (Porkell Porkelsson 1929). Þessi tala hefur farið hækandi síðan eftir því sem rennslismælingar komu til á fleiri stöðum. Gunnar Böðvarsson (1956) giskaði á 1500 l/s. Sú tala var byggð aðallega á skýrslu Rannsóknaráðs ríkisins (1944) um athuganir á alkalískum jarðhitasvæðum (þ.e. lághitasvæðum). Kristján Sæmundsson og Ingvar Birgir Friðleifsson (1980) giskuðu á samtals 1800 l/s. Nýjustu úttekt á þessu er að finna í töflu V.4-1. Þar er niðurstöðutalan um samanlagt afrennsli lághitasvæðanna ($15-100^{\circ}\text{C}$) fyrir boranir um 2000 l/s. Þar er eingöngu miðað við mælt og áætlað rennsli, en hinu sleppt sem engar upplýsingar eru til um. Þessi tala á því eftir að hækka. Í töfluna vantar allan jarðhita, sem er undir 15°C . Upplýsingar um volgrur á hitabilinu $6-14^{\circ}\text{C}$ eru afar naumar, og lítið hefur verið sinnt um að safna þeim kerfisbundið. Á mynd V.4-1 er sýnt hvernig náttúrlegt rennsli skiptist eftir hita.




MYND V.4-1 Náttúrlegt rennsli lághitasvæða eftir hita

Varmaorku lághitasvæðanna mat Gunnar Böðvarson (1956) $4 \cdot 10^8$ kcal/h (eða 10^8 cal/s, sami höf. 1961). Niðurstaðan eftir þeim gögnum sem nú liggja fyrir um lághita á Íslandi er að finna í sérstakri skrá (tafla V.4-2) í lok viðaukans. Líta má á þessar tölur sem lágmarksafli lághitasvæðanna við náttúrleg skilyrði. Auk þess geyma þau ákvæðinn varmaforda (orku). Lítið er vitað um varmaforda einstakra lághitakerfa, eða hversu mikill hluti hans er vinnanlegur. Reynslan af borunum sýnir að ganga má á varmafordann og auka þannig afl svæðanna tímabundið oft, 10-20 falt í nokkra áratugi a.m.k., miðað við náttúrlega aflið.


A tveimur kortum (myndir V.-4.2 og 3) er varmaafli lághitasvæða skipt eftir landshlutum (sýslum). Athygli vekur lítill jarðhiti á austurhluta landsins. Mikill jarðhiti í Borgarfirði, Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslum er sennilega afleiðing af háu varmastreymi og ungum brotahreyfingum sem halda opnum rásum fyrir rennsli heits vatns í berggrunni. Sama gildir líklega í Suður-bingeyjarsýslu. Annars staðar á norðvestanverðu landinu er varmastreymi álika hátt og á Austurlandi, en ungrar höggunar gætir þar meira en austanlands.

A lághitasvæðum er oft erfitt að skilja á milli einstakra jarðhitasvæða. Einna helst er litið á landfræðilegar aðstæður og þá jafnframtíð miðað við, að líkt hagaði til um uppstreymisskilyrði, hita og efnainnihald í vatninu. Í slíkri skilgreiningu er látið liggja á milli hluta hvort um eitt eða fleiri jarðhitakerfi geti verið að ræða. Gunnar Böðvarsson (1960 og 1961) taldi lághitasvæðin vera kringum 250 með um 600 aðalhverum og laugum. Síðari talan hefur ekki breyst og ástæðulaust að hrófla við þeirri fyrri, nema ákveðnar skilgreiningar liggi fyrir.

Vatnsleiðarar á lághitasvæðum eru einkum berggangar og sprungur og jarðhitageymirinn nánast tvívíður. Flest slík jarðhitakerfi eru fremur afllítill, og leyfa vatnstöku sem nemur í fáum tilfellum yfir 100 l/s en oftast einungis nokkrum tugum l/s. Jarðhitasvæðin kringum Reykjavík eru meðal fárra lághitasvæða með greiðum samgangi milli borhola þvert á stefnu ganga, misgenga og berglaga og samkvæmt því þrívíðum jarðhitageymi. Um dýpi vatnshringrásar í lághitakerfum er ekki vitað, en dýpstuvatnsleiðarar hafa fundist á 2-3 km dýpi. Í úthafsskorpu nær vatnshringrás niður í gegnum alla skorpuna og er virkust á sjálfum plötuskilunum en smáðvínar út frá þeim (Gregory og Taylor, 1981). Lághitakerfin á Íslandi eru sama eðlis. Flest þau öflugustu á Suðurlandi, í Kjósarsýslu, og í Suður-bingeyjarsýslu eru næst plötuskilum, en þau afminni fjær. Aflmesta lághitasvæðið í Borgarfirði er þó fjarri eiginlegum brotaskilum, en virkt brota- og líklega innskotabelti liggur þar norður af. Dýpi og umfang vatnshringrásar minnkar sennilega örт eftir því sem fjær dregur plötuskilum og virkum brotabeltum.



MYND V.4-2 Varmaafl lághitasvæða, yfir 15°C



MYND V.4-3 Varmaafl lághitasvæða, yfir 40°C

TAFLA V.4-1. RENNSLI OG VARMAAFL HITALINDA Á LÁGHITASVÉÐUM Á ÍSLANDI

	RENNSLI (1/s) yfir 15°C	VARMAAFL (MW) yfir 15 °C	yfir 40 °C
GULLBRINGU- OG KJÓSARSÝSLA	141	44	24
BORGARFJARDARSÝSLA	454	156	94
MÝRASÝSLA	75	17	7,8
HNAPPADALSSÝSLA	10	1,1	0,3
SNÆFELLSNESSÝSLA	1,3	0,4	0,3
DALASÝSLA	2,6	0,5	0,1
V-BARÐASTRANDARSÝSLA	30	7,7	0,2
A-BARÐASTRANDARSÝSLA	137	17,3	7,8
V-ÍSAFJARDARSÝSLA	2	0,5	0,2
N-ÍSAFJARDARSÝSLA	155	29,5	8,8
STRANDASÝSLA	125	27	7,0
V-HÚNAVATNSSÝSLA	19	5,5	2,5
A-HÚNAVATNSSÝSLA	2	0,5	0,5
SKAGAFJARDARSÝSLA	185	35	13
EYJAFJARDARSÝSLA	50	7	1,3
S-ÞINGEYJARSÝSLA	106	30	16
N-ÞINGEYJARSÝSLA	2	0,2	0
N-MÚLASÝSLA	13	0,5	0,1
S-MÚLASÝSLA	0	0	0
A-SKAFTAFELLSSÝSLA	7	1,3	0,2
V-SKAFTAFELLSSÝSLA	3	0,2	0
RANGÁRVALLASÝSLA	56	8,4	2,5
ÁRNESÝSLA	388	122	69
SAMTALS	1991,3	511	255

TAFLA V.4-2 SKRÁ YFIR LÁGHITA Á ÍSLANDI

Hiti °C Rennsli 1/s Athugasemdir Heimild

GULLBR. OG KJÓSARSÝSLA

Bessastadahreppur

Hlið	67	?	Kemur upp á stórstraumsfjöru	GIH, JBen
Reykjavík				
Laugarnes	75-88	11	Rennsli mælt	TVFÍ 1926
Rauðará	30	?		þþ 1928
Örfirisey	?	?	Rauk úr sprungu á háfjöru	þórb.þ. 1930
Breiðholt, næst bæ	36-40	?	1200 m lína	þþ 1928, JJ
Gröf (Grafarholt)	20-25	0,2		þþ 1928, Bragi '76

Mosfellshreppur

Blikastaðir	18-22	?		JJ, IBF
Suðurreykir	mest 83	110	Rennsli mælt	þþ 1928, Sig. Öl'32
Norðurreykir	mest 83	7,4	Lágmarksrennsli	þþ 1928, Matsg. '47
Álfnes	24	1-2		
Bringur	35	?	Norðan í Grímannsfelli	JJ
Úlfarsá	21	?		GIH, GG

Kjalarneshreppur

Esjuberg	26	?		IBF
Kollafjörður	mest 56	1		þþ 1928, RR 1944
Stardalur, Laugarhóll	24	0,6		IBF, GIH

Kjósarhreppur

Fremriháls	22	0,5		IBF
þrándarstaðir	18-22	> 3	Breytilegt	KS
Ingunnarst., Selflatir	17,2	0,8		KS
" Hrísakot	31,2	0,5	Uppi á hálsi	KS
" Hrísakot	15	?	Vestan v. túnið	KS

Hiti °C Rennsli 1/s Athugasemdir Heimild

BORGARF JARDARSÝSLA

Strandarhreppur

Stóribotn rétt vestan

við Hvalskarðsá	26	?	í 300 m hæð	JJ 1962a
" vestan við				
vegarslóða	31,7	?	í 250 m hæð	KS
" Botnsá	15	?	Framan v. gljúfrið	JJ 1962a

Leirár- og Melahreppur

Leirá	35-55	0,3	Kalkhrúður	RR 1944
-------	-------	-----	------------	---------

Andakílshreppur

Hellur	48-95	1,9	Lágmarksrennsli	OSJHD 7627
Bær	41-81	1,4	Allt á sömu	OS81014/JHD09
Jáðar, Laugar-			jarðhitalínu	
holt/Langholt	(44)-82,5	4,4		OS811014/JHD09

Skorradalshreppur

Efrihreppur	34-53	10		OSJHD 7555, OSJHD 7606
Háafell	44	0,1		OSJHD 7555, EG
Fitjar, Hvítimelur	19	?		HJ
Sarpur	15-22	≈ 1	"	OSJHD 7555
Bakkakot, Laugardóll	22	≈ 3	Uppi í fjalli	OSJHD 7555
Vatnshorn	16-19	≈ 0,8		OSJHD 7555
" utar og hærra í hlíð	15	>1		KS
Hagi Hvítablettseyri			Ekki athugað	
Efstibær, við Fitjaá			Ekki athugað	
Fitjar í Botnsheiði			Ekki athugað	
Eiríksfell við Suðurá			Ekki athugað	
Vakir í Eiríksvatni			Ekki athugað	

Lundarreykjadalshreppur

Snartarstaðir/Hóll	19-60	?	Hitasvæði milli fjalls og árinna	KS
Gullberastaðir	25			KS
Lundur	11-15	≈ 1		KS
Brautartunga	94,5-96,1	2	Rennsli mælt	GIH, UNU Report 1981-4
Reykjir, Krosslaug	45	≈ 1		KS
" ofan Reykjafoss	86-89	0,6	"	GIH
" neðan Reykjafoss(20)-61		?	"	KS

	Hiti °C	Rennsli l/s	Athugasemdir	Heimild
Reykir, Laugamýri	24-42	?		KS, GIH
" Flókamýri	19-39	?		KS, GIH
Reykjahver	76	0,66	Rennsli mælt	GIH
" Heimahverir	43-64,5	0,3	"	GIH
" Volgudý	20-46,5	?		KS
England, hverir	(25)-93,3	6,8	Rennsli mælt	GIH
" hlíð ofan				
við hveri	19-43,5	> 0,1		GIH
Bverfell, Kvíagil	21	1		KS
" niður undan				
Kaldárgili	20	?		KS
" sunnan v.fjallíð	23	2-3		KS
Gilstreymi nál.bæ	17-23	1-2		KS
" Tunguá A af				
Lágafelli	20	lítioð		KS
" Tunguá				
móti Vörðufelli	14-15	≈ 5		KS
Gullberastaðasel	20-21,5	?	í afrétti	KS
Sunnan Grímsár				
neðan Selfoss	40	≈ 2	"	KS
Við Grímsá 500 m				
neðan Kaldár	15	≈ 2	"	KS
Neðan við Lambárfoss	15	≈ 1	"	KS
1,5-2 km innan v.				
Lambárfoss	19-31	> 1	"	KS
2-3 km innan v.				
Lambárfoss	21-55	> 10	"	KS
Skotmannstjarnir				
nordurendi	22,5	≈ 2	"	KS
Skotmannstjarnir				
suðurendi	32	?	"	KS
Við Engjadalsá SA			í afrétti	
frá Skotmannstjörn			Ekki athugað	

Reykholtsdalshreppur

Heildarskýrsla um Reykjanessvæðið kom út 1971 (Sveinbjörn Björnsson o.fl. 1971) og er eftirfarandi lýsing samin með hliðsjón af henni og frædigreinum um svæðið. Bergmyndanir á utanverðu Reykjanesi eru móberg frá seinni hluta ísaldar og yfir það leggjast nútímahraun og hylja þau hluta jarðhitasvæðisins. Berg er eingöngu basalt. Óvist er um eldvirkni á sögulegum tíma. Hugsanlegt er að gosið hafi í gígaröðinni Stömpum á sögulegum tíma (Jón Jónsson 1978). Jarðskjálftar eru tíðir en yfirleitt fremur litlir, t.d. gekk jarðskjálftahrina yfir svæðið 30. september 1967 og voru sterkstu kippirnir þá um M:4,4, og teljast það hardir skjálftar á þessu svæði.

Virkur jarðhiti er á nálægt $0,5 \text{ km}^2$ svæði, en sé köld ummyndun talin með er svæðið 2 km^2 . Aðallega er um gufuaugu að ræða, en nokkrir leirhverir eru einnig á svæðinu og fáeinir vatnshverir; sá er nefnist "1918" gýs litlum gosum á fáeinna mínútna fresti. Borhola H-8 er í norðausturjaðri þess svæðis þar sem ummyndun sést og er botnhiti hennar 292°C á 1700 m dýpi. Bendir það til þess að stærð svæðisins sé ekki ofmetin 2 km^2 .

Árin 1966, 1968 og 1973 var flogið yfir jarðhitasvæðið með tækjum sem nema innrauða hitageislun. Ór þessum mælingum hefur aðeins verið unnið að litlum hluta (Guðmundur Pálsson o.fl. 1970).

Jarðhitasvæðið á Reykjanesi liggur það nærrí strönd, að sjór á til-tölulega greiðan aðgang í jarðhitakerfið, einkum ofantil. Jarðhitavökvinn á Reykjanesi er það saltur, að yfirleitt er talað um "heitan jarðsjó" þegar fjallad er um svæðið. Selta (Cl) jarðsjávarins er mun meiri í grunnum holum (og hvernig "1918") en í sjónum við Reykjanes og dýpri holum. Þessi seltumunur er talinn stafa af suðu jarðsjávar og aðskilnaði gufu og vatns nálægt yfirborði (Trausti Hauksson 1981). Ferskvatn (regnvatn) blandast jarðsjó í yfirborðslögum rétt fyrir utan háhitasvæðið, en talið er að um 20 m þykk ferskvatnslinsa sé á utanverðu Reykjanesi (Freysteinn Sigurðsson o.fl. 1978). Fylgst hefur verið með efnafræði jarðsjávarins í borholum (sjá Trausta Hauksson 1981).

Viðnámsmælingar voru gerðar árið 1969 og bentu þær til 1 km^2 upp-streymisrásar sem náði frá yfirborði og niður á 900 m dýpi, en flatarmál svæðisins fór þá fyrst stækkandi (Sveinbjörn Björnsson o.fl. 1971). Viðnámsmælingar voru síðan gerðar 1981-1982 á utanverðum Reykjanesskaga. Benda niðurstöður peirra til þess að Reykjanessvæðið sé um $2-2,5 \text{ km}^2$ að flatarmáli á 600 m dýpi undir sjávarmáli, og er þá miðað við $2-4 \text{ ohmm}$ jafnviðnámslinu ($=200^\circ\text{C}$). Sé hinsvegar miðað við 10 ohmm jafnviðnámslinu er svæðid a.m.k. 10 km^2 (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983; Lúðvík S. Georgsson 1984). Hér er miðað við að stærð svæðisins sé um 2 km^2 og er þá höfð hliðsjón af jarðhita á yfirborði.

Alls hafa verið boraðar 9 holur á Reykjanessvæðinu og eru tvær þeirra,

H-8 og H-9 nothæfar. Þær þjóna nú saltverksmiðju og tilraunir eru nú gerðar vegna fiskimjölsverksmiðju sem einnig nýtir varmann úr svæðinu. Hugmyndir eru um nýtingu á varma gufunnar við fiskirækt. Hola H-9 er nú ein aflmesta hola á landinu.

Í töflu V.5-1 er að finna upplýsingar um borholur á Reykjanesi.

TAFLA V.5-1 Skrá yfir borholur á Reykjanesi.

Hola nr	Bortæki Ár	Dýpi m	Fóðring m	Hámarks- hiti °C	Heildar- rennsli kg/s		Gufurennslu v.6 ata kg/s	Athugasemd
					Heildar- rennsli kg/s	Gufurennslu v.6 ata kg/s		
1	Höggbor	3	1956	162	12	-	-	Hrunin
2	Ýmir		1968	300	43	225	26	1,7
3	Dofri		1968	1166	242	-	-	Hrunin
4	Dofri		1968	1036	245	250	19	Biluð
5	Dofri		1969	112	41	-	-	Borun hatt
6	Ýmir		1969	572	222	-	-	Köld
7	Ýmir		1969	70	38	-	-	Köld
8	Dofri		1969	1754	297*	298	67	Tengd saltverksmiðju
9	Dofri		1983	1448	525*	295	180	Tengd saltverksmiðju og fiskimjölsverksm.

Forborð var með : Höggbor-3 í holur nr. 3, 4 og 5
Höggbor-5 í holu nr. 9.

* Raufadur leiðari í botn.

SVARTSENGI

Með "Svartsengi" er í þessari skýrslu átt við bæði Svartsengi og Eldvörp, því ýmis rök hníga að því að þau sameinist í eitt jarðhitakerfi, neðan 600 m. Svartsengi er í Grindavíkurhreppi í Gullbringusýlu og liggur svæðið að mestu í um 40 m hæð yfir sjó og er það vel aðgengilegt til vinnslu. Góðir vegir eru að Svartsengi og að borholunni í Eldvörpum.

Berg á svæðinu er allt basalt, í fellunum er móberg frá því seint á ísöld en mest af svæðinu liggur undir nútímahraunum. Arnarseturshraun hefur runnið á sögulegum tíma, og eru gosstöðvarnar í 3 km fjarlægð frá jarðhitasvæðinu (Jón Jónsson 1978, 1983).

Jarðhiti og ummyndun ná yfir 4 km² í Svartsengi en fáein hundruð fermetra í Eldvörpum, sem er ung gígaröð. Í kyrru veðri má sjá gufur stíga upp úr hraunum suður af Svartsengi og brotum í þeim, en þar mun líklega vera afrennsli. Köld ummyndun nær hæst í Svartsengisfelli (Sýlingafelli) í 190 m, en hiti nær ekki svo hátt.

Jarðhitavökvinn í Svartsengi er að 2/3 hluta sjór (klóríðstyrkur er 65% af því sem er í sjó) og hefur jarðhitavökvinn í Eldvörpum sama hlutfall af sjó (Jón Órn Bjarnason 1984).

Viðnám á Reykjanesi er lágt vegna seltu í berggrunnum. Viðnámsmælingar sem gerðar voru 1981 og 1982 benda til þess að Svartsengi og Eldvörp tengist í eitt, er neðar dregur í berggrunninn, og mæla efna-rannsóknir ekki gegn því (Jón Úrn Bjarnason 1984). Leidd hafa verið rök að því hvernig túlka megi viðnámsmælingar sem hita í berggrunni (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Sé miðað við 600 m dýpi undir sjávarmáli virðast svæðin vera tengd með 150°C jafnhitalínu, en greinast í tvennt sé miðað við 200°C. Draga má 5 ohmm jafnviðnámslínu umhverfis svæðin, en sé 6 ohmm jafnviðnámslína látin ráða fellur einnig Reykjanes-svæðið samanvið. Hér er gert ráð fyrir að Svartsengi og Eldvörp séu eitt jarðhitasvæði 11 km² að flatarmáli. Miðað við 200°C jafnhitalínu á 600 m dýpi undir sjávarmáli er Svartsengi 6-7 km² en Eldvörp 1-2 km².

Boraðar hafa verið 12 holur á vinnslusvæðinu í Svartsengi og er gufan fyrst notuð til rafmagnsframleiðslu (uppsett afl 8 MW) og síðan með varmaskiptum til að framleiða hitaveituvatn fyrir Hitaveitu Suðurnesja (uppsett afl 125 MW). Í Eldvörpum var boruð rannsóknarhola árið 1983 EG-2 (E-1 er kaldavatnshola) og er hún 1265 m á dýpt og mestur hiti rúmar 260°C. Tafla V.5-2 er yfir borholur í Svartsengi og í Eldvörpum.

TAFLA V.5-2 Skrá yfir borholur í Svartsengi og Eldvörpum (E-1 og EG-2)

nr	Hola	Bortæki Ár	Dýpi	Föðring Hámarks- Heildar- Gufurennslí Athugasemd				
				m	m	hiti °C	rennsli kg/s	v.6 ata kg/s
1	Glaumur	1971	262	17	-	-	-	Kaldavatnshola
2	Glaumur	1972	239	102**	198	-	-	
3	Glaumur	1972	402	143**	231	65	11	Nýtt af Hitav. Suðurn.
4	Dofri	1974	1713	394**	243	80	14	Bilud
5	Dofri	1974	1519	395**	242	66	11	Nýtt af Hitav. Suðrun.
6	Dofri	1978	1737	612	238	50	8,6	Nýtt af Hitav. Suðurn.
7	Dofri	1979	1438	600	239	56	9,6	Nýtt af Hitav. Suðurn.
8	Dofri	1980	1604	622**	240	189	32	Nýtt af Hitav. Suðurn.
9	Dofri	1980	994	220**	240	198	34	Nýtt af Hitav. Suðurn.
10	Dofri	1980	425	232**	231	190	33	Nýtt af Hitav. Suðurn.
11	Dofri	1980	1141	582**	240	132	23	Nýtt af Hitav. Suðurn.
12	Dofri	1982	1488	607	-	-	-	Niðurdælingarhola
13	Höggbor	1982	60	60	-	-	-	-
E-1	Höggbor	1983	63	-	-	-	-	Kaldavatnshola
EG-2	Dofri	1983	1265	528**	263	158	51*	Rannsóknarhola

Forborð var með : Höggbor-3 í holur nr. 4 og 5
Höggbor-5 í holur nr. 6 og 10
Höggbor-6 í holur nr. 7, 8, 9, 11, 12 og 13.

* Mælt 17/10 1983

** Raufadur leiðari í botn

KRÍSUvíKURSVÉÐI

Krísuvíkursvæði má skipta í prent eftir dreifingu jarðhita og ummyndunar á yfirborði: Sveifluháls (að Austurengjahver), Trölladyngju og Sandfell. Jarðhitasvæðid er allt í Gullbringusýslu, en jörðin Krísuvík er í eigu Ríkissjóðs og Hafnarfjarðar (og telst til Hafnarfjarðar) en aðrir hlutar jarðhitasvædisins eru í Grindavíkur- og Vatnsleysustrandarhreppi (Trölladyngja og Sandfell). Jarðhitasvæðid er að mestu í 150-200 m hæð og nær hæst í 400 m í móbergshálsunum. Það liggur vel við samgöngum, einkum Sveifluháls. Milli móbergshálsa eru nútímahraun. Jarðhitasvæðid liggur vel við vinnslu og er mestur hluti þess vel aðgengilegur, en Kleifarvatn nær yfir hluta þess.

Heildarskýrsla um jarðhitasvæðid í Krísuvík kom út 1975 (Stefán Arnórsson o.fl. 1975) og er eftirfarandi texti að nokkrum leyti byggður á henni. Berg er eingöngu basalt og eru elstu jarðmyndanir grágrýtishraun, trúlega runnin fyrir síðasta jökluskeið en ofan á þeim liggja móbergshálsarnir Sveiflu- og Núpshlíðarháls (Jón Jónsson 1978). Milli móbergshálsanna eru hraunasléttur og hafa fáein gos orðið á sögulegum tíma í þessu sprungukerfi. Til dæmis er Ögmundarhraun talið hafa runnið um 1005 (Jón Jónsson 1982), Kapelluhraun um 1005 eða 1013-1040, Afstapahraun, líklega frá 1325(?) og Traðarfjallahraun frá um 1340 (Jón Jónsson 1978, 1983). Jarðskjálftar eru tíðir, en yfirleitt smáir eins og vestar á nesinu. Þó hafa komið þarna nokkuð hardir skjálftar $\geq M:6$. Virðist breyting verða á stærð skjálfta við Kleifarvatn og eru þeir stærri er austar dregur. Árið 1933 varð jarðskjálfti við Kleifarvatn M:6,0 (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971, Eysteinn Tryggvason 1973). Krísuvíkursprungubeltið liggur út í sjó til suðurs, en misgengi hafa verið virk á nútíma allt norður að Rauðavatni og jafnvel lengra.

Jarðhiti og ummyndun á yfirborði ná yfir um 56 km^2 svæði, ef Sandfellssvæðid er talið með (47 km^2 sé það undanskilið). Mestur yfirborðshiti er við Seltún og í Trölladyngju og er yfirborðshiti að mestu bundinn við móbergshálsana, en fremur lítið verður vart við hann á hraunasléttunum á milli. Hitamælingar í borholum sýna viðsnúna hitaferla, það er m.ö. o borad í gegnum hámark, og bendir það til láréttis rennslis í svæðinu. Ástæðan er annaðhvort staðbundnar uppstreymisrásir eða kólnandi hitagjafi, en úr því hefur ekki verið skorid enn.

Efnasamsetning jarðhitavökvars er mjög breytileg innan svæðisins, t.d. er klór 20-1100 ppm og hlutfall Cl/B vex til vesturs. Brýstingur og hiti í borholum bendir til að uppstreymi á svæðinu sé við Trölladyngju og Austurengjahver, en að niðurstreymi sé á milli Sveifluháls og Núpshlíðarháls (Valgardur Stefánsson 1980a). Uppstreymisrásir hafa ekki ennpá fundist með borunum.

Viðnámsmælingar voru gerðar 1969-1972, en niðurstöður þeirra eru ekki auðtúlkaðar. Brátt fyrir allmikið áatak í rannsókn svæðisins 1970-1973 liggur ekki fyrir einhlít mynd af svæðinu. Nokkrar jafnviðnámslinur hafa verið dregnar og sé lítið á þær á 600 m dýpi (undir yfirborði), þá nær virkur jarðhiti vel út fyrir 10 ohmm jafnviðnámslinu og sums staðar út fyrir 30 ohmm jafnviðnámslinuna. 50 ohmm jafnviðnámslína umlykur nær alla ummyndun og hita á yfirborði og er hún því notuð hér til að afmarka jarðhitasvæðið (þótt yfirleitt sé miðað við lægra viðnám á háhitasvæðum) og er flatarmál þess skv. því 60-65 km^2 .

Segulmælingar og þyngdarmælingar hjálpa lítið við mat á stærð svæðisins að öðru leyti en því, að í þyngdarmælingum koma fram skil rétt austan við Kleifarvatn, sem gætu bent til misfellu í berggrunni sem takmarkar svæðið til austurs. Svipuð misfella með austur-vestur stefnu takmarkar svæðið trúlega til suðurs (Valgarður Stefánsson 1980a). Árin 1966, 1968 og 1973 var flogið yfir Krísuvíkursvæðið með tækjum er nema innrauða hitageislun en ekki hefur verið unnið úr þeim gögnum enn.

Nýting jarðhitans er eingöngu upphitun á bænum Krísuvík. Fyrir 1948 voru boraðar 15-20 grunnar holur (flestar innan við 100 m) í Krísuvík. Á árunum 1960-1972 voru boraðar 8 dýpri holur (300-1275 m) til rannsóknna á svæðinu. Hæstur hiti, 262°C , mældist á 500 m dýpi í H-6 við Trölladyngju. Hola H-4 er nýtt til upphitunar, en aðrar holur eru ónothæfar. Yfirlit yfir borholur er í töflu V.5-3.

TAFLA V.5-3 Skrá yfir borholur í Krísuvík

Hola Bortæki nr	Ár	Dýpi	Föðring	Hámarks-		Heildar-	Gufurennslu	Athugasemd
				hiti $^{\circ}\text{C}$	rennslu kg/s			
1	Dofri	1960	1275	308	221	-	-	Hrunin
2	Dofri	1960	1220	247	195	-	-	Hrunin
3	Dofri	1960	329	191	116	-	-	Hrunin
4	Ýmir	1964	299	101	180	4	-	Nýtt til upphitunar
5	Glaumur	1971	816	198	181	-	-	Steypt í vatnsæðar
6	Glaumur	1971	843	231	262	-	-	Steypt í vatnsæðar
7	Glaumur	1971	931	185	149	-	-	Steypt í vatnsæðar
8	Glaumur	1972	930	232	189	-	-	Steypt í vatnsæðar

Forborad var með Höggbor-3 í holur nr. 1, 2 og 3.

BRENNISTEINSFJÖLL

Háhitasvæðið í Brennisteinsfjöllum liggur í 420-450 m hæð og liggja engir vegir þangað. Svæðið er í Grindavíkurhreppi í Gullbringusýslu og ekki vel aðgengilegt. Lítið hefur verið unnið að rannsóknum á þessu svæði, og er stærð þess aðeins metin út frá yfirborðsummerkjum.

Jarðmyndanir eru móberg og grágrýti frá síðustu ísöld en ung hraun þekja þessar eldri myndanir. Brennisteinsfjöll eru í greinilegu sprungubelti og hefur gosið þar nokkrum sinnum á sögulegum tíma. Þó litlar heimildir séu til um eldgos í þessu belti er talið skv. jarðfrædirannsóknum að Tvíbollahraun hafi runnið um 875, Breiðadalshraun um 910, Rjúpnadyngnahraun um 1150, Kóngsfellshraun um 1200 og Selvogs-hraun um 1340 (Jón Jónsson 1977, 1978 og 1983). Stórir jarðskjálftar hafa orðið á þessu svæði, t.d. 1929 M:6,3 og 1933 M:6,0 (Eysteinn Tryggvason 1973). Lítið er vitað um smáskjálfta.

Gufuaugu með allt að 78°C hita eru einu yfirborðsummerkin (Barth 1950) og eru á nál. $0,5 \text{ km}^2$ stóru svæði. Sé köld ummyndun talin með, og einnig ummyndunarskellur vestarlega í Grindarskörðum, má stækka

svæðið í 2 km² (Jón Jónsson 1978). Sú stærð er notuð hér. Eins og nafn svæðisins ber með sér er mikið um breinnistein þarna og önnur merki um háhita.

Engar efnagreiningar né jarðeðlisfræðilegar mælingar (utan flugsegulmælingar) eru tiltakar frá þessu svæði.

Nýting er engin á svæðinu. Enskt námafelag reyndi að nýta brennistein þaðan um 1882, en það mistókst (Sigurður Skúlason 1933). Nafnið Brennisteinsfjöll er arfur þeirra framkvæmda.

HENGILL

Við Hengil er kenndur allur sá jarðhiti sem finnst í Henglafjöllum á Hellisheiði og ofan til Hveragerðis. Jarðhitasvæðið er í Árnessýslu (Grafningshreppi, Ölfushreppi og Hveragerði) í 30-600 m hæð. Það er talið eitt af stærstu háhitasvæðum landsins. Fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu er 30-40 km og samgöngur eru góðar um hluta svæðisins og liggur það mjög vel með tilliti til vinnslu þó landslag sé úfið. Mikill hluti svæðisins er í eigu sveitarfélaga eða ríkis, en nokkur hluti í einkaeign (sjá Valgarður Stefánsson o.fl. 1982).

Elstu berglög er að finna nálægt Hveragerði og tilheyra þau eldri megineldstöð en þeirri sem nú er virk í Henglafjöllum (Axel Björnsson o.fl. 1974). Berglög í kringum Hengil eru að meginhluta frá síðasta jökluskeiði (Kristján Sæmundsson 1967). Berggrunnur er að mestu leyti basalt, en andesít og líparít koma einnig fyrir bæði ofan við Hveragerði og í Hengli (Kristján Sæmundsson 1967). Nútímahraun eru mörg. Yngsta hraunið er um 2000 ára (Nesjahraun og yngsta Hellisheiðarhraunið). Sprungubeltið um Hengil er a.m.k. 45 km langt og 8 km breitt. Hreyfing á misgengjum nemur allt að 250 m. Jarðskjálftar eru algengir á svæðinu og mikið er um smáskjálfta (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971, Foulger og Páll Einarsson 1979, Foulger 1984).

Jarðhiti á yfirborði er mikill. Mest er jarðhitavirknin kringum Ölkelduháls, ofan við Nesjavelli og í Hengladöllum og eru til góð kort af útbreiðslu jarðhitans (sjá t.d. Valgarður Stefánsson o.fl. 1982). Arið 1789 gekk öflug skjálftahrina yfir Hengilskerfið, allt frá Selvogi norður fyrir Bingvallavatn. Landsig varð í sprungubeltinu og landris til hliðanna. Nýir hverir komu upp á Hengilssvæðinu (Páll Þorláksson 1789). Ummyndun er mikil og víða eru kaldar ummyndunar-skellur. Samkvæmt dreifingu hita og ummyndunar á yfirborði er stærð svæðisins um 112 km², og er heitasta svæðið um 75 km².

Þar efna- og ísótópagegreiningar sem birtar hafa verið frá svæðinu (að mestu frá Nesjavöllum og Hveragerði) benda til að ekki sé sama vatnskerfið á öllu svæðinu. Vatnið á Nesjavallasvæðinu er talið upprunnið frá Langjökli en vatn í Hveragerði er afrensli frá Hengli (Bragi Árnason o.fl. 1969). Hiti hefur alltaf verið talinn hár í jarðhitakerfinu (280-290°C skv. Sveinbjörn Björnsson (1974)) en samkvæmt hitamælingum í borholum á Nesjavöllum er viss hluti svæðisins þar talinn vera í suðu og fer hiti vaxandi með dýpi, og eru líkur á að á um 1500 m dýpi sé hiti 300-325°C og fylgi suðumarksferli (Benedikt Steingrímsson og Valgarður Stefánsson 1979). Í Hveragerði eru hitaferlar viðsnúnir og benda hitamælingar í borholum til þess að hæstur hiti og

dýpi á hann vaxi til norðurs (Guðmundur Pálmason 1962, Karl Ragnars o.fl. 1979). Á vegum Hitaveitu Reykjavíkur, Orkustofnunar og Háskóla Íslands hefur verið unnið að efnagreiningum á vatni, gufu og gasi frá Hengilssvæðinu.

Töluluverðar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á Hengils-svæðinu og ber einna helst að nefna flugsegul- og viðnámsmælingar. Byngdarmælingar hafa verið gerðar á öllu svæðinu. Viðnámsmælingar hafa verið notaðar til að ákvárdá stærð svæðisins. Viðnámslægð undir Hengilssvæðinu bendir til jarðhitakerfis að flatarmáli um 105 km² á 200-400 m dýpi undir sjávarmáli (Gylfi Páll Hersir 1980). Árin 1966, 1968 og 1973 var mæld innraud hitageislun. Með hliðsjón af dreifingu jarðhita og ummyndunar á yfirborði er flatarmál svæðisins metið um 100 km².

Nýting jarðhitans er nær eingöngu í Hveragerði, til upphitunar gróður-húsa, hitaveitu og í sundlaug. Einnig er skíðaskálinn í Hveradöllum hitaður með jarðhita. Í Hveragerði eru tölувert margar grunnar holur sem eru nýttar til upphitunar. Á árunum 1958-1961 voru boraðar 8 holur í Ölfusdal 300-1200 m og eru tvær þeirra tengdar Hitaveitu Hveragerðis. Á Nesjavöllum eru 16 holur. Við Kolviðarhól var boruð 97,5 m hola árið 1949 og önnur 1800 m 1985. Hiti í borholum er yfir 300°C á Nesjavöllum, um 280°C við Kolviðarhól en um 180-230°C í Hveragerði og Ölfusdal.

TAFLA V.5-4 Skrá yfir borholur á Hengilssvæðinu

Hola Bortæki	Ár	Dýpi	Fóðring	Hámarks-	Heildar-		Gufurennslí	Athugasemd	
					m	m	hití	rennsli	v.6 ata
				°C	kg/s	kg/s			
(Ölfus-dalur)	1	Dofri	1958	982	126	233	-	-	Borun hætt-ónýt
	2	Dofri	1958	692	196	181	93*	5,8	Tengd Hitav. Hverag.
	3	Dofri	1958	654	200	218	75*	9,3	Ekki nýtt
	4	Dofri	1958	692	199	184	38*	2,1	Tengd Hitav. Hverag.
	5	Dofri	1960	1206	193	198	-	-	Ekki mæld
	6	Dofri	1960	661	248	219	52**	7,4	Ekki nýtt
	7	Dofri	1960	831	248	230	34**	3,2	Ekki nýtt
	8	Dofri	1961	296	248	207	88***	11,2	Ekki nýtt
Hveragerði	1	Höggbor	1957	311	-	178	15	-	Nýtt
	2	Höggbor	1959	130	-	181	15	-	Nýtt
	3	Högg I +							
		Ýmir	1963	245	-	184	10	-	Nýtt
	4	Ýmir	1967	620	-	-	-	-	Léleg, ekki nýtt
	5	Ýmir	1968	351	-	-	5	-	Nýtt
NLFI	6	Höggbor-5 +							
		Glaumur	1981	1003	-	-	16	-	Nýtt
	I	Ýmir	1967	661	-	-	-	-	Nýtt
		Glaumur	1972	884	-	170	-	-	Nýtt
ASÍ	II	Ýmir	1967	190	-	-	-	-	Nýtt
	I	Ýmir	1964	509	-	-	-	-	Burr
		Ýmir	1970	644	-	-	-	-	-
Nesjavellir	II	Ýmir	1964	487	-	-	-	-	Nýtt
	1	Ýmir	1965	129	74	142	-	-	Nýtt til upphitunar
	2	Ýmir	1965	393	85	197	-	-	Hrunin í 85 m
	3	Ýmir	1965	601					
		Nordurbor	1966	836	93	258	-	-	Fyllt af steypu
	4	Dofri	1970	431	306	255	-	-	Fyllt af steypu
	5	Dofri	1972	1804	447	284	(12,5?****	5,0?)	Hrunin í 1010 m
	6	Dofri	1982	1145	633	295	26,7****	17,5	Nýtt í tilraunastöð
	7	Dofri	1983	2001	587	284	34,8****	11,0	-
	8	Dofri	1984	400	96	(240)	-	-	Fyllt af steypu
	9	Dofri	1984	1055	820	278	28,7****	20,0	Ekki nýtt
	10	Dofri	1984	1798	693	255	50,2****	17,0	Ekki nýtt
	11	Jötunn	1985	2265	565	>381	36,6	32,5	Ekki nýtt
	12	Jötunn	1985	1856	782	295	57,0	17,6	Ekki nýtt
	13	Jötunn	1985	1609	817	320	35,3	30,8	Ekki nýtt
	14	Jötunn	1985	1304	770	280	28,3	9,0	Ekki nýtt
	15	Jötunn	1985	1746	784	301	-	-	Ekki nýtt
	16	Jötunn	1985	2025	790	325	25,0	20,7	Ekki nýtt
Kolviðarhóll	1	Dofri	1985	1816	779	280	-	-	Ekki nýtt

Á Nesjavöllum var forborad með : Höggbor-3 í holur nr. 4, 5, 7 og 11,
Höggbor-6 í holur nr. 6, 7, 8, 9, og 10.

* mald 1961
** mald 1979
*** mald 1984
**** mald á fyrrsta mánudi í blaðstri
- hefur enn ekki blásid

GEYSIR

Án efa er Geysir frægastur hvera á Íslandi. Geysissvæðið liggur vel við viinnslu en hluti þess er friðlýstur. Svæðið er í Biskupstungnahreppi í Árnessýslu og liggur í 100-200 m hæð, samgöngur þangað eru ágætar og er svæðið vel aðgengilegt. Geysir er undir umsjón Geysisnefndar.

Svæðið er á jaðri virka gosbeltisins og eru engar nútíma gosminjar þar. Jarðlög eru að mestum hluta basalt, en líparít er í Laugarfjalli og á nokkrum fleiri stöðum. Jarðmyndanir bera þess merki að vera myndaðar undir jöklum á seinni hluta ísaldar. Ókunnugt er um skjálftavirkni á Geysissvæðinu og virkar jarðskálftasprungur hafa ekki verið raktar þangað. Í sumum hinna stóru Suðurlandsskjálfta eflast hverirnir þarna mjög og er þeirra fyrst getið í tengslum við jarðskjálfta 1294, en jarðhitasvæðið sjálft er talið a.m.k. 8000 ára gamalt (Þorvaldur Thoroddsen 1899-1905; Sigurður Þórarinsson 1949). Jarðhiti og ummyndun á yfirborði þekur um 3 km^2 , en virkur jarðhiti er aðeins á hluta þess svæðis. Jarðhitinn er mest vatnshverir og eru Strokkur og Geysir frægastir goshveranna. Meðalvatnsrennsli svæðisins er nál. 20 l/s, þar af 2,5 l/s úr Geysi sjálfum (Trausti Einarsson 1964, Stefán Arnórsson 1969, 1985). Jarðhitavatnið hefur oft verið efnagreint. Efnarannsóknir benda til að hitinn í djúpkerfinu sé $230-250^\circ\text{C}$ (Stefán Arnórsson 1969, 1985).

Flatarmál viðnámslægðar á 500 m dýpi (undir sjávarmáli) er um 7 km^2 (pers. uppl. Lúðvík S. Georgsson 1981). Fullnaðarúrvinnsla á viðnámsmælingum liggur ekki fyrir og er því ekki tekið tillit til þeirra til stækunar svæðisins. Það flatarmál sem er notað í þessu mati er trúlega lágmark.

Vatn úr tveimur hverum er notað til að hita upp íbúðarhús, söluskála, gróðurhús og sundlaug.

KERLINGARFJÖLL

Kerlingarfjöll eru inni á miðhálendinu og tilheyra Árnessýslu. Jarðhitinn er í 900-1100 m hæð og liggur þangað sumarfar vegslóði. Svæðið er fjöllótt og fremur illa aðgengilegt eins og nú háttar. Mestur hluti jarðhitasvæðisins er í Hveradöllum.

Nær allt bergið á svæðinu er til orðið við gos undir jöklum og er basískt móberg þar hlutdrýgst, en mikil er einnig af líparíti (Karl Grönvold 1972). Nútímagosmyndanir eða eldstöðvar eru engar á svæðinu, næst er Illahraun í 6 km fjarlægð. Jarðskálftar virðast ekki tíðir og 1968 mældust þarna engir smáskjálftar (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971). Jarðhiti er mikill á yfirborði, einkum gufuhverir. Ummyndun er einnig mjög mikil og er flatarmál hita og ummyndunar um 11 km^2 . Þar sem engar viðnámsmælingar hafa farið fram á þessu svæði er eingöngu höfð hliðsjón af jarðhitauummerkjum á yfirborði.

Nýting er engin á þessu svæði og ekki hefur verið borað þar.

HVERAVELLIR

Jarðhitasvæðið á Hveravöllum liggur á miðhálendinu í 600 m hæð og tilheyrir Austur-Húnnavatnssýslu. Kjalvegur liggur að svæðinu og þangað má komast á fólksbíl að sumarlagi (sunnan að) og jeppafært er að norðan og bílfært í þurrkatið. Jarðhitasvæðið er sléttlent og er vel aðgengilegt til vinnslu. Hveravellir eru friðlýstir sem náttúrvætti.

Fremur lítið er vitað um jarðfræði þessa svæðis en megineldstöð er 5 km vestur af, í norðurhluta Langjökuls og í Þjófafadalafjöllum og er þartalsvert af súru bergi (Piper 1973). Kjalhraun er nútímahraun og liggur yfir suðurhluta svæðisins. Engin smáskjálftavirkni var þarna 1968 (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971), og virðist svæðið ekki tengt neinu sprungubelti og er því líkt Geysissvæðinu. Jarðhiti birtist aðallega í vatnshverum og er afrennslið 10-15 l/s (Stefán Arnórsson 1969). Þetta svæði hefur fremur lítið verið rannsakað en stærð þess skv. yfirborðshita og ummyndun er um 1 km². Engar viðnámsmælingar hafa verið gerðar á svæðinu og er stærð þess því metin eftir yfirborðsummerkjum. Hiti í jarðhitakerfinu er kringum 280°C samkvæmt efnahitamælum (Stefán Arnórsson 1985). Boranir eru engar og nýting aðeins í hlaðna sundlaug og til upphitunar í skála og veðurathugunarstöð.

MÝRDALSJÖKULL

Þetta háhitasvæði er allt jöklí hulið og því ekki aðgengilegt. Mýrdalsjökull er í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu og nær hæst í nál. 1450 m.

Elistu jarðmyndanir á yfirborði eru frá síðari hluta ísaldar. Mikill gosvirkni hefur verið í Kötlu, og gos hafa orðið a.m.k. 14 sinnum á sögulegum tíma, síðast 1918 og jafnvel einnig 1955, er mikil jökulhlaup kom frá jöklinum. Megnið af bergenú er basískt, en líparít er í austurjaðri jöklusins og í sumum jökulskerjum. Lítið hefur verið unnið að jarðfrædirannsóknunum á þessari megineldstöð. Þar sem ekkert sést til jarðhitasvæðisins er ekki reynt að geta í stærð þess, en þrú vatnsföll hafa bædi fnyk og efnainnihald sem ótvírætt bendir til háhitasvæðis: Jöklusá á Sólheimasandi (Fúllilækur), Múlakvísl og Skálsm. Smáskjálftavirkni er fremur mikil; árið 1968 mældust þar t.d. 2,4 skjálftar á dag að medaltali (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971) auk þess sem stærri skjálftar eru ekki óalgengir.

Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu er gætu hjálpað til við mat á stærð þess. Yfir Mýrdalsjökli er 70-80 km² segullægð (Þorbjörn Sigurgeirsson 1980), sem er sennilega vegna öskju-sigs í eldstöðinni og er jarðhitasvæðið líklega innan sigsins.

Nýting er engin né boranir. Jarðfræðingar við Háskóla Íslands fylgjast með efnainnihaldi áんな með það fyrir augum að geta varað við Kötlugosi.

TORFAJÖKULSSVÆÐI

Torfajökulssvæðið er í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og eru vegslóðar inn á svæðið, færir að sumarlagi. Svæðið er í 600-1100 m hæð og fremur óaðgengilegt til vinnslu. Landið er úfið og einhverra vegaframkvæmda er þörf áður en boranir geta hafist. Allt svæðið var friðlýst 1979 skv. náttúruverndarlögum, undir "Friðland að Fjallabaki" (Stjórnartíðindi B, nr. 354, 1979).

Torfajökulssvæðið er stærsta líparítsvæði á landinu og einnig stærsta jarðhitasvæðið að flatarmáli. Gosvirkni hefur verið mikil á síðasta jökulskeiði en hin fáu nútímahraun þar eru ýmist súr eða ísúr (Kristján Sæmundsson 1972). Samkvæmt öskulagarannsóknum á Veiðivatnssvæðinu hafa orðið þar a.m.k. tvö stórgos á sögulegum tíma, seint á 9. og 15. öld. Náðu gos þessi inn á Torfajökulssvæðið þar sem gaus basalti og í minna mæli líparíti (Guðrún Larsen 1982). Smáskjálftar eru tíðir á svæðinu (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971) og einnig koma þar stærri skjálftar.

Jarðhiti er mikill á yfirborði á Torfajökulssvæðinu og er ummyndun mjög víða. Yfirborðsummerki eru að mestu innan öskjusigs í eldstöðinni (Kristján Sæmundsson 1972) og ná yfir um 130 km^2 . Jarðhitinn er að mestu í formi gufuhvera, en leir- og vatnshverir finnast einnig. Jarðfræði- og jarðhitarannsókn Torfajökulssvæðisins er fremur skammt á veg komin.

Á árunum 1973 og 1974 voru gerðar þar allmargar viðnámsmælingar. Þó að þær mælingar séu of fáar til þess að nokkur heilleg mynd fáist af svæðinu, virðist það vera a.m.k. tvískipt (Lúðvík S. Georgsson, pers. uppl.). Á árunum 1968 og 1973 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu (Guðmundur Pálsson o.fl. 1970). Segullægð kemur fram yfir Torfajökulssvæðinu (Þorbjörn Sigurgeirsson 1980).

Nýting jarðhitans er engin ef frá er talinn baðpollur við Landmannalaugar og upphitun skálans þar. Engar boranir hafa verið gerðar á svæðinu.

GRÍMSVÖTN

Grímsvatnasvæðið er rúmlega 100 km^2 sigdæld í Vatnajökli sem hefur myndast við öskjusig og er að mestu hulið jökli. Svæðið er í nál. 1400 m hæð og telst til Vestur-Skaftafellssýslu. Það liggur um 30 km frá jökulröndinni og er óaðgengilegt til venjulegrar vinnslu.

Grímsvötnin sjálf eru talin vera um $30-40 \text{ km}^2$ og eru þau að mestu hulin ís. Það litla sem sér í berg er basískt móberg ásamt hraunlögum. Eldvirkni hefur verið mikil í Grímsvötnum og gegnum aldirnar er talid að þar hafi gosið með 9-12 ára millibili, síðast 1934 og 1983, en alls um 50 sinnum á sögulegum tíma (Sigurður Þórarinsson 1974). Jarðskjálftar eru algengir en lítið er vitað um smáskjálfta. Jarðhiti er virkur á yfirborði og verður hans vart við Vatnshamar og í Svíahnúkum á nokkrum stöðum og mælst hefur tæplega 100°C hiti þar. Eftir hlaupið 1954 sást mikill gufuhver við Svartabunka (Sigurður Þórarinsson 1974). Lægðir og sig er myndast norðan- og austantil í

öskjunni benda og til jarðhita þar undir (Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984). Ekki er reiknað með að jarðhiti sé í allri 100 km^2 öskjunni, en með því að telja sigin norðan- og austantil sem jarðhita má áætla að flatarmál jarðhitasvæðisins sé nál. 65 km^2 . Helgi Björnsson (1974, 1982) áætlar flatarmálið 100 km^2 og með athugunum á vatnsbúskap jökulsins og Grímsvatnahlaupum hefur hann reiknað út að afl svæðisins sé sem næst 5000 MW. Eysteinn Tryggvason (1982) áætlar það 5900 MW og nýjasta matið er 4700-4900 MW (Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984). Ef flatarmál svæðisins er 65 km^2 er orkan $80-90 \text{ W/m}^2$ sem er með því hæsta á landinu. Ýmis rök benda hins vegar til að aflið sé óvenjulega mikil en fari dvinandi, t.d. hafa Skeiðarárhlaup farið minnkandi á síðustu áratugum (Sigurjón Rist 1982).

Efnagreiningar hafa verið gerðar á vatni úr Skeiðará, og í hlaupum sýna þær óeðlilega hátt magn uppleystra efna, en vatnið er komið af Grímsvatnasvæðinu (Guðmundur Sigvaldason 1965, Sigurður Steinþórsson og Niels Óskarsson 1983, Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984). Efnagreiningar á gasi frá Grímsfjalli gáfu ekki nothæfar niðurstöður (Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984).

Nokkuð hefur verið gert af jarðeðlisfræðilegum mælingum í Grímsvatnalegðinni og nágrenni hennar, þæði til að kanna þykkt jökulsins t.d. með þyngdarmælingum (Guðmundur Pálsson 1964) og landslagið undir honum. Segulkort Þorbjörns Sigurgeirssonar (1980) sýnir segullægð yfir Grímsvötnum en er ekki nágilega nákvæmt til að hafa gagn af í sambandi við jarðhitasvæðid. Boraðar voru 2 holur á Grímsfjalli (Eystri-Svíahnúk) árið 1983, 15 m og 27 m djúpar. Þær voru boraðar til þess að fá orku fyrir fjarskiptatæki og ýmis mælitæki.

KÖLDUKVÍSLARBOTNAR

Jarðhitasvæðid í Koldukvíslarbotnum er í Rangárvallasýslu og liggur í um 820 m hæð. Engir vegir eru inn á svæðid. Jarðhiti kemur upp á eyrum og á bökkum Koldukvíslar norðaustan við Syðri-Hágöngu, ekki langt frá upptökum árinna. Sléttlent er þarna en vatnsagi mikill, og svæðid því ekki vel aðgengilegt til vinnslu.

Litlar rannsóknir hafa verið gerðar á jarðhita á svæðinu. Bergið í Syðri- og Nyrðri Hágöngu er líparít og er trúlega myndað undir jöklí á síðari hluta ísaldar. Móberg og líparít er í fjöllunum milli Hágangna og þar norðan og sunnan við (Piper 1979). Eldvirkni hefur ekki verið á svæðinu eftir að ísöld lauk. Hraun hafa runnið inn á svæðid, t.d. Hágönguhraun að Syðri-Hágöngu úr austri, en upptök þess eru óviss: næstu nútímaeldstöðvar eru um 6 km austar (Guðmundur Kjartansson 1965). Engin gos hafa orðið á sögulegum tíma á þessu svæði. Piper (1979) getur þess að til suðurs frá Hágöngum, liggi belti þar sem ummyndun er mikil í móbergi, en líklega er þar ekki um háhitaummyndun að ræða.

Stærð jarðhitasvæðisins er eingöngu metin eftir jarðhita á yfirborði, en jarðhitaskellur stinga sér viða upp úr áraurunum. Hiti mældist 95°C í skellum þessum 1984. Jarðhiti er á flöngu svæði með stefnu SSV-NNA, um það bil $1-1,5 \text{ km}$ á breidd og rúmlega 7 km langt. Stærð þess er metin 8 km^2 . Árið 1973 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu.

Engar tiltækar upplýsingar eru til um jarðefnafræði og engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu. Nýting og boranir eru engar.

VONARSKARD

Háhitasvæðið sem kennt er við Vonarskard liggur austan við Tungnafellsjökul. Upplýsingar um það eru mjög litlar. Svæðið er að mestum hluta í Rangárvallasýslu en teygir sig norður í Suður-Bingeyjarsýslu. Svæðið liggur í um 900-1000 m hæð og er fremur úfið. Síðsumars má aka á jeppa inn á svæðið. Sandar liggja yfir hluta þess og vestan þeirra rís lágor fjallakragi, 200-300 m yfir sandana, og er jarðhitinn aðallega í austurhlíðum hans. Svæðið er ekki vel aðgengilegt til vinnslu.

Jarðmyndanir eru frá ísöld, aðallega móberg, en talsvert er af líparíti. Engin nákvæm jarðfræðikort eru til af svæðinu en upplýsingar um yfirborðshita eru skv. jarðfræðikorti Guðmundar Kjartanssonar (1965) og athugunum á vegum Orkustofnunar. Á norðurhluta svæðisins eru laugar með um 65°C hita og merki um ummyndun í gili Raudár. Á vesturhluta svæðisins á móts við Jökuldal er háhitasvæðið greinilegt með leirhverum og gufuaugum. Einnig eru hverir í norðurhlíðum fjallsins Skrauta. Engar nútímaeldstöðvar eru inni á svæðinu, næst liggur gígaröðin Dvergar í rúmlega 10 km fjarlægð. Smáskjálftavirkni var á svæðinu 1968 en ekki mikil (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971). Eftir þeim takmörkuðu upplýsingum sem til eru um þetta svæði er stærð þess metin 11 km^2 .

"Vonarskard" hefur oft verið látið ná yfir jarðhitasvæðin í Vonarskarði og Köldukvíslarbotnum, en hér er þeim skipt í tvö svæði, því milli þeirra eru 12 km þar sem ekki verður vart jarðhita. Frekari rannsóknir kunna að leiða í ljós tengsl þarna á milli, en svæðin falla nánast á sömu línu (norðaustur - suðvestur).

Ekkert er vitað um efnafræði jarðhitavökvans og engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar á svæðinu er hjálpa við mat á stærð þess. Nýting eða boranir eru engar.

KVERKFJÖLL

Kverkfjöll eru í norðurjaðri Vatnajökuls og tilheyra Norður-Múlasýslu. Samgöngur eru slæmar, aðeins er fært að sumarlagi á jeppa að Kverká, sem kemur undan Kverkjökli. Frá Möðruvöllum eru 108 km í Sigurðarskála og þaðan um 3 km að Kverká. Jarðhitasvæðið sjálft liggur í 1500-1900 m hæð og hylur jöklull mestan hluta þess. Svæðið er mjög úfið og lítt aðgengilegt til vinnslu.

Kverkfjöll eru úr móbergi og hefur súrt berg ekki fundist þar. Eldvirkni á nútíma hefur verið mikil í þessu brotakerfi, en ekki er vitað með vissu um nein gos á sögulegum tíma. Þau mörgu jökulhlaup sem komið hafa í Jöklusá á Fjöllum hafa sum hver vafalaust orðið vegna goss undir jöklum, að öllum líkindum undir Dyngjujökli, norðan við Kverkfjallahrygg eða sunnan Kverkfjalla (Sigurður Þórarinsson 1950). Nokkur gos hafa orðið eftir ísöld í Kverkfjöllum og eru hraun þaðan fremur lítil og þunn. Getur hafa verið leiddar að gosi sunnan

Kverkfjalla 1938 (Sigurður Þórarinsson 1950). Talið er að tvö öskju-sig séu hulin undir jöklinum og er sjáanlegur jardhiti í nyrðri öskjunni (Þórarinsson o.fl. 1973). Töluverð smáskjálftavirkni er á Kverkfjallasvæðinu (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971) og stórir skjálftar (stærri en M:4) ekki óalgengir. Jardhiti er mikill á yfirborði og er stærsta svæði í Hveradal, en þar er jardhiti á um 3 km löngu svæði með stefnuna NA-SV. Syðst á þessu svæði varð mikil hverasprenging 23. eða 24. maí 1968 (Sigurður Þórarinsson 1968). Jardhiti er einnig í austurtindum Kverkfjalla og 1953 fannst þar 84°C hiti (gufa) í 1880 m (Sigurður Þórarinsson 1953) og 94°C hiti er í gufugum nyrst á svæðinu. Kverká kemur volg undan Kverkjökli og var rennsli hennar nál. 800 l/s og hitinn 26°C þann 5. júlí 1979 (en það jafngildir 87 MW_t miðað við að bræða ísinn, sem er nálægt 0°C). Árin 1966 og 1968 var mæld innraud hitageislun og sást dreifing yfirborðshítans nokkuð vel. Varmastreymid frá svæðinu hefur verið reiknað $1250-2250 \text{ MW}_t$, eða nál. $50-90 \text{ W/m}^2$ (Friedman og fl. 1972). Samkvæmt dreifingu yfirborðshita er flatarmál Kverkfjallasvæðisins áætlad 25 km^2 .

Litið er vitað um jarðefnafræði og engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar er gætu hjálpað við mat á stærð þess. Nýting svæðisins er engin.

ASKJA

Askja er í Dyngjufjöllum í Suður-Bingeyjarsýslu. Þangað er fært að sumarlagi og er vegarendi í Öskju um 130 km frá Mývatni. Jarðhitasvæðið liggur í 1100-1300 m hæð og er hluti þess undir Öskjuvatni. Aðrir hlutar svæðisins eru utan í bröttum hlíðum fjallanna. Svæðið er því fremur illa aðgengilegt til vinnslu. Askja var friðlýst sem náttúruvætti 1978 og er undir umsjón Náttúruverndarráðs.

Jarðmyndanir í Dyngjufjöllum eru að mestum hluta móberg frá síðjökultíma, en nútíma gosmyndanir eru miklar að magni og hefur talsverð eldvirkni verið síðan sögur hófust. Líparít er í öskjurimanum að sunnan, og innan öskjunnar eru bykk basalt- og andesíthraun (Þorleifur Einarsson 1963, Guðmundur E. Sigvaldason 1964). Askjan sjálf er a.m.k. 55 km^2 , en raunar eru þær a.m.k. þrjár og grípa hver inn í aðra og er Öskjuvatn yngst. Er það 12 km^2 myndað í gosinu 1875 (Ólafur Jónsson 1962, Kristján Sæmundsson 1982). Í Öskjugosinu 1875 voru gosefnir að mestu súr og talið er að þá hafi átt sér stað kvíkuhlauð norður í Sveinagjá, þar sem gaus basalti sama ár. Þessir kvíkuflutningar, ásamt gosinu í Öskju, hafa þá valdið Öskjuvatnssiginu (Haraldur Sigurdsson og Sparks 1978). Gosið hefur nokkrum sinnum í Öskju á þessari öld, síðast 1961, en vegna þess hve langt er til byggða er minna vitað um gosvirkni fyrri alda. Stórir jarðskjálftar verða öðru hvoru á Dyngjufjallasvæðinu, t.d. urðu þar 14 skjálftar stærri en M:4 á árunum 1954-1963 (Eysteinn Tryggvason 1973). Fremur lítil smáskjálftavirkni virðist vera í Öskju (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971). Jardhiti á yfirborði virðist einkum vera tengdur við bogprungur á jöðrum öskjunnar og er virknin mest sunnan og austan við Öskjuvatn. Einig er jardhiti úti í vatninu og norður við Öskjuop, en

ummyndun hefur ekki verið kortlögð. Samkvæmt yfirborðshita er jarðhitasvæðið í Öskju nálægt 25 km^2 . Árin 1966 og 1968 var mæld innrauð hitageislun frá svæðinu en lítið hefur verið unnið úr þeim gögnum enn.

Nokkuð hefur verið unnið í jarðefnafræði á svæðinu, einkum með tilliti til Öskjuvatns og sögu þess. Jarðhitavökvinn er staðbundin úrkoma, og hátt efnainnihald Öskjuvatns stafar af efnaskiptum við hraun sem runnið hafa í vatnið og jarðhita á bökkum og botni þess (Jón Ólafsson 1980). Fylgst var með breytingum á efnainnihaldi jarðhitavökvars í sambandi við gosið 1961 (Guðmundur E. Sigvaldason 1964). Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar er koma til hjálpar við mat á stærð jarðhitasvæðisins. Nýting er engin.

FREMRINÁMAR

Fremrinámar eru í Suður-Bingeyjarsýslu og er jeppafært þangað að sumarlagi. Frá Grænavatni er fjarlægðin 35-40 km. Svæðið er í 800-900 m hæð, efst í Ketildyngju, og er fremur slétt, að undanskildum dyngjugignum. Svæðið er mjög vel adgengilegt til vinnslu.

Jarðfræði svæðisins hefur verið athuguð lítillega og er hér mest stuðst við Johnstrup (1886) og athuganir á vegum Orkustofnunar. Elstu jarðmyndanir eru móbergskollar er stinga sér upp úr nútímahraunum. Einkum ber á Ketilhyrnum sem eru norðan við Ketildyngju og er önnur úr móbergi en sú eystri úr Áíþaríti. Frá Ketildyngju rann Laxárhraun eldra 82 km leidur norður í Aðaldal, fyrir um 4000 árum (Sigurður Þórarinsson 1951). Norðan við Ketildyngju er Skuggadyngja og að sunnan er Kerlingardyngja, báðar myndaðar á nútíma en eldri. Norðan í Ketildyngju er gígaröð sem liggur upp í austurhlíðar eystri Ketilhyrnunnar. Engin gos hafa orðið á sögulegum tíma á svæðinu og er lítið sem ekkert vitað um skjálftavirkni.

Jarðhiti er á fremur takmörkuðu svæði í austanverðum dyngjugignum, niður á botn hans og um 1 km til nordausturs. Ummyndun er ekki mikil, en nær yfir talsvert stærra svæði en yfirborðshiti, enda hraunið ungt. Gufuaugu og hverir eru á um $3,5 \text{ km}^2$ svæði og er mat á stærð þessa svæðis eingöngu byggt á dreifingu yfirborðsummerkja. Stærð svæðisins er áætluð 4 km^2 , sem er vafalitið lágmarksstærð. Á síðustu öld athugaði Johnstrup (1886) Fremrinámasvæðið og teiknaði af því jarðhitakort. Johnstrup athugaði mest dreifingu brennisteins og áætlaði að 1200 staðir (gufuaugu) væru með einhverju magni af brennisteini. Athyglisvert er hve jarðhitasvæðið sjálft virðist lítið haggað af brotum og er það að þessu leyti undantekning meðal háhitasvæða. Hinsvegar liggur svæðið í greinilegu sprungubelti, sem nær nokkuð slitrótt allt norður á Sléttu, eða rúmlega 120 km leið.

Litlar jarðefnafræðilegar athuganir hafa verið gerðar í Fremrinánum og engar jarðeðlisfræðilegar athuganir er koma að gagni við mat á stærð þess. Strax á 13. öld og allt fram á 17. og 18. öld var brennisteinn numinn í Fremrinánum og fluttur á hestum til Húsavíkur, en engin not eru nú af svæðinu og boranir engar.

NÁMAFJALL

Jarðhitasvæðið við Námafjall er í Skútustadahreppi í Suður-Bingeyjarsýslu og liggur í 300-400 m hæð. Samgöngur eru góðar; til Húsavíkur eru um 60 km. Svæðið er sléttlent og vel aðgengilegt til vinnslu. Svæðinu er hér skipt í two hluta, Bjarnarflag og Hverarönd.

Fjallid Námafjall er syðsti hluti 15 km langa móbergshryggjar og er Dalfjall áframhald hans til norðurs, hvortveggja myndad við gos undir jöklum. Eldvirkni hefur verið mikil á nútíma í því sprungubelti sem Námafjall tilheyrir, en lengra til norðurs eru Kröflu-, Gjástykkis- og Öxarfjarðarsvæðin í sama sprungubelti. Þann 8. september 1977 gaus á svæðinu um borholu nr. 4 og um 3 tonn af gjóska komu þar upp (Axel Björnsson og Oddur Sigurðsson 1978; Guðrún Larsen o.fl. 1979). Súrt berg er ekki inni á jarðhitasvæðinu, en ísúrt nútímahraun (ílandít) í Hraunbungu, norðan við Lúdent, tilheyrir þessari megineldstöð (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971). Gossaga svæðisins er nokkuð vel pekkt og eru gosin í Lúdent (9000 ára), Hverfjalli (2800 ára), Prengslaborgum, Laxárhrauni yngra (2500 ára), Svörtuborgum-Dalfjalli (2000 ára) þau helstu (Sigurður Þórarinsson 1962; Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971, Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson 1977). Jarðskjálftar (stærri en M:4) eru ekki óalgengir á þessu belti og eru í fersku minni umbrotin sem hófust á þessu svæði 1975, og standa enn. Smáskjálftavirkni er nokkur. Jarðhiti er mikill á svæðinu, bæði gufu- og leirhverir, en engir vatnshverir. Dreifing jarðhita og ummyndunar á yfirborði hefur verið kortlögd (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971), en í umbrotunum er hófust 1975 varð talsverð breyting þar á (Kristján Sæmundsson og Ingvar B. Friðleifsson 1980). Afrennsli frá svæðinu er vestur til Mývatns og má sjá gufur leggja upp úr hraununum í kyrru veðri. Hiti og ummyndun á yfirborði er á nál. 11 km^2 svæði, en hluti þess er afrennsli og sé það undanskilið er svæðið 7 km^2 að stærð, skv. dreifingu jarðhita og ummyndunar. Virkur jarðhiti er á um 5 km^2 svæði.

Allmikið hefur verið gert af jarðeðlisfræðilegum mælingum á svæðinu, en mæliniðurstöður eru flestar frá um 1970. Samkvæmt viðnámsmælingum (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971) er flatarmál 10 ohmm viðnámslægðar á 300 m dýpi nálægt 4 km^2 . Flugsegulkort hefur verið gert af Námafjalls- og Kröflusvæði (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971). Kemur þar fram mjög greinileg segullægð yfir Námafjalli, og fellur hún vel að lágvíðnámssvæðinu. Árin 1966, 1968 og 1973 var mæld innrauð hitageislun og hefur verið unnið úr gögnum frá 1966 (Chaturvedi og Pálmason 1967).

Jarðefnafræði svæðisins er vel pekkt og fylgst er með efnabreytingum í rennsli úr borholum. Samfara vinnslunni 1970-1976 varð þrístifall í holunum og suða færðist út í bergið. T.d. hefur 40% lækkun orðið á kísli (SiO_2) og einnig hefur magn annarra efna minnkað töluvert (Stefán Árnórsson 1977). Hiti í jarðhitakerfinu fylgir suðumarksferli á núverandi vinnslusvæði og hefur mælst hæstur 320°C (í holu 11).

Í Bjarnarflagi var byrjað að nota jarðgufu árið 1967 til að þurrka kísilgúr (Kíslidiðjan) og er þar einnig 3 MWe rafstöð (tekin í notkun

1969). Einnig er kalt vatn af svæðinu hitað upp með gufu og notað í hitaveitu fyrir þéttbýliskjarnann við Reynihlíð. Gufa er einnig notuð við að þurrka mátstein (Léttsteypan).

Fyrsta holan í Bjarnarflagi var boruð 1963 (342 m), en alls hafa verið boraðar þar 12 holur. Í umbrotum síðustu ára hafa margar þeirra eldri laskast eða eyðilagst. Upplýsingar um holur í Bjarnarflagi eru í töflu V.5-5. Á árunum 1951-52 voru boraðar fjórar höggborsholur í Hverarönd, 11-227 m, en engin þeirra er nýtt.

TAFLA V.5-5 Skrá yfir borholur í Námafjalli (Bjarnarflagi)

Hola nr	Bortæki	Ár	Dýpi Fóðring		Hámarks-	Heildar-	Gufurennslu	Athugasemd
			m	m	hití °C	rennsli kg/s*	v.6 ata kg/s*	
1	Nordurlandsbor	1963	265	-	-	-	-	-
	Ýmir	1965	324	107	228	16	2,4	Steypt í holuna
2	Nordurlandsbor	1963	431	-	-	-	-	-
	Ýmir	1965	491	207	246	35	3	EKKI notuð
3	Nordúrbor	1966	683	596	265	12	2,9	Hrunin
4	Nordúrbor	1968	1138	625	281	45	3**	Hrunin í 627 m en nýtt af Hitav.Rvk.
5	Nordúrbor	1969	637	576	252	-	-	Hrunin í 601 m
6	Nordúrbor	1969	1193	954	275	5	1,0	Hrunin í 512 m
7	Nordúrbor	1969	1206	582	289	52	16	Hrunin í 400 m
8	Nordúrbor	1970	1312	538	274	44	9,1	Hrunin í 223 m
9	Nordúrbor	1970	1312	600	253	-	-	Hrunin í 850 m
10	Dofri	1975	1809	598***	296	90	18	Steypt í holuna
11	Jötunn	1979	1923	620***	320	29	24	Nýtt af Kísiliðju og Gufustöð
12	Jötunn	1980	1996	686***	310	22	18	Nýtt af Kísiliðju og Gufustöð

Forborad var með Höggbor-3 í holur nr. 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11 og 12.

* í upphafi blásturs

** Við 5 bar 24.6. 1984

*** Raufadur leiðari í botn.

KRAFLA

Jarðhitasvæðið sem kennt er við fjallid Kröflu er í Skútustaðahreppi í Suður-Bingeyjarsýlu og liggur í 400-600 m hæð. Samgöngur eru góðar. Til Húsavíkur eru 67 km og 13 km að Reykjavíl við Mývatn. Meginhlut Kröflusvæðisins er sléttlendi og liggur vel við vinnslu. Núverandi vinnslusvæði liggur nokkuð hátt, t.d. er stöðvarhúsið í Kröflu í 470 m hæð.

Elstu jarðmyndanir eru hraunlöög frá hlýskeidum og móberg og líparít myndað undir jöklum á seinni hluta ísaldar. Móbergið er að mestu í hryggjum er stefna N-S eins og brot frá nútíma, en líparítin er að mestu hraungúlar, t.d. Hlíðarfjall, Jörundur, Hrafntinnuhryggur o.fl. Ísúrt gjóskuberg er talið vera tengt gosum í eða við jaðra Kröflu-

öskjunnar, og er það frá síðasta hlýskeiði (100.000 ára) og trúlega þá einnig myndun öskjunnar (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971, Kristján Sæmundsson o.fl. 1975). Raunar eru líkür á að yngri askja liggi norðan við þessa og sé mynduð fyrir 12-20.000 árum (Kristján Sæmundsson 1982). Miklar brotahreyfingar hafa orðið á þessu sprungubelti eftir ísöld, en jarðhitasvæðið liggur í austurhluta þess. Eldvirkni er talsverð og kemur í hrinum á nokkurra alda fresti. Síðan jöklar leysti hafa orðið um 10 sprungugos á Kröflusvæðinu, eða álíka mörg og á Námafjallssvæðinu (Kristján Sæmundsson o.fl. 1975). Mývatnseldar stóðu 1724-1729 og rann þá hraun frá gígum innan Kröflu-öskjunnar og suður í Mývatn, eða um 12 km leið. Mikil jarðskjálftavirkni hefur verið öðru hvoru á þessu svæði eins og glöggt kemur fram í annálum (þorvaldur Thoroddsen 1899-1905, Eysteinn Tryggvason 1973). Fjölmargar greinar hafa verið ritaðar um umbrotin er hófust 1975, en þau skrif verða ekki rakin hér (sjá t.d. Axel Björnsson 1976, Axel Björnsson o.fl. 1979). Smáskjálftar eru tíðir. Fylgst er náið með þeim, því greinilegt samband er milli fjölda skjálfta, landsigs og stundum eldgosa á svæðinu. Á um 3 km dýpi innan Kröfluöskjunnar, hefur deyfing á S-bylgjum verið túlkud sem kvíkuhólf (Páll Einarsson 1978). Jarðhiti og ummyndun eru á 30-35 km² svæði (Guðmundur Guðmundsson o.fl. 1971), en virkur yfirborðshiti er á talsvert minna svæði eða 16-18 km².

Talið er að minnst þrjú aðal-uppstreymissvæði (vinnslusvæði) séu barna, Leirhnúkur, Hveragil og Suðurhlíðar Kröflu (og Hvíthólaklif?) (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980). Jarðhitakerfið er sumsstaðar tvískipt niðurávið og talað er um efra og neðra kerfi. Hiti í efra kerfinu er um 200°C, en í neðra kerfinu, þ.e. neðan við 1100-1500 m, er 300-350°C hiti og er það í suðu og fylgir hitinn suðumarksferli (sjá Valgarður Stefánsson 1980b og 1981).

Mikið hefur verið unnið í efnafræði á Kröflusvæðinu og mest í sambandi við gerð líkans af jarðhitakerfinu. Safnað hefur verið kerfisbundið úr gufuaugum á uppstreymissvæðunum og fylgst er með efnabreytingum á jarðhitavökva í gufuaugum og borholum (Gestur Gíslason og Stefán Arnórsson 1976, Gestur Gíslason o.fl. 1978, Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980). Við upphaf núverandi umbrota mengaðist hluti af jarðhitakerfinu það mikið af kvíkugasi (einkum koldioxíði) að gufan varð illnýtanleg fyrir Kröfluvirkjun (Gestur Gíslason og Stefán Arnórsson 1976, Niels Óskarsson 1978). Vinnslusvæðið í suðurhlíðum Kröflu virðist hafa orðið fyrir minnstum áhrifum af völdum elds-umbrotanna (Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980), og ekki virðast áhrif þeirra hafa náð suður í Hvíthólaklif.

Miklar jarðeðlisfræðilegar mælingar hafa verið gerðar í Kröflu og eru margar aðferðirnar nýjar af nálinni. Sé miðað við 10 Ohmm jafnvíðunámslinu á 600-800 m dýpi er flatarmál svæðisins 7 km² (Ragna Karlsdóttir o.fl. 1978, Freyr Þórarinsson 1980). Lágt viðnám (1-10 ohmm) er í efra kerfinu, en þar neðanvið er hátt viðnám. Lágvíðnámssvæðið í Kröflu er ílangt í stefnu NV-SA (120⁰A) og kemur sú stefna einnig fram í flugsegulmælingum, sjálfspennu- og þyngdarmælingum, en suðurmörkin eru skörp og hefur sú tilgáta komið fram að þar sé verulegt misgengi (öskjusig) er stjórni einnig vatnsrennsli á svæðinu (Freyr Þórarinsson 1980). Þyngdarmælingar voru fyrst gerðar á Norðausturlandi 1938 (Niemczyk 1943) og eftir að umbrotin í sprungubeltinu hófust 1975 hefur verið hæðar- og þyngdarmælt þar oft á ári til þess

áð fylgjast með hæðar- og massabreytingum (kvíkuhlaupum) innan Kröflu-
öskjunnar (Gunnar V. Johnsen 1979, Gunnar V. Johnsen o.fl. 1980).

Jardgufa er notuð til raforkuframleiðslu í Kröfluvirkjun sem hóf
starfsemi sína í lok ársins 1977. Í árslok 1984 var framleiðslan um
30 MW en virkjunin er hönnuð fyrir 60 MW_e. Ónnur nýting er ekki
fyrirhuguð á þessu jarðhitasvæði ennþá. Boranir hófust árið 1974 og er
yfirlit yfir þær í töflu 6.

TAFLA V.5-6 Skrá yfir borholur í Kröflu

Hola nr	Bortæki	Ár	Dýpi	Fóðring Hámarks-		Heildar- hitি	rennsli kg/s	Gufurennslí**	Athugasemd v.6 ata kg/s
				m	m	°C			
KW-1	Wabco	1974	1138	296*	298	6	4,2	Skemmd/Ranns.hola	
KW-2	Wabco	1974	1204	298*	220	40	-	Stífluð/Ranns.hola	
KG-3	Dofri	1975	1740	604*	320	65	13,0	Skemmd	
KJ-3A	Jötunn	1983	985	0*	210	25	-	Tengd virkjun	
KG-4	Dofri	1975	2002	594	314	-	-	Ónýt	
KG-5	Dofri	1975	1299	643	312	19	-	Tengd virkjun	
KJ-6	Jötunn	1976	2000	576*	344	7,0	5,0	Tengd virkjun	
KJ-7	Jötunn	1976	2165	808*	344	7,7	7,5	Tengd virkjun	
KG-8	Dofri	1976	1658	537*	304	25	-	Ekki tengd	
KJ-9	Jötunn	1976	1101	0*	215	25	-	Ekki tengd	
KJ-9	Jötunn	1977	1263	1074*	290	65	18,5	Tengd virkjun	
KJ-9	Jötunn	1982	1280	1074*	260	36	5,0	Ekki tengd	
KG-10	Dofri	1976	2082	805*	320	50	19,0	Stífluð	
KJ-11	Jötunn	1976	2217	1250*	320	5,0	3,5	Tengd virkjun	
KG-12	Dofri	1978	2222	985*	340	6,5	6,5	Tengd virkjun	
KJ-13	Jötunn	1980	2050	1065*	340	5,5	5,5	Skáhola tengd virkjun	
KJ-13	Jötunn	1983	1780	1065*	330	6,3	6,0	Tengd virkjun	
KJ-14	Jötunn	1980	2107	705*	340	15,5	15,0	Tengd virkjun	
KJ-15	Jötunn	1980	2097	1093*	340	4,0	3,8	Tengd virkjun	
KJ-16	Jötunn	1981	1981	669*	280	5,0	3,2	Tengd virkjun	
KJ-17	Jötunn	1981	2190	692*	290	11,0	4,0	Tengd virkjun	
KJ-18	Jötunn	1981	2215	669	280	-	-	Ekki vinnsluhæf	
KJ-19	Jötunn	1982	2150	649*	340	9,0	8,5	Tengd virkjun	
KJ-20	Jötunn	1982	1823	646*	305	13,5	6,5	Skáhola tengd virkjun	
KJ-21	Jötunn	1982	1200	273*	260	42	16,5	Tengd virkjun	
KJ-22	Jötunn	1983	1877	565*	260	21	4,0	Skáhola tengd virkjun	
KJ-23	Jötunn	1983	1968	536	250	-	-	Ekki vinnsluhæf	

Forborad var með Höggbor-3 í öllum holum nema Höggbor-5 í holu nr. 18.

* Raufaður leiðari í botn.

** Mælt á fyrsta mánuði í blæstri.

ÞEISTAREYKIR

Þeistareykir eru í Aðaldælahreppi í Suður Þingeyjarsýslu, en eigendur þeistareykjlands eru Aðaldæla- og Reykdælahreppar. Jarðhitasvæðið liggur í 320-560 m hæð og eru samgöngur samsílegar. Frá þeistareykjum eru 18 km að Kísilveginum á Hólasandi og 11 km að gamla Reykjaheiðarveginum milli Húsavíkur og Kelduhverfis. Svæðið er að meginhluta slétt hraun, helstu fjöll eru Bæjarfjall (561 m) og Ketilfjall (550 m). Svæðið er vel aðgengilegt til vinnslu.

Á vegum Orkustofnunar var unnið að rannsóknum á þeistareykjum 1972-1974 en rannsóknir lágu alveg niðri til ársins 1981. Þá var þráðurinn tekinn upp að nýju og var yfirborðsrannsóknum haldið áfram 1982 og er svæðið tilbúið fyrir rannsóknarboranir (Gestur Gíslason og fl. 1984).

Þeistareykjasvæðið er virk megineldstöð. Elstu jarðmyndanir á svæðinu eru frá seinni hluta ísaldar. Lambafjöll marka vesturjaðar þess sprungubeltis er jarðhitasvæðið telst til, en jarðhitinn er að mestu í austurjaðri þess. Súrt berg er fremur lítið, en í Mælifelli og lágum hól þar norðanvið er líparít, líklega myndað á síðasta jökulskeiði. Gosvirkni hefur verið lítil á nútíma, og yngsta hraunið á svæðinu (þeistareykjahraun) er aðeins yngra en 2900 ára skv. Öskulagarrannsóknum (Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975, Gestur Gíslason o.fl. 1984). Alls hefur gosið um 14 sinnum í og við þetta sprungubelti eftir ísöld. Árið 1968 voru engir smáskjálftar á svæðinu (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971). Stórir skjálftar eru tengdir s.k. Húsavíkurmisgengjum (lárétt og löðrétt færsla) sem liggja til NV frá sprungubeltinu í átt til Húsavíkur. Miklar hreyfingar urðu á Húsavíkurmisgengjunum árið 1872. Þá komu fram miklar sprungur norðan við Húsavík (þorvaldur Thoroddsen 1899-1905, sjá einnig samantekt í Gestur Gíslason o.fl. 1984). Jarðhiti á yfirborði nær yfir 10 km^2 , og ásamt ummyndun þekur hann 19 km^2 . Þá er tekin með gömul ummyndunar-skella vestur undir Lambafjöllum. Virkur jarðhiti er mest gufu augu og leirhverir. Grunnvatnsborð er á um 30 m dýpi skv. viðnámsmælingum (Karl Grönvold og Ragna Karlsdóttir 1975), en yfirborðsvatn er lítið.

Viðnámsmælingar voru gerðar á stórum hluta svæðisins á árunum 1972 og 1973 og síðan bætt við þær 1981 og 1982. Samkvæmt niðurstöðum þeirra markar 10 ohmm jafnvíðnámslína við sjávarmál (300 m undir yfirborði), um 18 km^2 og teygist úr svæðinu til norðurs (Gestur Gíslason o.fl. 1984). Norðan undir Bæjarfjalli markar 15 ohmm jafnvíðnámslína $6-8 \text{ km}^2$ svæði og fellur segullægð (skv. flugsegulmælingum 1974) vel við það. Undir lágviðnámslaginu, á 400-600 m dýpi, kemur fram lag með hærra viðnámi, 100-300 ohmm. Með samanburði við niðurstöður efna-greininga virðist þetta háa viðnám stafa af suðu í bergi (Gestur Gíslason o.fl. 1984). Samkvæmt þyngdarmælingum er lægð í þyngdar-svíðinu í tengslum við sprungubeltið og önnur er tengd Húsavíkurmisgengjunum (Gestur Gíslason o.fl. 1984). Árin 1966, 1968 og 1973 var mæld innrauð hitageislun á svæðinu og voru þau gögn höfð til hliðsjónar við vinnu þar 1981-1983.

Niðurstöður efnagreininga benda til tveggja uppstreymisstaða. Annað er norðan undir Bæjarfjalli og hitt minna vestan undir Ketilfjalli. Efnasamsetning gufu bendir til allt að $280-310^{\circ}\text{C}$ hita og virðist vatnsleiðni bergs meiri vestan undir Ketilfjalli en norðan undir Bæjarfjalli (Gestur Gíslason o.fl. 1984).

Engin nýting er á jarðhita á svæðinu, en á 17. og 18. öld var unnninn brennisteinn á Þeistareykjum og fluttur út. Borholur eru engar á svæðinu.

ÓVISS HÁHITASVÆÐI

Undir "óviss háhitasvæði" falla þau svæði þar sem grunur leikur á að háhita sé að finna. Hér á eftir verða þessi svæði talin upp og þær ástæður sem valda því að athyglan hefur beinst að þeim. Það er þessum svæðum flestum sameiginlegt að þau liggja afskekkt, yfirleitt hafa litlar rannsóknir farið þar fram og ekkert verið borad nema í Prestahnúki.

Lágviðnámssvæði á Reykjanesi

a) Stóra Sandvík (Hafnasandur) er í Hafnahreppi og er skammt frá byggð. Svæðið liggur í 0-30 m hæð og er vel aðgengilegt til vinnslu. Lágviðnámssvæði kemur fram í viðnámsmælingum á svæði sem er um 8 km suður af Höfnum á Reykjanesi. Þetta svæði kom fram í mælingum sem gerðar voru til könnunar á ferskvatnslinsu er flýtur ofaná jarðsjó á Reykjanesi (Freysteinn Sigurðsson o.fl. 1978, Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Lágt viðnám kemur fram á um 10 km^2 svæði (miðað við 5 ohmm jafnviðnámslinu) og er reiknað með allt að 175°C hita barna skv. viðnámsmælingum (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Svæði þetta er í vesturjáðri Reykjanessprungubeltsins og hafa engar boranir verið gerðar þar. Ekkert heitt vatn er á yfirborði svo vitad sé.

b) Snorrastaðatjarnir eru um 7 km norður af jarðhitasvæðinu í Svartsengi og tilheyra Vatsleysustrandarhreppi. Svæðið liggur við veginn að Svartsengi og Grindavík í um 20 m hæð og er vel aðgengilegt. Lágviðnám kom fram í mælingum barna (Freysteinn Sigurðsson o.fl. 1978, Lúðvík S. Georgsson 1979), en í efnagreiningum af vatni á svæðinu varð ekki vart við áhrif jarðhita.

Borvaldur Thoroddsen getur þess í Ferðabók sinni (1958) að hann hafi séð gufur stíga úr "hvernum fyrir ofan Vogastapa" en enginn hiti hefur fundist barna í seinni tíð né önnur ummerki. Í Viðnámsmælingum sem gerðar voru barna 1981-1982 kom fram að lágt eðlisviðnám (5-8 ohmm) er í efstu 200-400 m á þessu svæði og mun hærra nedar (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Barna er því ekki líklegt að leynist háhitasvæði.

c) Pórðarfell er einnig í sama sprungubelti og Reykjanessvæðið, en um 10 km norðaustar. Það tilheyrir Grindavíkurhreppi og er mjög aðgengilegt til vinnslu þótt vegasamband sé ekki sérlega gott. Þetta svæði kom einnig fram í viðnámsmælingum (Freysteinn Sigurðsson o.fl. 1978, Lúðvík S. Georgsson 1979), en hvorki er hiti þar á yfirborði svo

vitað sé, né ummyndun. Svæðið liggur í 40-60 m hæð í austurjaðri sprungubeltisins og er að mestu undir nútímhraunum. Í viðnámsmælingum sem gerðar voru 1981-1982 kom í ljós að lágt viðnám er aðeins í efstu 200-400 m en fer hakkandi nedar (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Þarna er því líklega ekki háhitasvæði.

d) Fagradalsfjall er um 7 km austan við Svartsengi og tilheyrir Grindavíkurhreppi. Svæðið er í um 100 m hæð og er fremur aðgengilegt til vinnslu. Slæmir jeppaslóðar liggja inn á svæðið. Þetta svæði kom fram í viðnámsmælingum (Freysteinn Sigurðsson o.fl. 1978, Lúðvík S. Georgsson 1979) en ekki er þar hiti né ummyndun á yfirborði svo vitað sé. Í viðnámsmælingum sem gerðar voru 1981-1982 var staðfest að þarna er lágvíðnámssvæði og hiti skv. viðnámsmælingum allt að 175°C á $1-2 \text{ km}^2$ svæði (Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983). Þetta svæði er í framhaldi af Eldvörpum-Svartsengi og því ekki ólíklegt að þarna sé jarðhiti, en þörf er rannsóknarborana til að staðfesta það. Svæðið liggur ekki í vel afmörkuðu sprungubelti, en er talsvert brotið. Stór hluti svæðisins liggur undir nútímhraunum.

Prestahnúkur

Prestahnúkur er í Borgarfjardarsýslu. Engir vegir eru inn á svæðið en þangað má komast á jeppa. Suðvestan í Prestahnúk (1223 m) hefur fundist 94°C heit gufa í 940 m hæð (Ingvar B. Friðleifsson, munnl. uppl.). Prestahnúkur er úr líparíti (perlustei), myndaður seitn á ísöld, en umhverfið er að mestu leyti móberg. Engar nútíma gosminjar eru á svæðinu. Sennilega er megineldstöð suðvestan í Langjökli og tilheyrir Prestahnúkur henni. Þetta landssvæði hefur lítið verið skoðað (um Prestahnúk sjá Gylfa þ. Einarsson 1975).

Árið 1968 varð vart við smáskjálftavirkni á þessu svæði (Ward og Sveinbjörn Björnsson 1971) og var lengi vel engin skýring á henni en smáskjálftar eru að mestu bundnir við háhitasvæðin. Sé það rétt að undir suðvesturhluta Langjökuls sé háhitasvæði, skýrir það smáskjálftavirknina.

Engar jarðeðlisfræðilegar mælingar né efnafræðiathuganir hafa farið fram á svæðinu er varpað gátu frekara ljósi á tilveru þessa jarðhitasvæðis. Árið 1971 voru boraðar þrjár grunnar holar (20 m, 25 m og 50 m) vestan við Prestahnúk vegna athugana á perlustei. Úr þeim komu tugir lítra af allt að 29°C heitu vatni.

Erfitt er að gefa upp stærð þessa svæðis vegna þess hve lítið er um það vitað, en 1 km^2 er talin vera lágmarksstærð. Um það bil helming þess má telja aðgengilegan til vinnslu.

Tindfjallajökull

Tindfjallajökull er í Rangárvallasýslu og liggur fremur afskekkt, en svæðið þar sem einhvern hita er að finna er í nál. 400 m hæð. Engir vegir eru inn á svæðið. Segja má að þetta svæði sé fremur illa aðgengilegt.

Stór megineldstöð er undir Tindfjallajökli og í tengslum við hana er mikil af súru bergi og greinilegt öskjusig. Þar sem háhitasvæði eru oft í tengslum við stórar megineldstöðvar hefur verið talið mögulegt

að háhitasvæði kunni að vera í Tindfjöllum. Hiti er suðaustan í Tindfjöllum, í svonefndu Hitagili, en er aðeins 40°C og ekki eru til góðar efnagreiningar á vatni þaðan. Jarðfræði svæðisins hefur verið nokkuð lýst af Kunský (1950), Kunský og Zdenék (1940) og Larsen (1979), en engin jarðhitaleit hefur farið fram.

Hvorki efnafræðiathuganir né jarðeðlisfræðiathuganir hafa verið gerðar, sem varpa frekara ljósi á þetta svæði.

Hofsjökull

Hofsjökull skiptir þremur sýslum, Árnes-, A-Húnnavatns- og Skagafjardarsýslu. Hæst nær hann í 1765 m og er illfært að jökuljöðrum víðast hvar.

Hofsjökull er virk megineldstöð og á nútíma hefur gosið í norðurjaðri hans, en söguleg gos eru engin. Súrt berg hefur fundist í Arnarfelli hinu mikla og greinilegt öskjusig er í miðjum jöklínnum (Kristján Sæmundsson 1982). Trúlega eru jarðlöög flest mynduð við gos undir jöklum og hefur fjallabálkurinn hlaðist upp að mestu á seinni hluta ísaldar.

Það sem vekur grun um að Hofsjökull sé háhitasvæði er tvennt. Í fyrsta lagi er að þarna er virk megineldstöð og í öðru lagi eru heitar laugar (68°C) við Nauthaga, sunnan við jökulinn. Úr laugunum voru tekin vatnssýni árið 1975 og bendir efnasamsetning þeirra til þess að laugarnar við Nauthaga séu afrennsli frá háhitasvæði (Einar Gunnlaugsson, munnl. uppl.).

Engar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er hjálpa til við mat á stærð svæðisins.

Blautakvísl

Blautakvísl rennur austan við Þóristind, í Tungná og er í Rangárvalla-sýslu. Svæðið sem um ráðir liggur í 520-580 m hæð og eru samgöngur slæmar.

Á vegum Vatnsorkudeilda Orkustofnunar hefur talsvert verið unnið að jarðfræðiathugunum á þessu svæði, en lítið hugað að jarðhita. Jarðfræðin einkennist af gömlum móbergshryggjum og fáein nútímahraun liggja að svæðinu. Söguleg gos hafa ekki orðið á þessu svæði svo vitað sé, en miklir vikrar eru þar. Það sem talid var benda til háhita voru mjög miklar breiður af hverahrúðri (Guðmundur Kjartansson 1962), sem benda til þess að einhverntíma á nútíma hefur mikil hveravirkni verið á þessu svæði. Stærð svæðisins er mörkuð af Útbreiðslu hverahrúðursins og telur eina 7 km^2 . Hverahrúðrið er ekki samfellt heldur er það á tveimur stöðum, austanundir Þóristindi og svo um 4 km austan við ármót Tungnár og Blautukvíslar, upp með Blautukvísl og Útkvísl. Þetta var athugasemdir 1984 og reyndist um kalkhrúður að ræða engin ummyndun fannst og er þetta ekki talið líklegt háhitasvæði. Engar jarðeðlisfræðilegar né efnafræðilegar athuganir hafa farið fram á þessu svæði.

Bórdarhyrna

Bórdarhyrna (1659 m) er í Vestur-Skaftafellssýslu. Svæðið sem hér um ræðir er hulið jökli og því óaðgengilegt með öllu til vinnslu og fremur illfært yfirferðar.

Að því er best verður séð er Bórdarhyrna og umhverfi virk megineldstöð, t.d. er Bórdarhyrna úr líparíti. Gos var á þessum slóðum 1903. Um eldvirkni liðinna alda er minna vitað, en þar eð petta svæði liggur afskekkt er ekki ólíklegt að gos barna hafi verið eignuð Grímsvötnum. Lítið er vitað um skjálfta á þessu svæði. Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson (1980) minnast á að háhitasvæði sé trúlega undir jöklinum í grennd við Bórdarhyrnu og geta sér til að fúll lækur er rennur í Grænalón sé afrennsli þaðan. Ölkeldur og kaldhrúður austast í Grænafjalli telja þeir af sama toga.

Um efnafræði vatnsins er ekki vitað og engar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er koma til hjálpar við mat á stærð svæðisins. Nýting er engin og boranir engar í nágrenni við svæðið.

Jökulskálar vestan Grímsvatna

Á milli Grímsvatna og Hamarsins má sjá, t.d. á gervitunglamyndum, nokkuð greinilega röð af sigkötum eða sigskálum í jöklinum (Sigurður Þórarinsson o.fl. 1973). Eftir þessu hafði verið tekið í sambandi við jökulhlaup í Skaftá (Sigurður Þórarinsson og Sigurjón Rist 1955). Þessar jökulskálar tilheyra Vestur-Skaftafellssýslu og liggja í á að giska 1100-1500 m hæð, og er svæðið alveg óaðgengilegt til vinnslu.

Ekki fara sögur af eldvirkni þarna enda hafa óll gos á þessum stað í Vatnajökli verið heimfærð upp á Grímsvötn, þó svo vel geti verið að gosið hafi víðar.

Jökulskálarnar eru 100-150 m djúpar og virðast dýpka og stækka við hlaup í Skaftá. Getum hefur verið leitt að því að þarna kunni að vera jarðhitasvæði, en önnur rök en skálarnar sjálfar eru ekki fyrir hendi.

Hrúthálsar

Hrúthálsar eru í Suður Þingeyjarsýslu, 15 km norð-norðvestur af Herðubreið og 30 km norð-norðaustur af Öskju. Hrúthálsar ná í 1050 m hæð en svæði það sem hér um ræðir er í 1000-1100 m hæð. Engir vegir liggja þangað.

Hrúthálsar eru móbergsfjöll og við athuganir bar 1984 fannst súrt berg. Hraun mikil hafa runnið upp að fjöllunum og eru nútímaeldstöðvar á sjálfu svæðinu. Lítið er vitað um skjálftavirkni. Jarðhiti er enginn á yfirborði en Barth (1950) getur þess að þarna séu gufuaugu og brennisteinsþverir. Á yfirborði eru miklar útfellingar af brennisteini og gifsi, en bergið er mikil ummyndað.

Gjástykki

Gjástykki er sigdalur í sprungubelti því sem kennt er við Kröflu og er svæðið að hálfu í Suður- og að hálfu í Norður-Bingeyjarsýslu. Svæðið er í 400-500 m hæð, undir sléttum hraunum og er vel aðgengilegt til vinnslu.

Allt svæðið er hulið nútímahraunum. Oft hefur gosið þar síðan umbrot hófust í sprungubeltinu 1975. Örnefni á svæðinu, svo sem Hrútafjallahituri, Hituhólar o.p.h. benda til hita fyrir á öldum. Svæðið er mjög sprungið og er jarðhitinn (að mestu gufa) aðallega bundinn við ung brot. Útbreiðsla jarðhitans á yfirborði hefur verið kortlögð af Oddi Sigurðssyni (munnl. uppl. Oddur Sigurðsson 1981). Skjálftar eru algengir á svæðinu.

Litlar jarðeðlisfræðilegar athuganir hafa verið gerðar er koma að notum við mat þessa svæðis. Jarðefnafræðilegar rannsóknir eru nær engar, enda er það mest vatnsgufa sem upp stígur úr sprungunum. Nýting er engin og engar boranir.

Öxarfjörður

Það svæði sem um er að ræða í Öxarfirði liggur í Keldunes- og Öxarfjarðarhreppum í Norður-Bingeyjarsýslu. Hluti þess liggur undir sjó, en á landi nær það lítið herra en í 40-50 m hæð. Sá hluti sem liggur á landi er sléttlendur og má segja að meiri hluti svæðisins sé vel aðgengilegur til vinnslu.

Þetta svæði er að litlum hluta hulið nútímahraunum en mestur hluti þess liggur undir vatnaseti sem komið hefur fram með hinum stóru ám á svæðinu, og að einhverju leyti er það sjávarset. Engar nútíma-eldstöðvar eru á svæðinu, þær næstu eru í 11 km fjarlægð. Svæðið er mikid brotið og urðu miklar hreyfingar á sprungum í Öxarfirði í upphafi umbrotahrinunnar er hófst í þessu sprungubelti árið 1975. Jarðskjálftar eru algengir á þessu svæði og getur þess ósjaldan á blöðum sögunnar að jarðhræringar trufli fólk í Öxarfirði. Til dæmis varð mikill skjálfti árið 1885 og sprakk jörð víða, hrundu hús og grunnvatn gaus 50-60 faðma á söndunum (Þorvaldur Thoroddsen 1899-1905). Jarðhiti er eingöngu sem vatnshverir og laugar og er hitastig allt að 90°C (Valgarður Stefánsson 1977). Svæðið er í sama sprungubelti og Krafla.

Viðnámsmælingar hafa verið gerðar á Öxarfjardarsvæðinu (óbirt gögn Orkustofnunar). Í þessum mælingum kemur fram mjög lágt viðnám (1-2 ohmm) á talsvert stóru svæði og hefur það verið túlkað sem mögulegt háhitasvæði. "Alkalihiti" vatns á svæðinu er $150-200^{\circ}\text{C}$ (Valgarður Stefánsson 1977). Stærð þessa svæðis er 42 km^2 ef dæmt er eftir jarðhita á yfirborði en rúmir 20 km^2 , ef stuðst er við 10 ohmm jafnvíðnámslinu á 600 m dýpi. Stærð þessa svæðis er því metin 30 km^2 .

Niðurstöður jarðefnafræðilegra athugana eru í samræmi við niðurstöður viðnámsmælinga um að undir söndunum sé háhitasvæði. Líklegur hiti djúpvökva er um 200°C og er jarðhitavökvin fremur saltur ($>1000 \text{ ppm Cl}$). Heita vatnið er notað í hitaveitur fyrir einstaka þei og í fiskeldi. Ekkert hefur verið borad á svæðinu.

Kolbeinsey

Kolbeinsey liggur rúmlega 100 km norður af Siglunesi og telst ekki til neinnar sýslu. Jardhitasvæði hefur fundist þar og er réttvísandi mið í Kolbeinsey 3,6 sjómílur og 11° . Upplýsingar um þetta svæði eru frá Jóni Ólafssyni á Hafnarfjörðunum.

Kolbeinsey liggur á Kolbeinseyjarhrygg, sem er virkur hluti af Mið-Atlantshafshryggnum. Bergið í Kolbeinsey er frekar óvenjulegt basalt (Haraldur Sigurðsson og Brown 1970), en ekki hefur verið getið um súrt berg á þessu svæði. Hiti sjávarins er eitthvað yfir meðallag sjávarhita á þessu hafsvæði. Hitasvæðid er a.m.k. nokkur hundruð metrar í þvermál og er dýptin á það 90 m þar sem grynnst er, en haf-dýpið umhverfis er 220 m. Sýni sem tekin voru úr sjónum árið 1979 og 1981 sýndu óvenju hátt magn af kíslí, brennisteinssambondum og málumum. Bestu sýnin er náðust voru af 60 m dýpi og gætir þar vafalaust mikillar blöndunar við sjóinn umhverfis. Mikið var af loftbólum í sjónum á svæðinu.

Þess eru mörg dæmi að jardhitasvæði finnast á hafsvæðum og er Galapagos jardhitasvæðid vafalaust þekktast, en í Atlantshafinu er t.d. getið um jardhitasvæði á 26° N (Jenkins o.fl 1980). Það er því líklegt að fleiri jardhitasvæði finnist á hafsbotnum í framtíðinni.

HEIMILDASKRÁ

- Axel Björnsson, Jens Tómasson og Kristján Sæmundsson 1974: Hengilssvæðið. Stáða jarðhitarannsóknar vorið 1974. Orkustofnun, OS-JHD-7415, 9 s.
- Axel Björnsson 1976: Jarðhræringar við Kröflu. Náttúrufræðingurinn, 46: 177-198.
- Axel Björnsson og Oddur Sigurðsson 1978: Hraungos úr borholu í Bjarnarflagi. Náttúrufræðingurinn, 78: 19-23.
- Axel Björnsson, Gunnar V. Johnsen, Sven Sigurðsson, Gunnar Þorbergsson og Eysteinn Tryggvason 1979: Rifting of the plate boundary in north Iceland 1975-1978. Journ. Geophys. Res., 84, B6: 3029-3038.
- Barth, T.W. 1950: Volcanic geology, hot springs and geysers of Iceland. Carnegie Inst. of Washington, Publ. 587, Washington: 174 s.
- Benedikt Steingrímsson og Valgarður Stefánsson 1979. Nesjavellir - Hitastig og þrýstingur í jarðhitasvæðinu. Orkustofnun OS79032/JHD15: 31 s.
- Bragi Árnason, Páll Theodórsson, Sveinbjörn Björnsson og Kristján Sæmundsson 1969: Hengill, a high temperature thermal area in Iceland. Bull. Volc. 33-1: 245-260.
- Chaturvedi, Lokesh og Guðmundur Pálmason 1967: Interpretation of an infrared imagery of Mývatn area. Orkustofnun, Jarðhitadeild: 16 s.
- Eysteinn Tryggvason 1973: Seismicity, earthquake swarms and plate boundaries in the Iceland region. Bull. Seismol. Soc. Am. 63, 4: 1327-1348.
- Eysteinn Tryggvason 1982: Nokkrar hugleiðingar um Grímsvötn, mesta jarðhitasvæði jardar: í "Eldur er í Norðri" afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Sögufélagið: 29-35. Reykjavík.
- Foulger G. R. og Páll Einarsson 1979. Recent earthquakes in the Hengill-Hellisheiði area in SW-Iceland. Raunví sindastofnun Hásk. RH-79-5: 17 s.
- Foulger G. R. 1984: The Hengill Geothermal Area: Seismological studies 1978-1984. RH-07-84, OS-84073/JHD-12, 196 s.
- Freyr Þórarinsson 1980: KRAFLA - Viðnámsmælingar með fjórpólsaðferð sumarið 1979. Orkustofnun, OS80013/JHD07: 54 s.
- Freysteinn Sigurðsson, Freyr Þórarinsson, Snorri P. Snorrason, Kristján Ágústsson og Guttormur Sigbjarnarson 1978: Intergrated hydrological survey of a freshwater lens. Orkustofnun OS-JKD-7806: 14 s.

Friedman, J.D., Williams, R.S. jr., Sigurður Thorarinsson, og Guðmundur Pálason, 1972: Infrared emission from Kverkfjöll subglacial volcanic and geothermal area, Iceland. *Jökull*, 22: 27-43.

Gestur Gíslason og Stefán Arnórsson 1976: *Framvinduskýrsla um breytingar á rennsli og efnainnihaldi í borholum 3 og 4 í Kröflu*. Orkustofnun, OS-JHD-7640: 9 s.

Gestur Gíslason, Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1978: *Krafla - Hitaástand og gastegundir í jarðhitakerfinu*. Orkustofnun, OS-JHD-7846: 45 s.

Gestur Gíslason, Gunnar V. Johnsen, Halldór Ármannsson, Helgi Torfason og Knútur Árnason 1984: *þeistareykir - Yfirborðsrannsóknir á jarðhitasvæðinu*. Orkustofnun OS-84089/JHD-16, 134 s.

Guðmundur Guðmundsson, Guðmundur Pálason, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson og Stefán Arnórsson 1971: *Námafjall-Krafla. Áfangaskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðisins*. Orkustofnun JHD, 81 s.

Guðmundur Kjartansson 1962: *Jarðfræðikort af Íslandi blað 6. - Mið-Sudurland*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Guðmundur Kjartansson 1965: *Jarðfræðikort af Íslandi, blað 5. - Mið-Ísland*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Guðmundur Pálason 1962: *Hiti í borholum á Íslandi*. Náttúrufræðingurinn, 32: 102-112.

Guðmundur Pálason 1964: Gravity measurements in the Grímsvötn Area. *Jökull*, 14: 61-66.

Guðmundur Pálason 1980: *Jarðhiti á Íslandi*. Náttúrufræðingurinn, 50: 145-156.

Guðmundur Pálason, J.D. Friedman, R.S. Williams jr., Jón Jónsson og Kristján Sæmundsson 1970: Aerial infrared surveys of Reykjanes and Torfajökull thermal areas, Iceland, with a section on cost of exploration surveys. *Geothermics (1970) special Issue 2*, 1: 399-412.

Guðmundur E. Sigvaldason 1964: Some geochemical and hydrothermal aspects of the 1961 Askja eruption. *Beitr. zur Mineral. Petrogr.* 10: 263-274.

Guðmundur E. Sigvaldason 1965: The Grímsvötn thermal area. Chemical analysis of Jökulhlaup water. *Jökull*, 15: 125-128.

Guðrún Larsen 1982: Basaltiske spalte udbrud af explosiv karakter fra Torfajökull-Veiðivötn spalte sværmen i Syðisland. I: "Abstracts 15. Nordiske Geologiske Vintermöde", 5.-8. janúar 1982: 2-3. Reykjavík.

Guðrún Larsen og Sigurður Þórarinsson 1977: H_4 and other acid Hekla tephra layers. *Jökull*, 27: 28-41.

Guðrún Larsen, Karl Grönvold og Sigurður Þórarinsson 1979: Volcanic eruption through a geothermal borehole at Námafjall, Iceland. *Nature*, 278, 5706: 707-710.

Gunnar Böðvarsson 1956: Natural Heat in Iceland. Paper 197 K/8, 5th World Power Conference in Vienna: 16 s.

Gunnar V. Johnsen 1979: Hædar- og þyngdarmælingar á Kröflu- og Námafjallssvæðinu. Orkustofnun OS79010/JHD04: 98 s.

Gunnar V. Johnsen, Axel Björnsson og Sven Sigurðsson 1980: Gravity and elevation changes caused by magma movement beneath the Krafla caldera, Northeast Iceland. *Journ. Geophys.*, 47: 132-140.

Gylfi Þ. Einarsson 1975: Jarðfræði Prestahnúks. Prófritgerð til BS prófs við Háskóla Íslands: 45 s.

Gylfi Páll Hersir 1980: Electric and electromagnetic measurements across the Mid-Atlantic ridge in Southwest-Iceland, with special reference to the high temperature area of Hengill. Special-arbejde, Lab. For Geophysic Aarhus Universitet, Danmörk: 165 s.

Halldór Ármannsson og Trausti Hauksson 1980: Krafla - Samsetning gass í gufuugum. Orkustofnun, OS80027/JHD16: 51 s.

Haraldur Sigurðsson og Brown, G.M. 1979: An unusual enstatite-forsterite basalt from Kolbeinsey island, north of Iceland. *J. Petol.*, 11, 2: 205-220.

Haraldur Sigurðsson og Sparks, R.S.J. 1978: Rifting episode in north Iceland 1874-1875 and the eruptions of Askja and Sveinagjá. *Bull. Volc.*, 41-3: 149-167.

Helgi Björnsson 1974: Explanations of jökulhlaups from Grímsvötn, Vatnajökull, Iceland. *Jökull*, 24: 1-15.

Helgi Björnsson 1982: Varmamælirinn í Grímsvötnum, eldvirkni, orsakir og eðli jarðhita. I: "Eldur er í norðri" afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. *Sögufélagið*: 139-144. Reykjavík.

Helgi Björnsson og Hrefna Kristmannsdóttir 1984: The Grímsvötn Geo-thermal Area, Vatnajökull, Iceland. *Jökull*, 34: 25-50.

Jenkins, W.J., Rona, P.A. og Edmond, J.M. 1980: Excess ^3He in deep water over the Mid-Atlantic Ridge at 26°N : Evidence of hydro-thermal activity. *Earth and Planet. Sci. Lett.* 49: 39-44.

Johnstrup, F. 1886: Om de vulkaniske udbrud og solfatarerne i den nordøstlige del af Island. *Naturhistorisk Foren. Festskr.*: 149-198.

Jón Órn Bjarnason 1984: Eldvörp - Efnasamsetning jarðsjávar og gufu úr holu EG-2. Orkustofnun OS-84071/JHD-11, Reykjavík 20 s.

Jón Jónsson 1977: Tví-Bollar og Tvíbollahraun. Náttúrufræðingurinn 47: 103-109.

Jón Jónsson 1978: Jarðfræðikort af Reykjanesskaga. I. Skýringar við jarðfræðikort; II: Jarðfræðikort. Orkustofnun, OS-JHD-7831, Textahefti: 303 s, 12 m, 21 kortablað í sér kassa.

Jón Jónsson 1982: Um Ögmundarhraun og aldur þess. Í "Eldur er í Norðri", afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum, Sögu-félagið: 193-198. Reykjavík.

Jón Jónsson 1983: Eldgos á sögulegum tíma á Reykjanesskaga. Náttúrufræðingurinn, 53, 1-4: 127-139.

Jón Ólafsson 1980: Temperature structure and water chemistry of the caldera lake Æskjuvatn, Iceland. Limnol. Oceanogr., 25, 5: 779-788.

Karl Grönvold 1972: Structural and geochemical studies in the Kerlingafjöll region, central Iceland. Doktorsritgerð við Oxford Háskóla: 237 s.

Karl Grönvold og Ragna Karlisdóttir 1975: Þeistareykir - Áfangaskýrsla um yfirborðsrannsóknir jarðhitasvæðisins. Orkustofnun, JHD 7501, 26 s. 11 m.

Karl Ragnars, Halldór Ármannsson og Benedikt Steingrímsson 1979: Ölfusdalur - Mælingar í borholum G-3, G-6 og G-7. Framvinduskýrsla. Orkustofnun, OS79053/JHD25: 51 s.

Kristján Sæmundsson 1967: Vulkanismus und Tektonik des Hengill-gebietes in Sudwest-Island. Acta Nat. Isl. 2,7: 1-105.

Kristján Sæmundsson 1972: Jarðfræðiglefsur um Torfajökulssvæðið. Náttúrufræðingurinn, 42: 81-99.

Kristján Sæmundsson 1982: Æskjur á virkum eldfjallasvæðum. Í "Eldur er í norðri", afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Sögu-félagið: 221-239. Reykjavík.

Kristján Sæmundsson, Stefán Arnórsson, Karl Ragnars, Hrefna Kristmannsdóttir og Gestur Gíslason 1975: Krafla, skýrsla um niðurstöður rannsóknarborana 1974. Orkustofnun OS-JHD-7506: 32 s. auk mynda.

Kristján Sæmundsson og Haukur Jóhannesson 1980: Jarðfrædirannsóknir á Fljótshverfis- og Síðumannaafréttum. Í "Dagskrá og ágrip", ráð-stefna um jarðhita 7. nóv. 1980, Hótel Loftleiðum: 5-6. Reykjavík.

Kristján Sæmundsson og Ingvar B. Friðleifsson 1980: Jarðhiti og jarðfrædirannsóknir. Náttúrufræðingurinn, 50: 157-188.

Kristján Sæmundsson 1984: Gossaga Kröflu. Hverfjallsskeið. Í: Hrafnaping um stöðu Kröfluvirkjunar, 1.-2. nóv. 1984, 17 s.

Kunsky, J. 1950: Tindfjallajökull. A geological and geographical study from the interior of Iceland. Int. Acad. Tcheque des Sci. 47: 187.

Kunsky, J. og Zdenék, R. 1940: "Tindfjallajökull. Geological and geographical studies of the interior of Iceland". (grein á tékknesku) Ceská Akad. Tv. Roszravi, 50, 14: 1-30.

Larsen, J.G. 1979: Glass-bearing gabbro inclusions in hyaloclastites from Tindfjallajökull, Iceland. Lithos, 12: 289-302.

Lúðvík S. Georgsson 1979: Svartsengi - Viðnámsmælingar á utanverðum Reykjanesskaga. Orkustofnun OS79042/JHD20: 100 s.

Lúðvík S. Georgsson 1984: Resistivity and Temperature Distribution of the outer Reykjanes Peninsula, southwest Iceland. Extended Abstracts with Biographies, 54th Annual International SEG Meeting, Dec. 2-6, 1984, Atlanta, Georgia: 81-84.

Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius 1983: Viðnámsmælingar á utanverðum Reykjanesskaga 1981 og 1982. Orkustofnun OS83049/JHD-09, Reykjavík, 70 s.

Niels Óskarsson 1978: Effect of magmatic activity on fumarole gas composition in the Námafjall-Krafla volcanic center, N-Iceland. Nordic Volcanologic Institute (Norræna Eldfjallastöðin), 78-03: 20 s.

Niemczyk, O. 1943: Spalten auf Island. Verlag von Konrad Wittwer Stuttgart.

Oddur Sigurðsson 1981: Náttúruhamfarir í þingeyjarþingi (III) 1978-81. Týli II.I:7-16.

Ólafur Jónsson 1962: Dyngjufjöll og Askja. Bókaforlag Odds Björns-sonar: 96 s. Akureyri.

Páll Einarsson 1978: S-wave shadows in the Krafla caldera in NE-Iceland, evidence for a magma chamber in the crust. Bull. Volcanol., 41-3: 187-195.

Páll Þorláksson: Undirréttning um jarðskjálftana og þeira verkanir í þingvallasveit 1789. - Handrit í þjóðskjalasafni.

Piper, J.D.A. 1973: Volcanic history and tectonics of the north Langjökull region, central Iceland. Can. Journ. Earth Sci., 10, 2: 164-179.

Piper, J.D.A. 1979: Outline volcanic history of the region west of Vatnajökull, central Iceland. Journ. Volcanol. and Geoth. Res., 5: 87-98.

Ragna Karlsdóttir, Gunnar V. Johnsen, Axel Björnsson, Ómar Sigurðsson og Egill Hauksson 1978: Jarðhitasvæðið við Kröflu. Áfangaskýrsla um jarðeðlisfræðilegar rannsóknir 1976-1978. Orkustofnun, OS-JHD-7847: 37.

Sigurður Skúlason 1933: **Saga Hafnarfjardar.** Bls. 348-350. Bæjar-sjóður Hafnarfjardar.

Sigurður Steinþórsson og Niels Óskarsson 1983: Chemical monitoring of jökulhlaup water in Skeiðará and the geothermal system in Grímsvötn. Jökull, 33: 73-86.

Sigurður Þórarinsson 1949: Um aldur Geysis. Náttúrufræðingurinn, 19. 34-41.

Sigurður Þórarinsson 1950: Jökulhlaup og eldgos á jökulvatnsvæði Jökulsár á Fjöllum. Náttúrufræðingurinn, 20. 113-133.

Sigurður Þórarinsson 1951: Laxárgljúfur and Laxárhraun. Geogr. Annaler, 1-2: 1-89.

Sigurður Þórarinsson 1953: The Grímsvötn expedition, June-July 1953. Jökull, 13: 19-22.

Sigurður Þórarinsson 1962: Trjáför í Hverfjalls- og Hekluvikri. Náttúrufr. 32: 124-131.

Sigurður Þórarinsson 1968: Vatnajökulsleiðangur 1968 1.-14. júní. Jökull, 18: 394-400.

Sigurður Þórarinsson 1974: Vötnin stríð. Menningarsjóður: 254 s. Reykjavík.

Sigurður Þórarinsson og Sigurjón Rist 1955: Athuganir á Skeiðarár-hlaupi og mælingaleiðangurinn á Vatnajökul vorið 1955. Jökull, 5: 27-29.

Sigurður Þórarinsson, Kristján Sæmundsson og Williams, R.S. 1973: Erts-1 image of Vatnajökull: Analysis of glaciological, structural and volcanic features. Jökull, 23: 7-17.

Sigurjón Rist 1982: Flóð og flóðahætta. í "Eldur er í norðri", afmælisrit helgað Sigurði Þórarinssyni sjötugum. Sögufélagið: 369-385. Reykjavík.

Stefán Arnórsson 1969: A Chemical study of selected elements in thermal waters of Iceland. Doktorsritgerð við Imperial College, London: 353 s.

Stefán Arnórsson 1977: Changes in the chemistry of waters and steam discharged from wells in the Námafjall geothermal field, Iceland, during the period 1970-1976. Jökull, 27: 47-59.

Stefán Arnórsson 1985: The use of mixing models and chemical geothermometers for estimating underground temperatures in geothermal systems. Journ. Volc. Geotherm. Res. 23: 299-335.

Stefán Arnórsson, Guðmundur Guðmundsson, Stefán G. Sigurmundsson, Axel Björnsson, Einar Gunnlaugsson, Gestur Gíslason, Jón Jónsson, Páll Einarsson og Sveinbjörn Björnsson 1975: Krisuvíkursvæði. Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitans. Orkustofnun OS-JHD 7554: 71 s. auk mynda.

Stjórnartíðindi B, nr. 354, 1979: **Friðland að Fjallabaki.** Menntamála-
ráðuneytið, Reykjavík, 2 s.

Sveinbjörn Björnsson 1974: **Afl og ending Hengilssvæðisins.** Orku-
stofnun OS-JHD 7514: 7 s.

Sveinbjörn Björnsson, Birna Ólafsdóttir, Jens Tómasson, Jón Jónsson,
Stefán Arnórsson og Stefán G. Sigurmundsson 1971: **Reykjanes.**
Heildarskýrsla um rannsókn jarðhitasvæðisins. Orkustofnun, JHD:
122 s.

Trausti Einarsson 1964: **Geysir í Haukadal.** Geysisnefnd: 28 s.
Reykjavík.

Trausti Hauksson 1981: **Reykjanes, styrkur efna í jarðsjó.** Orkustofnun
JHD OS81015/JHD10: 53 s.

Valgarður Stefánsson 1977: **Jarðhiti í Axarfirði (ágrip).** í "Dagskrá
og ágrip" frá ráðstefnu um íslenska jarðfræði, 24.-25. nóv.
1977. Jarðfræðafélag Íslands: 30. Reykjavík.

Valgarður Stefánsson 1980 a: **Jarðhitakerfið í Krísuvík.** í úrdráttum
erinda á ráðstefnu Jarðfræðafélags Íslands, 7. nóv. 1980 að Hótel
Loftl.: 41-43. Reykjavík.

Valgarður Stefánsson 1980 b: **Rannsóknir á háhitakerfinu í Kröflu.**
Náttúrufræðingurinn, 3-4: 333-359.

Valgarður Stefánsson 1981: **The Krafla Geothermal field, Northeast
Iceland.** In: L. Rybach and L.J.P Muffler (ritstj.) **Geothermal
Systems,** J. Wiley og Sons, NY: 273-294.

Valgarður Stefánsson, Gestur Gíslason, Helgi Torfason, Lúðvík S.
Georgsson, Stefán G. Sigurmundsson og Sverrir Þórhallsson 1982:
Ámtlan um skipulegar rannsóknir á háhitasvæðum landsins. Orku-
stofnun OS82093/JHD13, 176 s.

Ward, P.L. og Sveinbjörn Björnsson 1971: **Microearthquakes, swarms and
the geothermal areas of Iceland.** J. Geophys. Res., 76:
3953-3982.

Þorbjörn Sigurgeirsson 1980: **Segulsvið á fluglinum,** blad 6,
Miðsuðurland. Kort gefið út af Raunvisindastofnun Háskólags,
Reykjavík.

Þorleifur Einarsson 1963: **Askja-Ausbruch 1961 und Askja-Caldera in
Island.** Naturwissensch. Rundschau, 16, 8: 302-306.

Þorvaldur Thoroddsen 1899-1905: **Landskjálftar á Íslandi.** Hið íslenzka
bókmennatafélag: 269 s. Kaupmannahöfn.

Þorvaldur Thoroddsen 1958: **Ferðabók,** I. Snæbjörn Jónsson Co. h.f.:
391 s. Reykjavík.